

Alþingi
Erindi nr. Þ 141 / 807
komudagur 3.12.2012

Atvinnuveganefnd Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Umsögn stjórnar Veiðifélags Árnesinga vegna frumvarps til laga um lax- og silungsveiði (deildir í veiðifélögum o.fl.), 390. mál.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga legst gegn því að framangreint frumvarp verði að lögum. Í frumvarpinu er deildum falið ákvörðunarvald í málum sem heyra undir veiðifélög samkvæmt gildandi rétti. Lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, byggja á því að veiðistjórnun og vernd laxfiska heyri undir viðkomandi veiðifélag. Sama gildir um lög nr. 58/2006, um fiskrækt. Byggir löggjöfin á þeirri meginforsendu að viðkomandi veiðifélag hefur heildaryfirsýn yfir ástand stofna á sínu vatnasvæði og tekur ákvörðun um veiðiálag og fiskrækt á þeim grundvelli með fulltingi Veiðimálastofnunar. Verði frumvarpið að lögum verður búið að dreifa þessu valdi á margar hendur og samræming aðgerða flókin og hætt við að laxfiskastofnunum verði stefnt í hættu. Ákvæði frumvarpsins um aukin verkefni deilda minka því möguleikana á að markmiðum laga um lax- og silungsveiði og laga um fiskrækt verði náð og er það alvarlegt mál.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga skorar á nefndarmenn að lesa rækilega meðfylgjandi gögn nr. I til III. Með því geta þeir sett sig vel inn í málið og áttað sig á hvaða afleiðingar það myndi hafa ef frumvarp þetta yrði að lögum. Stjórn Veiðifélags Árnesinga hefur unnið þétt við hlið Veiðimálastofnunar við að tryggja viðgang okkar náttúrulegu laxastofna. Eins og fylgiskjal II ber með sér þá hefur Fiskistofa hins vegar falið deildum aukið vald þvert á lög og hunsað álit fiskifræðinga Veiðimálastofnunar. Frumvarpi þessu er ætlað að lögfesta þá lögleysu og óskar stjórn Veiðifélags Árnesinga eftir því við hvern og einn nefndarmann að þeir komi í veg fyrir það. Með því tryggja nefndarmenn að Veiðifélag Árnesinga og Veiðimálastofnun geta haldið áfram að tryggja viðgang okkar einstöku ferskvatnsfiskistofna.

Vekur stjórn Veiðifélags Árnesinga athygli nefndarmanna á mikilvægi þess að afla umsagnar Veiðimálastofnunar á þessu frumvarpi því þeir hafi mestu þekkinguna á mikilvægi þess að stjórn þessara mála sé á einni hendi, þ.e. hjá veiðifélagi, í samvinnu við vísindamenn stofnunarinnar.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga telur sér ekki fært að gera athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins þar sem frumvarpið veikir þá vernd sem laxastofnunum er fengin í nógildandi lögum og útilokar samræmda veiðistýringu. Frumvarpið rýmir einnig út þeim sveigjanleika veiðifélaga að geta starfað í deildum þar sem þannig háttar til og þar með möguleika á að leigja út einstaka ár. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnuð verði ný veiðifélög í stað starfandi deilda með tilheyrandi óvissu og ósamræmi. Óframkvæmanlegt er að deildaskipta öllu Veiðifélagi Árnesinga og löggjafanum óheimilt að skylda menn að vera í slíkum deildum þar sem veiðifélagið sjálft er komið með takmarkað og óskýrt hlutverk.


Stjórn Veiðifélags Árnesinga getur ekki áttað sig á hvaða lögvörðu hagsmunir það eru sem frumvarpi þessu er ætlað að tryggja og falla undir lax- og silungsveiðilöggjöfina.

Stjórnin telur að tilefni sé til að endurskrifa nógildandi ákvæði um deildir og taka af allan vafa um að eina hlutverk deilda sé að ráðstafa veiði með þeim skilyrðum sem aðalfundur veiðifélagsins setur auk ákvæðis um arðskrá deilda og hvernig staðið skuli að stofnun deilda. Að mati stjórnar Veiðifélags Árnesinga verður þetta ekki gert með breytingum á þessu frumvarpi enda því ætlað að kolvarpa núverandi kerfi en tillögur stjórnarinnar ætlað að festa nógildandi rétt í sessi, reglur sem virtar hafa verið og gefist vel í yfir 50 ár hjá félaginu og engum dottið í hug að túlka með öðrum hætti fyrr en nú.

Meðfylgjandi gögn:

- I. Bréf VÁ til ráðherra, dags. 04.10.2012.
- II. Beiðni VÁ til ráðherra um að frumvarpið verði ekki lagt fram, dags. 04.10.2012.
- III. Kæra á ákvörðunum Fiskistofu til ráðherra, dags. 04.10.2012.

Kaldaðarnesi, 2. desember 2012,



f.h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson, formaður.

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra,
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið,
Skúlagötu 4,
150 Reykjavík.



Meðfylgjandi er kæra Veiðifélags Árnesinga á þeim ólögumætu ákvörðunum Fiskistofu að staðfesta nýtingaráætlanir deilda og að leita ekki eftir samræmdum umsögnum Veiðimálastofnunar vegna fiskræktaráætlana.

Einnig er meðfylgjandi athugasemdir Veiðifélags Árnesinga við fyrirhugað frumvarp til laga um breytingar ákvæði lax- og silungsveiðilaga um deildir.

Meðfylgjandi erindi byggja á samdóma álitni allra sjö stjórnarmanna Veiðifélags Árnesinga en þeir eru fulltrúar hátt á þriðja hundrað jarða í Árnessýslu.

Selfossi, 4. október 2012,

Stjórn Veiðifélags Árnesinga,

Bjarni Ófeigur Valdimarsson

Bjarni Ófeigur Valdimarsson, Fjalli II,

Jörundur Gauksson

Jörundur Gauksson, Kaldaðarnesi,

Kjartan Helgason

Kjartan Helgason, Haga í Grímsnesi,

Tryggvi Steinarsson

Tryggvi Steinarsson, Hlíð,

Guðmundur Þorvaldsson

Guðmundur Þorvaldsson, Bíldsfalli,

Ketill Ágústsson

Ketill Ágústsson, Brúnastöðum,

Stefán Jónsson


Stefán Jónsson, Hrepphólum,

Þráinn Jónsson

Þráinn Jónsson, Miklaholti.

100

100



Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra,
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið,
Skúlagötu 4,
150 Reykjavík.

Efni: Beiðni stjórnar Veiðfélags Árneseinga (VÁ) um að frumvarp til breytinga á 4. mgr. 39 gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006 um deildir verði ekki lagt fram á Aþingi óbreytt.

I. Staðhættir á vatnsviði Ölfusár og Hvítár.

Ölfusá er vatnsmesta á landsins. Í hana rennur Hvítá en upptök hennar eru í Hvítárvatni undir Langjökli. Hvítá er fiskgeng að Gullfossi um 95 km frá sjó. Helstu þverár Hvítár að austan eru Dalsá-Fossá og Stóra-Laxá. Litla-Laxá fellur í Stóru-Laxá nálægt ósi hennar við Hvítá. Að vestan renna, talið ofan frá, Tungufljót, Brúará, Slauka sem er afrennsli Hestvatns, Höskuldslækur og Sog. Heitir aðaláin eftir það Ölfusá. Í Ölfusá að vestan rennur Varmá-Þorleifslækur. Fiskgengt er frá sjó í framangreindar ár ásamt smærri lækjum. Samtals er fiskgengt frá náttúrunnar hendi í um 284 km, þ.e. meginvatnsfallið Hvítá og Ölfusá um 84 km. Fiski er gengt í um 22,5 km² af stöðuvötnum. Tungufljót er fiskgengt frá náttúrunnar hendi að Vatnsleysufossi (Faxa) en vegna stiga þar er nú fiskgengt að stíflu við Sandvatn, einnig er gengt fiski í þverár þess ofan stigans.

II. Veiðiaðferðir og ráðstöfun veiði á félagssvæði Veiðfélags Árneseinga.

Veitt hefur verið í net og á stöng á félagssvæðinu. Félagsmenn hafa í áratugi verið sammála um hvernig ráðstafa skuli veiði og hefur aðalfundur ákveðið að hver veiði fyrir sínu landi. Ákvörðun um ráðstöfun veiði er tekin ár frá ári og eru allir félagsmenn bundnir af ákvörðun aðalfundar. Tvær deildir hafa verið starfandi á félagssvæði VÁ. Stóra-Laxárdeild var stofnuð fyrir meira en 50 árum en Tungufljótsdeild er nýlega stofnuð. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og hafa deildir á grundvelli ákvörðunar um að hver veiði fyrir sínu landi getað leigt út árnar í heild til stangveiðifélaga og notið sameiginlegs arðs af veiðinni. Mikilvægt er að þessi möguleiki verði áfram fyrir hendi og ný lög taki ekki þennan sveigjanleika úr gildandi lögum.

11

III. Löggjöfin um deildir og samþykktir VÁ.

Í 39. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, er eftirfarandi ákvæði um stofnun deilda:

Í samþykktum má ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur.

Í 13. gr. samþykpta Veiðifélags Árnésinga nr. 991 frá 10.10.2008 kemur eftirfarandi fram:

Heimilt er að félagið starfi í deildum ef aðalfundur Veiðifélags Árnésinga samþykkir og þess sé getið í fundarboði að stofna eigi deild. Starfssvæði deilda skulu ákveðin á aðalfundi Veiðifélags Árnésinga á sama hátt. Verkefni deilda er að ráðstafa veiði og annast framkvæmdir á starfssvæðum sínum samkvæmt ákvörðun aðalfundar Veiðifélags Árnésinga um veiðifyrirkomulag ár hvert.

Stjórn deilda skal skipuð þrem mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi í viðkomandi deild til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár. Að öðru leyti gildir samþykkt Veiðifélags Árnésinga einnig fyrir deildir.

Stjórn VÁ telur að verksvið deilda sé skýrt samkvæmt núgildandi lögum og hvorki tilefni né ástæða til að breyta gildandi rétti. Verksvið þeirra er að ráðstafa sameiginlega veiði á starfssvæðum sínum eftir ákvörðun aðalfundar VÁ um veiðifyrirkomulag ár hvert. Aðalfundur VÁ hefur undanfarna áratugi ákveðið að hver veiði fyrir sínu landi. Þegar það liggur fyrir reynir á hvort stofnuð hafi verið deild eða ekki. Þar sem stofnuð hefur verið deild gefst henni tækifæri á að ráðstafa veiði sameiginlega til þriðja manns/stangveiðifélags og án þess að allir innan deildarinnar þurfi að vera því sammála. Með þessari aðferð hefur Stóra-Laxá og Tungufljót verið leigðar út og væntanlega gefið félagsmönnum við ána möguleika á að auka veiðitekjur sínar. Eins og lagaákvæðið ber með sér er deild veitt heimild til að ákveða hvort hver veiði fyrir sínu landi eða hvort hún leigi út viðkomandi á í heild til þriðja manns/stangveiðifélags. Önnur lögboðin verkefni eru í höndum veiðifélags en ekki deilda enda hefði það annars verið talið upp í lögnum. Það er ekki fyrr en Fiskstofa staðfestir að deildir hafi fleiri verkefni en þetta að vandamálin byrja. Ítarlega er gerð grein fyrir því í meðfylgjandi kæru til ráðherra að það sé ekki í verkahring deilda heldur veiðifélaga að setja sér fiskræktar- og nýtingaráætlun, sjá fylgiskjal A. Þegar menn átta sig á að löggjafinn hafi aðeins falið deildum þetta afmarkaða hlutverk kemur í ljós að ekki er þörf á að breyta gildandi rétti um verksvið deilda.

IV. Framkvæmd Veiðifélags Árnésinga varðandi deildir.

Eins og rakið er hér að framan er kveðið á um deildir og heimild til að stofna deild í samþykktum VÁ. Tvær deildir eru starfræktar og hafa þær sett sér samþykktir. Stóra-

Laxá setti sér arðskrá sem er m.a. byggð á arðskrá VÁ. Tungufljót hefur ekki sett sér enn sem komið er arðskrá og tilefni er til að löggjafinn setji skýrar reglur um þær hjá deildum en það liggur í hlutarins eðli að sá sem ráðstafar veiði ráðstafar einnig arðinum. Deildirnar hafa báðar frá stofnun tekið ákvörðun um að leigja árnar út í heild til stangveiðifélaga. Byggir það eins og áður segir að aðalfundur VÁ hefur áður tekið ákvörðun fyrir næstkomandi veiðitímabil að hver veiði fyrir sínu landi. Eru því deildir eins og allir aðrir félagsmenn VÁ bundir af því hver ákvörðun aðalfundar VÁ er ár frá ári. Fullkomið jafnræði ríkir því milli félagsmanna hvort sem þeir eru í deild eða ekki því engin getur ráðstafað veiði lengur en eitt ár í senn nema sérstakt samþykki aðalfundar liggja fyrir þar um. Af þessu leiðir að ekki getur verið um ójafnvægi að ræða milli félagsmanna varðandi atkvæðisrétt í þeim tilvikum þar sem félagsmaður bæði greiðir atkvæði á aðalfundi deildar og á aðalfundi VÁ. Ákveði aðalfundur VÁ annað en að hver veiði fyrir sínu landi eru fosendur fyrir útleigu deilda brostnar og félagið ráðstafar veiði á svæðinu með öðrum hætti. Er þetta gott dæmi um hvernig skylduaðild að veiðifélagi takmarkar ráðstöfunarrétt félagsmanna á veiði án þess að um mismunun þeirra innbyrðis sé að ræða.

V. Framkvæmd Fiskistofu varðandi deildir.

Eins og rakið er ítarlega í kæru til ráðherra, fylgiskjal A, hefur Fiskistofa staðfest nýtingaráætlanir fyrir báðar deildir VÁ. Fiskistofa hefur með því falið deildum fleiri verkefni en löggjöfin kveður á um. Eins og rakið var í kæru hefur það lengi verið persónuleg skoðun Árna Ísakssonar, forstöðumanns Lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, að deildir eigi að hafa mikil völd eða stofna skuli sérstök veiðifélög um hverja veiðiá á félagssvæði VÁ líkt og gert sé í Borgarfirði. Sú skoðun hefur m.a. komið fram á fundum með stjórnarmönnum og í fylgiskjólum nr. 7 og 11 með kæru. Allt er þetta í andstöðu við gildandi löggjöf. Á einum fundanna með Árna lagði hann fram kort þar sem hann sýndi skipulag veiðifélaga í ám Borgarfjarðar og benti á að þróa þyrfti skipulag VÁ í samræmi við það, fylgiskjal B – tvö kort. Sú ákvörðun Fiskistofu að fela deildum aukin verkefni verða aðeins skýrð með þeim hætti að yfimaður æðsta stjórnvalds í lax- og silungsveiðmálum vill sjálfur að fyrirkomulagið sé með öðrum hætti en lög leyfa og beitti hann valdi sínu til að koma á ólögsmætu ástandi með því að staðfesta nýtingaráætlanir deilda. Til þess þyrfti Fiskistofa að sniðganga Veiðimálastöfnun eins og rakið er í kæru. Virðist þetta hafa verið áfangi á leið Árna/Fiskistofu til að breyta lögunum enda er hann einn af höfundum þessa frumvarps til breytinga á ákvæði lax- og silungsveiðllaga um deildir og með því er kerfi VÁ kollvarpað og að mörgu leyti er hið ólögsmæta ástand sem Fiskistofa kom á lögfest.

VI. 2. gr. frumvarpsins og áhrif giidistöku þess á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga, fylgiskjöl C og D.

Veiðifélag Árnesinga er langstærsta veiðifélag landsins og í því eru hátt á þriðja hundrað jarðir. Taki 2. gr. frumvarpsins giidi kollvarpar það núverandi skipan Veiðifélags Árnesinga og leiðir til nýrrar skipanar sem yrði í andstöðu við markmið laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, og lög nr. 58/2006, um fiskrækt. Eins og rakið er í kæru, fylgiskjal A, byggir löggjöfin á verndun laxastofnanna og í því skyni fallið veiðifélögum að setja sér fiskræktar- og nýtingaráætlanir. Byggja slíkar áætlanir á heildarmati á ástandi og veiðipoli einstakra stofna og á vatnasviði Ölfusár og Hvítár verður það ekki gert nema að einn aðili hafi yfirsýn yfir alla stofna svæðisins en eins og áður er veitt úr blönduðum stofnum þar sem margar ár hafa sama ós til sjávar. Verði frumvarpið að lögum þá verður VÁ gert að deildaskipta öllu félaginu ef það vill áfram starfrækja núverandi deildir og deildir munu fá aukin verkefni frá því sem er í núgildandi lögum, t.d. að setja sér nýtingaráætlun. Verður því framangreint hlutverk að vernda laxastofnana í margra höndum og fallið til að skerða þá vernd sem þeim er ætluð samkvæmt gildandi rétti. Jafnvel þótt VÁ ákveði að starfa sem eitt félag án deilda er kveðið á um það í frumvarpinu að eftir sem áður geti félagsmenn í starfandi deild ákveðið að stofna sjálfstætt veiðifélag. Verkefnin flytjast þá alfarið frá VÁ til nýstofnaðra veiðifélaga og til þess fallið að skerða vernd fiskistofnanna. Ekki má gleyma að sérstaklega hagar til á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár og VÁ gerir sér grein fyrir að veiðistjórnun á vatnasvæðinu er flókin. Kemur það til eins og áður er rakið vegna blandaðrar veiði, neta og stangveiði, einnig vegna jökulvatns í meginfarvegi og bergvatns í hliðarám. Að dreifa veiðistjórnun á sama veiðisvæði með stofnun deilda og/eða veiðifélaga er glórulaust. Ef einhver alvara er að baki að ná markmiðum laga um sjálfbærni og fylgja varúðarreglunni er ófært að löggjafinn neyði nú menn til að brjóta upp félagið. VÁ hefur unnið mikið starf til að tryggja viðgang og sjálfbærni fiskistofnanna og nú er kominn tími til að Fiskistofa fari að lögum og tryggi þar með árangur vinnu VÁ við að tryggja vernd og viðgang fiskistofna.

VII. Breytt frumvarp.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga óskar eftir því að framangreint frumvarp verði ekki lagt fram á Alþingi enda óframkvæmanlegt á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár.

Að mati stjórnar VÁ er frumvarpið óskýrt og nauðsynlegt að gera á því verulegar breytingar aðrar en þegar hafa fram komið. Má þar nefna ákvæði um stofnun deilda, hugtakarugling og alhæfingu um að að félagsmenn beri ótakmarkaða fjárhagslega ábyrgð, þ.e. á skuldbindingum veiðifélags þannig að lánadrottinn geti gengið að einum félagsmanni fyrir allri fjárhæð skuldarinnar.

Stjórn VÁ telur þó fullt tilefni til að löggjafinn endurskrifi löggjöfina og festi í sessi að hlutverk deilda sé eingöngu bundið við að ráðstafa veiði, þ.e. að hver veiði fyrir sínu landi eða viðkomandi á sé leigð út til þriðja manns. Kveða þarf m.a. á um það í lögum

að frumkvæði að stofnun deilda komi frá tilteknum fjölda félagsmanna á fyrirhuguðu starfssvæði deildarinnar og veita deild heimild til að setja sér arðskrá.

VÁ telur ófært að breytingar á ákvæði um deildir séu unnar án samvinnu við það félag sem breytingin kemur mest við og bendir á mikilvægi þess að þess verði gætt við endurskoðun á þessu frumvarpi.

Fylgiskjöl:

- A. Kæra til Fiskistofu vegna ákvörðunar um að staðfesta nýtingaráætlanir deilda o.fl., dags. 04.10.2012 ásamt eftirfarandi fylgiskjöllum:
1. Bréf VÁ vegna frumvarps til breytinga á ákvæðum lax og silungsveiðilaga um deildir, dags. 04.10.2012.
 2. Fiskræktaráætlun VÁ frá febrúar 2009 (4 blöð).
 3. Umsögn Veiðimálastofnunar um fiskræktaráætlun VÁ, dags. 07.10.2009.
 4. Umsögn Veiðimálastofnunar um þörf á fiskrækt á félagsvæði VÁ, dags. 01.07.2011.
 5. Umsögn Veiðimálastofnunar um fiskræktaráætlun VÁ, dags. 02.02.2011.
 6. Bréf VÁ til Fiskistofu vegna fiskræktaráætlunar og samræmdra umsagna, dags. 25.06.2011.
 7. Tölvupóstur frá Árna Ísakssyni til Jörundur Gaukssonar, formanns VÁ, um fiskrækt og stofnun deilda, dags. 07.08.2011.
 8. Svarbréf Fiskistofu til VÁ vegna fiskræktaráætlunar og samræmdra umsagna, dags. 23.09.2011.
 9. Fiskræktaráætlun VÁ, dags. 20.04.2010.
 10. Bréf VÁ til Fiskistofu vegna andmælaréttar deilda við fiskræktaráætlun, dags. 09.04.2011.
 11. Svarbréf Fiskistofu vegna umsagna deilda og andmælaréttar VÁ o.fl., dags. 30.05.2011.
 12. Álitsgerð Lex lögmannsstofu um stöðu deilda innan veiðifélaga, dags. 26.03.2012.
 13. Bréf VÁ til Fiskistofu um nýtingaráætlanir deilda og kröfu um afturköllun, dags. 25.06.2011.
 14. Svarbréf Fiskistofu vegna nýtingaráætlana deilda, dags. 04.07.2011, ásamt 6 fylgiskjöllum.
 15. Nýtingaráætlun VÁ fyrir laxveiði, dags. í febrúar 2009.
 16. Umsögn Veiðimálastofnunar um nýtingaráætlun VÁ, dags. 06.07.2009.
 17. Tvær nýtingaráætlanir Tungufljótsdeildar, dags. 17.05.2011.
 18. Umsögn Veiðimálastofnunar vegna nýtingaráætlunar Tungufljótsdeildar, dags. 05.05.2011.
 19. Nýtingaráætlun Stóru-Laxárdeildar, dags. 28.03.2011.
 20. Tölvupóstur frá Veiðimálastofnun um að stofnunin hafi ekki fengið nýtingaráætlun Stóru-Laxárdeildar til umsagnar frá Fiskistofu, dags. 16.05.2011.
 21. Bréf formanns Stóru-Laxárdeildar til VÁ um veiðitíma sumarið 2011, dags. 17.05.2011.
 22. Tilkynning starfshóps um að ekki verði að svo stöddu ráðist í breytingar á ákvæði laga um deildir, dags. 03.03.2012.
- B. Kort frá Fiskistofu, afhent Jörundi Gaukssyni formanni VÁ á fundi á árinu 2010.
- C. Frumvarpið.
- D. Bréf VÁ til vinnhóps ráðherra, dags. 27.02.2012.

Selfossi, 4. október 2012,

Stjórn Veiðifélags Árnesinga
Valdimarsson
 Bjarni Ófeigur Valdimarsson, Fjalli II,

Jörundur Gauksson
 Jörundur Gauksson, Kaldaðarnesi,

Kjartan Helgason
 Kjartan Helgason, Haga í Grímsnesi,

Tryggvi Steinarsson
 Tryggvi Steinarsson, Hlíð,

Guðmundur Þorvaldsson
 Guðmundur Þorvaldsson, Bíldsfelli,


Ketill Ágústsson
 Ketill Ágústsson, Brúnastöðum,

Stefán Jónsson
 Stefán Jónsson, Hrepphólum,

Þráinn Jónsson
 Þráinn Jónsson, Miklaholti.

Þróun í stofnun veiðifélaga í Árnes- og Rangárvallasýslum

B




Ósjálfstæðar deildir án samþykktu eru sýndar með rauðu.

Sjálfstæð veiðifélög með samþykktir eru sýnd með svörtu.

Árnes
Rangárvallasýslum
maí 2016
Hólar

B

Þróun í stofnun veiðifélaga í Borgarfirði



Starfshópur skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 17. nóvember 2011, um endurskoðunn laga og reglugerða um starfsemi veiðifélaga og arðskrár veiðifélaga o.fl. Drög 27.08.2012.

Frumvarp
til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006, um
lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.
(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013.)

1. gr.

1. másl. 2. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um stangveiði á veiðisvæði sínu fyrir tilgreindan árafjölda.

2. gr.

4. mgr. 39. gr. laganna verður svohljóðandi:

Í samþykktum má kveða á um að veiðifélag skuli starfa í deildum, enda taki ákvæðið til alls félagssvæðisins og hver deild taki yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Í samþykktum veiðifélagsins skal tilgreina þær deildir sem starfa á félagssvæðinu og umdæmi þeirra. Hver deild skal setja sér samþykktir sem aðalfundur veiðifélags samþykkir og Fiskistofa staðfestir og birtir í Stjórnartíðindum. Um deildir innan veiðifélaga gilda eftirfarandi ákvæði:

- a. Deild ráðstafar veiði og arði í sínu umdæmi
- b. Deild heldur arðskrá og gilda um hana sömu reglur og koma fram í 41. gr.
- c. Deild setur sér nýtingaráætlanir í samræmi við fyrirmæli laganna.
- d. Heimilt er deild að setja sér fiskræktaráætlun enda liggi fyrir samþykki veiðifélags.
- e. Ákvarðanir í deildum sem skuldbinda alla félagsmenn skulu bornar upp til samþykktar á aðalfundi veiðifélags. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um stofnun og starfsemi deilda eftir því sem við á.
- f. Með breytingum á samþykktum veiðifélaga má afnema deildaskiptingu veiðifélagsins eða breyta umdæmi starfandi deilda. Nú tekur félagsfundur ákvörðun um að afnema deildaskiptingu veiðifélags og getur þá félagsfundur í deild óskað eftir að stofna veiðifélag á starfssvæði deildarinnar (sbr. 2. mgr. 38. gr.) Um fjáhagslegan aðskilnað veiðifélags og deildar fer samkvæmt VII. kafla.
- g. Nú starfar veiðifélag í deildum og er þá heimilt að setja ákvæði í samþykkt veiðifélagsins um að fulltrúar deilda skuli eiga sæti í stjórn þess.

3. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á 5. mgr. 41. gr. laganna:

- a) Í stað 1.-4. mgr. í 1. másl. 5. mgr. kemur: 1.-3. mgr.
- b) 2. másl. 5. mgr. fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samþykktum veiðifélaga sem starfa í deildum skal breytt til samræmis við fyrirmæli laga þessara í síðasta lagi innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Almennar athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á grundvelli tillagna starfshóps sem ráðherra skipaði þann 17. nóvember 2011, til að endurskoða reglugerð nr. 1024/2006, um starfsemi veiðifélaga og einnig reglugerð nr. 412/2007, um arðskrár veiðifélaga, en báðar reglugerðirnar eru settar samkvæmt heimildum í lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Forsaga málsins er sú að hinn 1. júlí 2006 tóku gildi ný lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Við framkvæmd laganna hefur komið í ljós að gera þarf tilteknar breytingar og lagfæringar á lögnum.

Hinn 17. nóvember 2011 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að endurskoða reglugerð nr. 1024/2006, um starfsemi veiðifélaga og einnig reglugerð nr. 412/2007, um arðskrár veiðifélaga, en báðar reglugerðirnar eru settar samkvæmt heimildum í lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Í skilabréfi starfshópsins til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 25. janúar 2012, komu fram tillögur starfshópsins að breytingum á gildandi reglugerðum um starfsemi veiðifélaga og arðskrár veiðifélaga auk þess sem því fylgdi fylgiskjal 1 með drögum að nýrri reglugerð um arðskrár veiðifélaga. Einnig kom fram í skilabréfinu að starfshópurinn taldi nauðsynlegt að setja í reglugerð um starfsemi veiðifélaga ákvæði um starfsemi deilda. Við vinnu starfshópsins hafi hins vegar komið í ljós að ákvæði 4. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, sem hefur að geyma heimild til að stofna deildir í veiðifélögum, sé svo óljóst að ekki sé unnt að byggja á því ný og ítarlegri ákvæði í reglugerð um starfsemi deilda í veiðifélögum, með því efni sem starfshópurinn taldi nauðsynlegt. Af því tilefni lagði starfshópurinn til við ráðherra að unnið yrði frumvarp með þeim breytingum á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, sem nauðsynlegar yrðu taldar til að unnt yrði að setja nánari ákvæði um starfsemi deilda í reglugerð. Því taldi starfshópurinn á því stigi ekki rétt að skila drögum að nýrri reglugerð um starfsemi veiðifélaga fyrr en breytingar hefðu verið gerðar á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákvæð af þessu tilefni að fela starfshópnum að semja frumvarp til laga um framangreindar breytingar á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Núgildandi ákvæði um deildir í veiðifélögum er að finna í 4. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði en þar kemur fram að heimilt sé að ákveða í samþykktum að veiðifélag skuli starfa í deildum.

Umrætt ákvæði 4. mgr. 39. gr. laganna hefur verið óbreytt í lögum frá árinu 1957, þegar sett voru lög nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði. Ákvæðið var þá að finna í 3. mgr. 69. gr. laganna, með sama efni og það er í gildandi lögum. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði voru engar skýringar með ákvæðinu aðrar en þær að þetta hafi gefist vel í framkvæmd og því væri ástæða til að lögfesta slíkt ákvæði.

Þá hefur í síðari löggjöf aðeins verið vísað til þess að sambærilegt ákvæði hafi verið í eldri löggjöf um lax- og silungsveiði.

Framangreint ákvæði hefur verið framkvæmt með ýmsum hætti eftir að það var lögfest og ýmis álitæfni komið upp, t.d. varðandi meðferð atkvæðisréttar í veiðifélögum sem ekki eru deildaskipt að öllu leyti, og starfrækja deildir um hluta félagssvæðisins. Í þeim tilvikum hafa félagsmenn deilda atkvæðisrétt á svæði deildar og einnig atkvæðisrétt á fundum í veiðifélaginu þegar verið er að ráðstafa veiði á öðrum svæðum félagsins þar sem þeir eiga ekki beinna hagsmuna að gæta. Þetta fyrirkomulag leiðir til ójöfnuðar þar sem félagsmenn í deildum hafa ríkari atkvæðisrétt en félagsmenn á öðrum svæðum í veiðifélagi sem ekki starfa í deildum.

Sjálfstæði deilda samkvæmt núgildandi lögum er mjög takmarkað. Margar deildir í veiðifélögum starfa hins vegar eins og um væri að ræða sjálfstæð veiðifélög. Þá hafa deildaskipt veiðifélög í einstökum tilvikum starfað sem fulltrúafélög deilda en heimild til þess er ekki í gildandi lögum. Af þessum sökum er nauðsynlegt að setja skýrari ákvæði í löggjöfina um þetta efni enda verður einnig að líta til skylduaðildar veiðiréttareigenda að veiðifélögum. Óljós ákvæði gildandi

laga um starfsemi deilda innan veiðifélaga hafa leitt til ágreinings innan veiðifélaga og réttaróvissu við framkvæmd laganna þar sem sjálfstæði deilda er mjög takmarkað í gildandi löggjöf. Þá er starfsgrundvöllur deilda ótryggur þar sem veiðifélag getur ákveðið á fundi að leggja deild niður ef svo ber undir. Af þessu leiðir að deild getur ekki ráðstafað veiði til lengri tíma en eins árs í senn.

Starfshópurinn hefur fjallað um tvo kosti við breytingu á lögnum, þ.e. annars vegar að fella brott ákvæðið í 4. mgr. 39. gr. laganna um heimild veiðifélaga til að starfa í deildum eða setja skýrari ákvæði í lögum um starfsemi deilda. Niðurstaða starfshópsins var sú að velja síðari kostinn. Ástæður þess eru m.a. að nú starfar mikill fjöldi deilda í veiðifélögum og breyting á því fyrirkomulagi myndi augljóslega valda mikilli röskun.

Fyrir liggur álitgerð LEX lögmannsstofu, sem unnin var að beiðni Landssambands veiðifélaga um réttarstöðu deilda í veiðifélögum og er að finna á vefsíðunni: www.angling.is. Þá ályktaði Landssamband veiðifélaga um mál þetta á aðalfundi sínum á Húsavík 8.-9. júní 2012. Með frumvarpi þessu fylgir listi yfir deildir í veiðifélögum á landinu og einnig ályktun aðalfundar Landssambands veiðifélaga um nauðsyn á endurskoðun ákvæðis laganna um deildir í veiðifélögum.

Með vísan til framanritaðs hefur við samningu frumvarpsins verið reynt að tryggja að ákvæði um deildir í veiðifélögum í lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, verði skýr og auðveld í framkvæmd og einnig að jafnræði verði milli félagsmanna deilda og almennra félagsmanna í veiðifélögum. Með frumvarpinu hefur einnig verið reynt að tryggja að skýr lagarammi verði um starfsemi veiðifélaga og deilda innan þeirra, þannig að lagastoð sé til að setja reglugerð um starfsemi deilda.

Einnig eru í frumvarpinu nokkur ákvæði um breytingar á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, sem talið var rétt að gera með sama frumvarpi.

Helstu breytingar sem lagðar eru til á gildandi lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, eru samkvæmt framanrituðu eftirfarandi:

- 1) Lagt er til að breytt verði ákvæðum um tímamörk reglna sem veiðifélag eða veiðréttarhafar, þar sem ekki starfa veiðifélög, setja um stangveiði á veiðisvæði sínu. Samkvæmt gildandi lögum skulu slíkar reglur gilda í átta ár.
- 2) Einnig er lagt til að breytt verði gildandi ákvæði 4. mgr. 39. gr. laganna um starfsemi deilda í veiðifélögum. Samkvæmt því verður áfram heimild í lögum til að starfrækja deildir í veiðifélögum en þá skuli skipta öllu veiðifélaginu í deildir. Einnig eru þar settar ýmsar reglur um starfsemi deilda í veiðifélögum.
- 3) Þá er gerð tillaga um að breytt verði ákvæði 1. másl. 5. mgr. 41. gr. laganna og að felldur verði brott 2. másl. 5. mgr. 41. gr. laganna þar sem það ákvæði er ekki í samræmi við meginefni laganna um gildistöku arðskrár sem unnin er af matsnefnd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að fellt verði brott ákvæði um tímamörk reglna sem veiðifélag eða veiðréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, setja um stangveiði á veiðisvæði sínu, þ.e. eldra ákvæði um að slíkar reglur skuli gilda í átta ár. Ástæða breytinganna er sú að óheppilegt þykir að binda gildistíma við ákveðið árabíl þar sem aðstæður geta verið breytilegar. Því er nauðsynlegt að nokkur sveigjanleiki sé fyrir hendi þegar ákveðinn er sá tímarammi sem nýtingaráætlunin tekur til.

Um 2. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að sett verði nýtt ákvæði um starfsemi deilda í veiðifélögum en þar er gert ráð fyrir að ákvörðun um að deildaskipta veiðifélagi sé tekin á aðalfundi með breytingum á samþykktum veiðifélags. M.a. er í frumvarpinu gert ráð fyrir auknu sjálfstæði deilda

sem þannig ráðstafi veiði á sínu svæði án samþykkis aðalfundar veiðifélags. Með lögnum er tryggður réttur deilda til að setja sér samþykktir og arðskrá og halda sjálfstæðan fjárhag en slíkar heimildir er ekki að finna í gildandi lögum. Einnig er þar gert ráð fyrir að deild setji sér nýtingaráætlanir í samræmi við ákvæði laganna. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að deildir geti gert fiskrættaráætlanir nema veiðifélag samþykki. Ennfremur eru þar önnur ákvæði um starfsemi deilda sem nauðsynleg eru talin sem og ákvæði um að ákvarðanir í deildum sem skuldbinda alla félagsmenn skuli bornar upp til samþykktar á fundi veiðifélags. Þetta á sérstaklega við þegar teknar eru ákvarðanir sem skuldbinda deildir fjárhagslega í ljósi þess að félagsmenn í veiðifélagi bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess. Þegar veiðifélag fer með réttindi deilda skal við ákvörðun um réttindi og skyldur leggja til grundvallar verðmæti veiði á öllu félagssvæðinu. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um starfsemi deilda eftir því sem við á og tekur deild í veiðifélagi á sig lögboðnar skyldur gagnvart opinberum aðilum s.s. Fiskistofu og Fiskræktarsjóði. Þá kemur fram í ákvæðinu að með breytingum á samþykktum veiðifélaga má afnema deildaskiptingu veiðifélagsins eða breyta umdæmi starfandi deilda. Loks er þar kveðið á um að ef félagsfundur tekur ákvörðun um að afnema deildaskiptingu veiðifélags geti félagsfundur í deild óskað eftir að stofna veiðifélag á starfssvæði deildarinnar, sbr. 2. mgr. 38. gr. Um fjárhagslegan aðskilnað veiðifélags og deildar fer samkvæmt VII. kafla lagana en gert er ráð fyrir að rísi ágreiningur um fjárhagslegt uppgjör geti aðilar leitað eftir úrskurði matsnefndar skv. VII. kafla laganna. Að öðru leyti má gera ráð fyrir að veiðifélagið muni setja almennar reglur sem ná til allra deilda til að tryggja að náð verði markmiðum laganna um sjálfbæra nýtingu o.fl.

Um 3. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að breytt verði ákvæði 1. málsl. 5. mgr. 41. gr. laganna og að felldur verði brott 2. málsl. 5. mgr. 41. gr. laganna, þar sem hann hefur ekkert raunhæft gildi.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að lögfest verði ákvæði til bráðabirgða þess efnis að samþykktum veiðifélaga sem starfa í deildum skuli breytt til samræmis við fyrirmæli laga þessara í síðasta lagi innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Fylgiskjal 1.

Deildarskipt félög hér á landi ásamt upptalningu á deildum og útgáfuári samþykkt

Veiðifélög og deildir þeirra
Útgáfuár
samþykktar
Athugasemd
Veiðifélag Svalbarðsár 2010
Svalbarðsárdeild
Tungárdeild
Veiðifélag Hafralónsár 2007
Kverkárdeild
Veiðifélag Jökulsár á Dal 2007
Veiðifélag Kaldár í Jökulsárhlíð 2007
Veiðifélag Laxár í Jökulsárhlíð 2009
Veiðifélag Lagarfljóts 2007
Heimild til stofnunar deilda
Veiðifélag Hornafjarðar 2005
Laxárdeild
Hoffellsárdeild
Veiðifélag Skaftár 2008
Geirlandsár- og Breiðbalakvíslar-deild
Hörgsárdeild
Vatnamótadeild
Tungulækjardeild
Skaftárdeild
Fossárdeild
Holtsár-deild
Fjaðurárdeild
Veiðifélag Rangæinga 1994
Veiðifélag Þverár í Fljótshlíð
Veiðifélag Eystri-Rangár
Veiðifélag eystri bakka Hólsár og neðri hluta Þverár 2009
Veiðifélag Hróarslækjar 2012
Veiðifélag Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár 2009
Veiðifélag Þjórsár 1972
Veiðifélag Kálfár 2011
Veiðifélag Árnesinga 2008
Veiðideild Stóru-Laxár 2007
Veiðifélagsdeild Tungufljóts 2010

Fylgiskjal 2.

Ályktun Landssambands veiðifélaga á aðalfundi á Húsavík dagana 8.-9. júní 2012.



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA 

Bandahöllin v/Hagalorg • 107 Reykjavík • Sími 553 1510 / 563 0300 • Símbraf 568 4363

www.angling.is • angling@angling.is

**Eftirlarandi ályktun var samþykkt á aðalfundi Landssambands veiðifélaga,
sem haldinn var á Húsavík dagana 8. – 9. júní 2012.**

Afrit úr fundargerð aðalfundar. / ÁS. 27. ágúst 2012

“Aðalfundur Landssambands veiðifélaga, haldinn á Húsavík dagana 8. – 9. júní 2012, bendir á eftirlarandi:

Sérstakur starfslópur, sem meðal annars skyldi undirbúa setningu reglugerðar um stöðu og starfshætti deilda innan veiðifélaga, hefur komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði laga nr. 61/2006 um þetta efni, séu ekki nægjanlega skýr til að byggja megi reglugerð á þeim.

Lögfræðingur, sem Landssamband veiðifélaga fékk til að vinna álitagerð um þessi mál, komst að sömu niðurstöðu, þarna er því úrháta þörf.

Aðalfundur LV, haldinn á Húsavík dagana 8. og 9. júní 2012, telur nauðsynlegt að marku stefnu samtökanna í þessu máli.

Allsherjarnefnd LV hefur fjallað um þessi mál á fundi sínum og mælir með að gerðar verði breytingar á lögum nr. 61/2006 sem meðal annars geri mögulegt að setja reglugerð er tryggir geti efbirtalin atriði:

Ad áfram verði heimild til að veiðifélög starfi í deildum.

Ad kveða svo á um að sé félag deildaskipt, þá skuli slík skipting taka til alls félagssvæðisins.

Tryggtur verði skýr lagarammi um starfsemi móðurléttaga og deilda innan þeirra. Þannig að unnt sé að byggja reglugerð um starfsemi deilda á þeim.”

Kaldaðarnesi, 27. febrúar 2012.

Óðinn Sigþórsson.

Innlegg stjórnar Veiðifélags Árnesinga vegna endurskoðunar laga og reglna um stofnun og verksvið deilda skv. lax- og silungsveiðilögum.

Í 39 gr laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, er eftirfarandi ákvæði um stofnun deilda:

„Í samþykktum má ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur.“

Í 13. gr. samþykpta Veiðifélags Árnesinga nr. 991 frá 10.10.2008 kemur eftirfarandi fram:

„Heimilt er að félagið starfi í deildum ef aðalfundur Veiðifélags Árnesinga samþykkir og þess sé getið í fundarboði að stofna eigi deild. Starfssvæði deilda skulu ákveðin á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga á sama hátt. Verkefni deilda er að ráðstafa veiði og annast framkvæmdir á starfssvæðum sínum samkvæmt ákvörðun aðalfundar Veiðifélags Árnesinga um veiðifyrirkomulag ár hvert.

Stjórn deilda skal skipuð þrem mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi í viðkomandi deild til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár. Að öðru leyti gildir samþykkt Veiðifélags Árnesinga einnig fyrir deildir.“

Stjórn VÁ vill koma því á framfæri að hún telur að verksvið deilda sé skýrt skv. núgildandi lögum og hvorki tilefni né ástæða til að breyta gildandi rétti. Verksvið þeirra er að ráðstafa sameiginlega veiði á starfsvæðum sínum eftir ákvörðun aðalfundar VÁ um veiðifyrirkomulag ár hvert. Aðalfundur VÁ hefur undanfarna áratugi ákveðið að hver veiði fyrir sínu landi. Þegar það liggur fyrir reynir á hvort stofnuð hafi verið deild eða ekki. Þar sem stofnuð hefur verið deild gefst henni tækifæri á að ráðstafa veiði sameiginlega til þriðja manns og án þess að allir innan deildarinnar þurfi að vera því sammála. Með þessari aðferð hefur Stóra-Laxá verið leigð út og væntanlega gefið félagsmönnum við ánya möguleika á að auka veiðitekjur sínar.



Stjórn VÁ telur að verksvið deilda skv. 39. gr. geti ekki talist óljóst af því tilefni einu að Fiskistofa hafi tekið glórulausa ákvörðun um að fela deildum á félagssvæði VÁ t.t. verkefni sem heyra lögum samkvæmt undir félagið. Er þar átt við gerð nýtingaráætlana sem er lögum samkvæmt í höndum veiðifélags en ekki deilda. Þetta er vandamál sem þarf að leysa og leiðrétta innan Fiskistofu en gefur ekki tilefni til lagabreytinga.

Stjórn VÁ telur hins vegar vanta ákvæði um hvernig standa beri að stofnun deilda og lagaóvissa um það varð t.d. tilefni af deilum við stofnun Tungufljótsdeildar á félagssvæði VÁ. Má þar t.d. benda á að ekki er ákvæði um hversu marga félagsmenn af starfssvæði tilvonandi deildar þarf til svo bera megi stofnun deildar undir aðalfund.


Stjórn VÁ telur að heimildin til að geta starfað í deildum hafi gefist vel á félagssvæði VÁ, hefur t.d. deild verið starfrækt í yfir 50 ár við Stóru-Láxá, og sé mikilvægt að hafa áfram í lögum.

Leggst stjórnin alfarið gegn því að deildum verði falið aukin verkefni. Væri það í andstöðu við hugmyndafræði laganna enda deildum í samræmi við það falið mjög takmarkað verksvið í lögum. Verði gerðar breytingar á þessu fyrirkomulagi, t.d. þannig að deildir skuli gera nýtingar- eða fiskræktaráætlanir o.sfrv, þá þarf að endurskrifa alla löggjöfina. Þá yrði slík breyting til þess að forsendur starfandi deilda væru brostnar enda aðalfundur VÁ ekki samþykkt að fela þeim verkefni félagsins heldur þvert á móti t.d. skilyrt stofnun deildar við Tungufljót þannig að slík verkefni skulu vera í höndum félagsins.

F.h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson, formaður.

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra,
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið,
Skúlagötu 4,
150 Reykjavík.



Efni: Kærðar eru ákvarðanir Fiskistofu þar sem þær eru ekki í samræmi við lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og nr. 58/2006, um fiskrækt.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga (VÁ) fer þess á leit við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að það felli úr gildi eftirfarandi ákvarðanir Fiskistofu:

- A. Staðfestingu Fiskistofu á nýtingaráætlunum fyrir Stóru-Laxárdeild og Tungufljótsdeild.
- B. Ákvörðun Fiskistofu um að ieita ekki eftir umsögn Veiðimálastofnunar sem tæki til fiskræktaráætlana allra veiðifélaga á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár og taki nýja ákvörðun um að það verði gert.

A. Um kröfu VÁ að ráðuneytið felli úr gildi ákvörðun Fiskistofu um að staðfesta nýtingaráætlun fyrir Stóru-Laxárdeild og Tungufljótsdeild.

Stjórn VÁ telur að lögum samkvæmt sé það hlutverk veiðifélaga að gera nýtingaráætlun fyrir allt félagssvæði viðkomandi veiðifélags. Það sé því ekki hlutverk deilda sem starfræktar eru innan veiðifélags að gera nýtingaráætlun. Það hafi því verið ólöglegt ákvörðun hjá Fiskistofu að taka við og staðfesta nýtingaráætlun frá Stóru-Laxárdeild og Tungufljótsdeild. Er því um rangan aðila að ræða og ekki forsendur fyrir Fiskistofu að staðfesta framangreindar nýtingaráætlanir og ber að ógilda þær ákvarðanir.

I. Löggjöf um nýtingaráætlanir.

Stjórn VÁ telur að skýrt í lögum að það sé hlutverk veiðifélaga en ekki deilda að setja sér nýtingaráætlanir. Ákvæði um nýtingaráætlanir koma fram í 17.-20. gr. og 29.- 30. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Í 17. gr. um veiðitíma lax kemur eftirfarandi fram um nýtingaráætlanir:

Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa]¹⁾ staðfesta **að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar**. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],¹⁾ að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Handwritten marks or scribbles in the top left corner.

- Í reglum skv. 4. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:
- fjöldi veiðidaga skv. 1. mgr.,
 - takmarkanir á notkun tiltekinna veiðitækja á ákveðnum tímabilum,
 - ákvörðun um daglegan veiðitíma,
 - ákvörðun um mörk veiðisvæða.

Í greinargerð með 17. gr. frumvarps að lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, kemur eftirfarandi fram um nýtingaráætlanir:

Samkvæmt 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar er **veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki eru veiðifélög**, skylt að setja staðbundnar reglur um veiðitíma og veiðitilhögun í einstökum veiðivötnum, en gildi slíkra reglna er háð staðfestingu Landbúnaðarstofnunar. Eðlilegt þykir að slík reglusetning verði í höndum viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, enda er þar fyrir að fara sérstakri þekkingu á staðháttum í viðkomandi veiðivatni. Vald Landbúnaðarstofnunar til staðfestingar umræddra reglna lýtur að eftirliti með því að fyrir mælum laga sé fylgt **og að í heiðri séu höfð þau líffræðilegu sjónarmið sem umsögn Veiðimálastofnunar tekur til**. Vakin er athygli á þeirri breytingu sem leiða mun af lögfestingu frumvarpsins að ekki er lengur bundið í lög hvenær sólarhringsins stangveiði er stunduð. Veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum er, með samþykki Landbúnaðarstofnunar, ætlað að mæla fyrir um daglegan veiðitíma í einstökum veiðivötnum, eftir því sem þörf krefur á hverjum stað, sbr. nánar ákvæði 5. mgr. Í 5. mgr. frumvarpsgreinarinnar eru talin upp helstu efnisatriði sem staðbundnar reglur fyrir hvert svæði skulu lúta að. Er þar í aðalatriðum um að ræða sömu efnisatriði og fram koma í 18. og 19. gr. gildandi laga.

Í 29. gr. um stangveiði í straumvatni kemur eftirfarandi fram um nýtingaráætlanir:

Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um stangveiði á veiðisvæði sínu sem gilda skulu í a.m.k. átta ár. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa]¹⁾ staðfesta **að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar**. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],¹⁾ að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 2. mgr. skal kveða á um eftirfarandi atriði:

- fjöldi stanga sem á má veiða hverju sinni,
- aðra tilhögun veiði sem nauðsynleg þykir.

Ef ágreiningur rís um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða endurgjald fyrir stangveiði milli veiðiréttarhafa er þeim sem telur sig vanhaldinn heimilt að kre fjust mats skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.¹

Í greinargerð með 29. gr. frumvarps að lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, kemur eftirfarandi fram um nýtingaráætlanir:

Í samræmi við það markmið frumvarps þessa að færa aukna ábyrgð á stjórnun veiða á hendur þeim sem hana bera er við það miðað í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar að **veiðifélög eða veiðiréttarhafar** skuli setja sér nánari reglur um stangveiði í einstökum veiðivötnum sem gilda eiga í a.m.k. átta ár, en gildi slíkra reglna er þó háð staðfestingu Landbúnaðarstofnunar **sem í öllum tiivikum ber að afla faglegs mats Veiðimálastofnunar**. Í 3. mgr. er nánar kveðið á um það hvað koma skuli fram í slíkum

¹ Feitletranir í tillitnunum eru okkar

reglum. Það skal áréttað að þar er ekki um tæmandi talningu að ræða. Efni í þessa veru kemur nú m.a. fram í 2., 3. og 4. mgr. 30. gr. gildandi laga.

II. Framkvæmd lagaákvæða um nýtingaráætlanir á félagssvæði VÁ

1. Stóra-Laxá.

Stjórn Stóru-Laxárdeildar lagði fram nýtingaráætlun fyrir ána til staðfestingar hjá Fiskistofu. Fiskistofa staðfesti nýtingaráætlun deildarinnar 28.03.2011 sbr fylgiskjal nr. 19. Fiskistofa leitaði ekki umsagnar Veiðimálastofnunar sbr. meðfylgjandi tölvupóst frá Veiðimálastofnun, dags. 16.05.2011. Fylgiskjal nr. 20.

2. Tungufljót.

Stjórn Tungufljótsdeildar lagði fram nýtingaráætlanir fyrir ána til staðfestingar hjá Fiskistofu. Fiskistofa staðfesti þær 17.05.2011, sbr fylgiskjal nr. 17. Fiskistofa leitaði umsagnar Veiðimálastofnunar. Umsögn Veiðimálastofnunar er frá 05.05.2011, sbr. meðfylgjandi skjal nr. 18. Þar kemur fram að ekki séu forsendur til að veita umsögn en engu að síður staðfesti Fiskistofa áætlunina.

3. Veiðifélag Árnesinga.

Stjórn VÁ lagði fram nýtingaráætlun fyrir allt vatnasvæði Ölfusár-Hvítár í janúar 2009 og tók hún bæði til neta- og stangveiði. Með vatnasvæði Ölfusár og Hvítár er átt við allt félagssvæði VÁ, þ.ám. Tungufljót og Stóru-Laxá. Fiskistofa aflaði umsagnar Veiðimálastofnunar en tók ekki ákvörðun um hvort staðfesta ætti nýtingaráætlunina eða ekki. Umsögn Veiðimálastofnunar er frá 06.07.2009, sbr. meðfylgjandi skjal nr. 16. Stjórn VÁ ákvað í ljósi athugasemda Veiðimálastofnunar að laga fyrri nýtingaráætlun að þeim sjónarmiðum sem fram komu í umsögn Veiðimálastofnunar. Samkvæmt umsögn Veiðimálastofnunar þarf að skoða nýtingaráætlanir og fiskræktaráætlanir saman og því ákvað stjórn VÁ að ganga fyrst frá fiskræktaráætlun félagsins og er hún þannig úr garði gerð að hún getur ekki skarast við nýtingaráætlun félagsins. Fiskræktaráætlun var send Fiskistofu í apríl 2010, fylgiskjal nr. 9 og afstaða Fiskistofu kemur fram í bréfi 23.09.2011, fylgiskjal nr. 8. Þegar hér var komið við sögu lágu fyrir fyrir staðfestingar Fiskistofu á nýtingaráætlunum deilda á félagssvæði VÁ og þar með komin upp deila milli VÁ og Fiskistofu um hver eigi að gera nýtingaráætlanir og um það snýst þetta kærumál.

III. Rökstuðningur fyrir því að það sé hlutverk veiðifélaga en ekki deilda að setja sér nýtingaráætlun.

Löggjöfin sem fjallar m.a. um laxfiska, bæði lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, sem og lög nr. 58/2006 um fiskrækt, byggja á verndun laxfiska í og við íslenskar ár. Tilgangur með setningu laganna er með öðrum orðum fyrst og fremst að vernda þessa stofna. Í III. og IV. kafla laganna um lax- og silungsveiði er veiðifélögum skv.

afdráttarlausu orðalagi falið að setja sér nýtingaráætlanir. Er veiðifélagunum falið þetta hlutverk þar sem þau hafa heildaryfirsýn yfir allt félagssvæðið en lögum samkvæmt er veiðistýring byggð á samspili og samræmi nýtingar- og fiskræktaráætlana. Slíkar áætlanir þar sem veitt er úr blönduðum stofnum og fyrir eru margar ár eins og háttar til á félagssvæði VÁ myndu ekki ná tilgangi sínum ef deildunum væri falið þetta hlutverk hvorri í sinni á og tæki því aðeins til hluta vatnasvæðisins. Jafnframt væri slík skipan í andstöðu við það hlutverk sem deildum er falið í 39 gr. laga um lax- og silungsveiði sem eingöngu er bundið við að ráðstafa veiði með þeim skilyrðum sem aðalfundur setur. Í álitserð Karls Axelssonar, hrl., dags. 26.03.2012, fylgiskjal nr. 12, kemur fram á bls. 4 að nánast útilokað geti talist að deildir geti sett sér fiskræktar- og nýtingaráætlanir enda veiðifélagum lögskyllt að standa að þeim með heildstæðum hætti. Engu að síður hefur Fiskistofa staðfest nýtingaráætlanir fyrir Stóru-Laxá og Tungufljót og hirðir ekki um að taka þurfi tillit til nýtingar í öðrum ám vatnasvæðisins hvort sem þær tilheyra VÁ eða öðrum veiðifélagum. Fiskistofa gerir enga kröfu um samræmdar áætlanir á svæði þar sem veitt er úr blönduðum stofnum og allar ár með sama ósinn og hvað þá að gerð sé krafa um sameiginlega umsögn Veiðimálastofnunar á öllu svæðinu/öllum nýtingaráætlunum. Er þetta í fullkominni andstöðu við gildandi rétt og sérstök áhersla er lögð á þátt Veiðimálastofnunar í þessu efni í greinargerð með frumvarpi til núgildandi laga um lax- og silungsveiði og rakin er hér að framan í kaflanum um löggjöfina. Uppi er því ólöglegt ástand sem fallið er til þess að takmarka þá vernd sem fiskistofnunum er ætlað í löggjöfinni. Endurspeglar þetta mikilvægi þess að málum verði komið í réttan lagalegan farveg sem fyrst og Fiskistofu gert að fara að lögum. Staðfesting Fiskistofu á nýtingaráætlun fyrir Stóru-Laxá hefur þegar leitt til þess að Stóru-Laxárdeild ákvað veiðitíma sumarið 2011 lengri en samþykkt var á aðalfundi VÁ, sjá fylgiskjal nr. 21.

Um samræmingu á vatnasviði Ölfusár og Hvítár er mikilvægt að athuga hvað kemur fram í meðfylgjandi umsögn Veiðimálastofnunar vegna Tungufljóts, dags. 05.05.2011, sjá fylgiskjal nr. 18. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„...Ef gera á sérstaka nýtingaráætlun um Tungufljót þarf hún að taka mið af nýtingaráætlun Veiðifélags Árnesinga. ... Eftir að fiskvegur var opnaður í Faxa er Tungufljót eitt fiskihverfi og hluti af fiskihverfi Ölfusár-Hvítár. Í 37 gr. laga um lax og silungsveiði nr. 61/2006 segir að stofnun veiðifélaga sé lagaskylda til að ná markmiðum laganna sem kveðið er á um í 1. gr. um sjálfbæra nýtingu. Veiðimálastofnun vill benda á að til þess að ná þessum markmiðum þarf félagssvæði hvers veiðifélags að ná til alls þess svæðis sem viðkomandi veiðistofn(fiskistofn) gengur um og er nýttur á enda verður að telja að slíkt sé forsenda þess að hægt sé að stunda ábyrga stjórnun nýtinga fiskistofna. ... Ekki fylgja áform um sleppingar seiða eða fiskræktaráætlun. Eðlilegt er að fyrir liggja áætlun um nýtingu og fiskrækt fyrir Tungufljót allt áður en gengið er frá nýtingaráætlun.“

Í meðfylgjandi bréfi Fiskistofu, dags. 04.07. 2011, fylgiskjal nr. 14, er ekki gerð tilraun til þess að rökstyðja með vísan til laga á hverju þeir byggja það að deildum sé falið að setja sér nýtingaráætlun. Hins vegar byggt á „hefð“ og hvað sé „eðlilegt“ í því sambandi. Bendir það fyrst og fremst til þess að lagagrundvöllurinn sé veikur en jafnframt hefur það lengi verið persónuleg skoðun Árna Ísakssonar, fostöðumanns

Lax- og silungsveiðisviðs Fiskisstofu, að deildir eigi að hafa mikil völd eða stofna skuli sérstök veiðfélög um hverja veiðiá á félagssvæði VÁ líkt og gert sé í Borgarfirði. Sú skoðun hefur m.a. komið fram á fundum með stjórnarmönnum og í fylgiskjölum nr. 7 og 11. Allt er þetta í fullkominni andstöðu við gildandi löggjöf.

Ákvörðun Fiskistofu um staðfestingu nýtingaráætlana deilda er að mati stjórnar VÁ í ósamræmi við gildandi rétt en jafnvel ef svo væri þá hirti Fiskistofa ekki um að tryggja stjórn VÁ andmælarétt. Ekki gætti Fiskistofa heldur lögboðinnar umsagnar Veiðimálastofnunar vegna nýtingaráætlunar Stóru Laxárdeildar, sjá fylgiskjal nr. 20. Fiskistofa leitaði hins vegar umsagnar Veiðimálastofnunar vegna Tungufljóts en staðfesti hana engu að síður þrátt fyrir að henni væri verulega ábótavant að mati Veiðimálastofnunar sjá fylgiskjal nr. 18. Vísast um þetta nánar til fyrri kafla um framkvæmd laganna á félagssvæði VÁ.

Rétt er að geta þess að framangreind túlkun stjórnar VÁ er í samræmi við túlkun Veiðimálastofnunar á löggjöfinni. Hefur þetta komið fram á fundum stjórnar VÁ með fulltrúum Veiðimálastofnunar og meðfylgjandi umsagnir stofnunarinnar bera þetta skýrlega með sér, bæði vegna Tungufljóts og VÁ sjá fylgiskjöl nr. 16 og 18. Leggja báðir aðilar mikla áherslu á samræmdar aðgerðir á öllu vatnasvæðinu og telja það í samræmi við markmið sérlaga um lax- og silungsveiði auk fiskræktarlaga. Framkvæmd Fiskistofu er í öfuga átt og má búast við skaðlegum áhrifum hennar ef ekki verður brugðist við af hálfu ráðherra.

Frumvarp um breytingar á ákvæði um deildir!

Stjórn VÁ hefur borist frumvarp til breytinga á ákvæði lax- og silungsveiðilaga um deildir. Ef það frumvarp yrði að lögum þá væri að mörgu leyti verið að lögfesta það ólögmæta ástand sem Fiskistofa hefur komið á og var gert grein fyrir hér að framan en eftir stendur að breytingarnar yrðu í andstöðu við markmið sjálfra laganna um vernd laxfiskastofnanna. Hefur stjórn VÁ ákveðið að leggjast gegn fyrirhuguðum breytingum og fylgja sjónarmið VÁ um það með þessari kæru, sbr. fylgiskjal nr. 1.

B. Um kröfu VÁ að ráðuneytið ógildi ákvörðun Fiskistofu um að leita ekki eftir umsögn Veiðimálastofnunar sem tæki til fiskræktaráætlana allra veiðifélaga á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár og taki nýja ákvörðun um að það verði gert.

Á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár er veitt úr blönduðum stofnum og allar ár hafa sama ós til sjávar. Stjórn VÁ telur að markmiðum fiskræktarlaga verði ekki náð nema að fiskræktaráætlun byggji á heildarmati á aðstæðum á öllu vatnasvæðinu og markmiðunum verði ekki náð nema að umsögn Veiðimálastofnunar taki til alls svæðisins.

I. Löggjöf um fiskræktaráætlanir.

Í I og II. kafla fiskræktarlaga nr. 58/2006 eru eftirfarandi ákvæði um fiskræktaráætlun.

■1.gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að fiskrækt í ferskvatni. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi ferskvatns og á villtum ferskvatnsfiskstofnum og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

■5. gr. Fiskræktaráætlun.

Í hverju veiðivatni, þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangveiði eða öðru því er að fiskrækt lýtur, er veiðifélagi eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, skylt að gera fiskræktaráætlun er nái til fimm ára í senn. Hlutverk fiskræktaráætlunar er að gera fyrirhugaða fiskrækt markvissa og árangursríka og tryggja eftir föngum að þannig sé að fiskrækt staðið í hvívetna að vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna stafi ekki hætta af slíkum framkvæmdum.

■6. gr. Samþykkt fiskræktaráætlunar.

Framkvæmd samkvæmt fiskræktaráætlun er háð því að [Fiskistofa]¹⁾ hafi áður samþykkt áætlunina. Áður en samþykki er veitt skal [Fiskistofa]¹⁾ leita umsagnar Veiðimálastofnunar. Í samþykki skulu koma fram þeir skilmálar sem [Fiskistofa]¹⁾ telur nauðsynlega, m.a. til verndar viðkomandi fiskstofni gegn sjúkdómum og erfðablöndun. Nánar skal kveðið á um samþykkt fiskræktaráætlunar í reglugerð sem ráðherra setur.

Í greinargerð með II. kafla frumvarps að fiskræktarlögum nr. 58/2006 kemur eftirfarandi fram um fiskræktaráætlun:

Um 1. gr.

Markmiðsyfirlýsing 1. gr. endurspeglar þau áform að stuðla að fiskrækt, þó án þess að hún spilli villtum ferskvatnsfiskstofnum. Fiskrækt er í samræmi við skilgreiningu þá sem fram kemur í 3. gr. hver sú aðgerð sem eykur fiskmagn eða veiði og arð af henni. Í fiskrækt getur m.a. falist friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum hans, flutningur fisks í veiðivatn, slepping seiða, umbætur á gönguleiðum fisks til þess að gera þær greiðari, eftirlit með veiði og hvaðeina annað er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans. **Markmið laganna er að fiskrækt spilli ekki lífríki vatna né villtum fiskstofnum eða sjálfbærri nýtingu þeirra. Er það í samræmi við markmið frumvarps til laga um lax- og silungsveiði þar sem tryggja á sjálfbæra nýtingu og líffræðilegan fjölbreytileika.**

Um II. kafla.

Reglur II. kafla eru í meginatriðum samhljóða reglum gildandi laga. Fjallar kaflinn um fiskræktaráætlun sem öllum þeim sem ætla sér að stunda fiskrækt er skylt að gera.

Um 5. gr.

Í 5. gr. kemur fram að í hverju veiðivatni, þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangveiði eða öðru því er að fiskrækt lýtur, sé veiðifélagi eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, skylt að gera fiskræktaráætlun er nái til fimm ára í senn. Ætlunin er sú að skylda til gerðar fiskræktaráætlunar nái fyrst og fremst til fiskræktar í þrengri skilningi, þ.e. þeirra tilvika sem nefnd eru í lagagreininni, mannvirkjagerðar og inngríps í lífríki vatnsins. Á hinn bóginn þarf ekki að gera sérstaka fiskræktaráætlun ef aðgerðir lúta að

viðhaldi vega, bættum aðbúnaði fyrir veiðimenn og skyldum atriðum. Er þetta óbreytt regla 1. mgr. 23. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiðar. Það nýmæli er hins vegar að finna í frumvarpsgreininni að tilgangurinn með gerð fiskræktaráætlunar er skýrður, en hann er samkvæmt greininni sá að gera fiskrækt markvissa og árangursríka og **tryggja eftir föngum að þannig sé að fiskrækt staðið í hvívetna að vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna stafi ekki hætta af framkvæmdum eins og þar um ræðir. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.**

Um 6. gr.

Í 6. gr. kemur fram að framkvæmd samkvæmt fiskræktaráætlun sé háð því að Landbúnaðarstofnun hafi áður samþykkt áætlunina. **Áður en samþykki er veitt skal Landbúnaðarstofnun afla umsagnar Veiðimálastofnunar. Í samþykki Landbúnaðarstofnunar skuiu samkvæmt frumvarpsgreininni koma fram þeir skilmálar sem stofnunin telur nauðsynlega, m.a. til verndar viðkomandi fiskstofni gegn sjúkdómum og erfðablöndun. Nánar skal kveðið á um samþykkt fiskræktaráætlunar í reglugerð sem ráðherra setur. Er þetta að mestu óbreytt regla 2. mgr. 23. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiðar.**

II. Framkvæmd laganna á vatnasviði Ölfusár og Hvítár.

1. Tungfljót ofan við fossinn Faxa.

Stjórn VÁ hefur ekki upplýsingar um hvort Veiðifélag Faxa hafi skilað fiskræktaráætlun.

2. Þorleifslækur og Varmá.

Stjórn VÁ hefur ekki upplýsingar um hvort veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar hafi skilað fiskræktaráætlun.

3. Ölfusár-Hvítársvæðið – félagssvæði VÁ.

Veiðifélag Árnesinga skilaði fyrst fiskræktaráætlun í febrúar 2009, sjá fylgiskjal nr. 2. Fiskistofa aflaði umsagnar Veiðimálastofnunar en tók ekki ákvörðun um hvort staðfesta ætti fiskræktaráætlunina eða ekki. Umsögn Veiðimálastofnunar er frá 07.10.2009, sbr. fylgiskjal nr. 3. Stjórn VÁ ákvað í ljósi athugasemda Veiðimálastofnunar að laga fyrri fiskræktaráætlun að þeim sjónarmiðum sem fram komu í umsögn Veiðimálastofnunar. Samkvæmt umsögn Veiðimálastofnunar þarf að skoða nýtingaráætlanir- og fiskræktaráætlanir saman og því ákvað stjórn VÁ að ganga fyrst frá fiskræktaráætlun félagsins og er hún þannig úr garði gerð að hún getur ekki skarast við nýtingaráætlun félagsins. Ný fiskræktaráætlun var send Fiskistofu í apríl 2010, fylgiskjal nr. 9. Umsögn Veiðimálastofnunar við nýju fiskræktaráætluninni er frá 02.02.2011 og almennt um þörf á fiskrækt á svæðinu frá 01.07.2011, sbr. fylgiskjal nr. 4 og 5. Fiskistofa neitar að staðfesta hana og kemur afstaða hennar fram í bréfi 23.09.2011, fylgiskjal nr. 8.

III. Rökstuðningur fyrir því að Fiskistofa skuli afla samræmdrar umsagnar til Veiðimálastofnunar.

Í meðfylgjandi fiskræktaráætlun VÁ kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár hagar svo til að tvö önnur veiðifélög eru á svæðinu. Veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar og Veiðifélagið Faxi um Tungufljót ofan við fossinn Faxe. Það er álit stjórnar Veiðifélags Árnesinga að ekki sé unnt að tryggja að markmiðum fiskræktarlaga verði náð nema að Fiskistofa gæti þess að veita ekki samþykki sitt fyrir fiskræktaráætlunum veiðifélaganna nema að Veiðimálastofnun hafi áður veitt samhlíða umsögn fyrir alit vatnasvæðið. Það er álit stjórnarinnar að slík umsögn, sem byggir á samræmdu mati, kunni að leiða til þess að Fiskistofa telji nauðsynlegt að setja skilyrði fyrir samþykki einstakra ræktunaráætlana svo að tryggja megi eftir fremsta megni fiskistofna á svæðinu fyrir erfðablöndun og sjúkdómum frá sleppifiski. Þar verði farið samkvæmt varúðarreglu. Stjórn Veiðifélags Árnesinga er t.d. kunnugt um að Veiðifélagið Faxi stundi fiskrækt og því sérstakt tilefni til að vekja athygli Fiskistofu á mikilvægi samræmdra aðgerða ekki síst þar sem Tungufljót er efst í vatnasvæðinu og áhrif sleppinga þar gætu því haft áhrif á lífríki víðar um svæðið.“

Stjórn VÁ hefur lagt á það mikla áherslu að Fiskistofa gæti þess að afla samræmdrar umsagnar frá Veiðimálastofnun. Í meðfylgjandi bréfi, Fiskistofu til stjórnar VÁ, dags. 23. september 2011, kveðst stofnunin ekki hafa vald til að krefja veiðifélög um samræmdar fiskræktaráætlanir, sjá fylgiskjal nr. 8. Virðist vera um misskilning Fiskistofu að ræða því farið er fram á að Veiðimálastofnun gefi samræmda umsögn sem Fiskistofa gæti tekið tillit til þegar hún tekur ákvörðun um hvort staðfesta eigi fiskræktaráætlun eða ekki. Enn og aftur er það Fiskistofa sem ætlar að koma í veg fyrir að laxfiskar og aðrir stofnar fái þá lagvernd sem fiskræktarlög nr. 58/2006 og lögin um lax- og silungsveiði er ætlað að veita þeim. Fiskistofa ætlar með öðrum orðum ekki að tryggja að einn aðili, Veiðimálastofnun, geti veitt umsögn um allt vatnasvið Ölfusár og Hvítár og útilokar með því að fram fari nauðsynleg samræming aðgerða. Átakanlegt er að lesa það sem eftir kemur í bréfi Fiskistofu en þar kemur m.a. fram að samræming þessa mikilvæga þáttar sé undir vilja veiðifélaga á svæðinu komin, þ.e. að veiðifélögin ráði hvort fiskistofnarnir fái þá vernd sem löggjafinn ætlaði þeim eða ekki. Sami vandi virðist á ferðinni og með nýtingaráætlunir að Fiskistofa telur ekki þörf á eða skylt sé samkvæmt gildandi rétti að heildarmati á veiðipoli eða nauðsyn fiskræktar á öllu vatnasviðinu fari fram.

C. Kæruheimild.

Stjórn VÁ var ekki kunnugt um málsmeðferð Fiskistofu vegna nýtingaráætlana deilda og tilviljun ein sem réð því að upplýsingar um málið bárust stjórn félagsins. Stjórn VÁ fór fram á það í meðfylgjandi bréfi, dags 25. júní 2011, fylgiskjal nr. 13, að Fiskistofa gerði grein fyrir á hvaða lagagrundvelli hún byggði ákvarðanir sínar um staðfestingarnar. Fiskistofa svaraði því í meðfylgjandi bréfi 4. júlí 2011, fylgiskjal nr. 14 og hafnaði að afturkalla ákvörðun sína. Í kjölfar svarbréfsins óskaði stjórn VÁ eftir fundi með Fiskistofu og var hann haldinn 1. september 2011. Á þeim fundi lofaði Fiskistofustjóri að fara yfir málsmeðferð embættisins bæði hvað varðar staðfestingar nýtingaráætlana deilda sem og um að fá samræmda

umsögn Veiðimálastofnunar vegna fiskræktaráætlana allra veiðifélaga á vatnasvæðinu. Bréf barst stjórn VÁ frá Fiskistofu þann 23. september 2011, fylgiskjal nr. 8 en þar var aðeins fjallað um fiskræktaráætlun og framangreinda umsögn til Veiðimálastofnunar en ekkert vikið að nýtingaráætlun fyrir deildir. Stjórn VÁ telur ólíklegt að úr þessu muni heyrast meira um málið frá Fiskistofu þrátt fyrir að loforð Fiskistofustjóra þar um. Í byrjun þessa árs skipaði Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að kanna hvort tilefni væri til að endurskoða ákvæði um starfsemi deilda í veiðifélögum. Taldi stjórn VÁ rétt að biðja með þessa kæru þar sem tilefni skipans starfshópsins var m.a. þetta tiltekna álitamál. Ekki varð af breytingum á lögum um hlutverk deilda og stjórn VÁ tilkynnt sérstaklega um það, sbr. fylgiskjal nr. 22. Síðar bárust stjórn VÁ upplýsingar um að engu að síður hafi verið ákveðið að ráðast í breytingar á ákvæðum laganna um deildir og sótti Óðinn Sigpórsson, formaður starfshópsins og formaður Landsambands veiðifélaga, umboð til aðalfundar Landsambands veiðifélaga að ef deildaskipta ætti veiðifélagi þá skyldi því öllu deildarskipt. Rétt þykir að dvelja ekki við þetta að svo stöddu.

Kæruheimild byggir á VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji ráðuneytið að kærufrestir séu liðnir þá telur stjórnin með vísan til þess sem að framan var rakið að skilyrði 28 gr. séu fyrir hendi, bæði afsakanlegar og veigamiklar ástæður. Veiðingamiklar ástæður eru fyrir því að fá úr því skorið hvort það heyri undir deildir að setja sér nýtingaráætlanir enda öll vinna stjórnar VÁ við að setja félaginu nýtingaráætlun í uppnámi þangað til. Fáist ekki samræmdar umsagnir Veiðimálastofnunar er fiskistofnum hætta búin og þar með nást ekki markmið gildandi laga.

D. Fylgiskjöl:

1. Bréf VÁ vegna frumvarps til breytinga á ákvæðum lax og silungsveiðilaga um deildir, dags. 04.10.2012.
2. Fiskræktaráætlun VÁ frá febrúar 2009 (4 blöð).
3. Umsögn Veiðimálastofnunar um fiskræktaráætlun VÁ, dags. 07.10.2009.
4. Umsögn Veiðimálastofnunar um þörf á fiskrækt á félagssvæði VÁ, dags. 01.07.2011.
5. Umsögn Veiðimálastofnunar um fiskræktaráætlun VÁ, dags. 02.02.2011.
6. Bréf VÁ til Fiskistofu vegna fiskræktaráætlunar og samræmdra umsagna, dags. 25.06.2011.
7. Tölvupóstur frá Árna Ísakssyni til Jörundar Gaukssonar, formanns VÁ, um fiskrækt og stofnun deilda, dags. 07.08.2011.
8. Svarbréf Fiskistofu til VÁ vegna fiskræktaráætlunar og samræmdra umsagna, dags. 23.09.2011.
9. Fiskræktaráætlun VÁ, dags. 20.04.2010.
10. Bréf VÁ til Fiskistofu vegna andmælaréttar deilda við fiskræktaráætlun, dags. 09.04.2011.

11. Svarbréf Fiskistofu vegna umsagna deilda og andmælaréttar VÁ o.fl., dags. 30.05.2011.
12. Álitsgerð Lex lögmannsstofu um stöðu deilda innan veiðifélaga, dags. 26.03.2012.
13. Bréf VÁ til Fiskistofu um nýtingaráætlánir deilda og kröfu um afturköllun, dags. 25.06.2011.
14. Svarbréf Fiskistofu vegna nýtingaráætlana deilda, dags. 04.07.2011, ásamt 6 fylgiskjölum.
15. Nýtingaráætlun VÁ fyrir laxveiði, dags. í febrúar 2009.
16. Umsögn Veiðimálastofnunar um nýtingaráætlun VÁ, dags. 06.07.2009.
17. Tvær nýtingaráætlánir Tungufljótsdeildar, dags. 17.05.2011.
18. Umsögn Veiðimálastofnunar vegna nýtingaráætlunar Tungufljótsdeildar, dags. 05.05.2011.
19. Nýtingaráætlun Stóru-Laxárdeildar, dags. 28.03.2011.
20. Tölvupóstur frá Veiðimálastofnun um að stofnunin hafi ekki fengið nýtingaráætlun Stóru-Laxárdeildar til umsagnar frá Fiskistofu, dags. 16.05.2011.
21. Bréf formanns Stóru-Laxárdeildar til VÁ um veiðitíma sumarið 2011, dags. 17.05.2011.
22. Tilkynning starfshóps um að ekki verði að svo stöddu ráðist í breytingar á ákvæði laga um deildir, dags. 03.03.2012.

Selfossi, 4. október 2012,

Stjórn Veiðfélags Árnesinga,

Bjarni Ófeigur Valdimarsson

Bjarni Ófeigur Valdimarsson, Fjalli II,

Jörundur Gauksson

Jörundur Gauksson, Kaldaðarnesi,

Kjartan Helgason

Kjartan Helgason, Haga í Grímsnesi,

Tryggvi Steinarsson

Tryggvi Steinarsson, Hlíð,

Guðmundur Þorvaldsson

Guðmundur Þorvaldsson, Bíldsfelli,

Ketill Agústsson

Ketill Agústsson, Brúnastöðum,

Stefán Jónsson

Stefán Jónsson, Hrepphólum,

Þráinn Jónsson

Þráinn Jónsson, Miklaholti.

Markmið laga nr. 58/2006, um fiskrækt, koma fram í 1. gr. laganna og eru að stuðla að fiskrækt og við það skuli gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi ferskvatns og á villtum ferskvatnsfiskstofnum og að sjálfbærri nýtingu þeirra verði ekki stefnt í hættu. Í greinargerð með ákvæðinu kemur einnig fram að tryggja beri líffræðilegan fjölbreytileika. Í 5. gr. laganna kemur fram að hlutverk fiskræktaráætlunar sé að gera fyrirhugaða fiskrækt markvissa og árangursríka og tryggja að föngum að þannig sé að fiskrækt staðið í hvívetna að vistkerfi ferskvatnsstofna stafi ekki hættu af slíkum framkvæmdum. Lög um fiskrækt byggja á því að ákvörðun um að sleppa seiðum sé inngrip í líffræði vatnsins.

Á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár hagar svo til að tvö önnur veiðifélög eru á svæðinu. Veiðifélag Þorleifslækjar og Varmár og Veiðifélagið Faxi um Tungufljót ofan við fossinn Faxe. Það er álit stjórnar Veiðifélags Árnesinga að ekki sé unnt að tryggja að markmiðum fiskræktarlaga verði náð nema að Fiskistofa gæti þess að veita ekki samþykki sitt fyrir fiskræktaráætlunum veiðifélaganna á svæðinu, þ. á. m. Veiðifélagi Árnesinga, nema að Veiðimálastofnun hafi veitt samhliða umsögn fyrir allt vatnasvæðið. Það er álit stjórnarinnar að slík umsögn, sem byggir á samræmdu mati, kunní að leiða til þess að Fiskistofa telji nauðsynlegt að setja skilyrði fyrir samþykki einstakra ræktunaráætlana svo að tryggja megi fiskistofna á svæðinu fyrir sjúkdómum og erfðablöndun. Stjórn Veiðifélags Árnesinga er kunnugt um að Veiðifélagið Faxi stundi fiskrækt og því sérstakt tilefni til að vekja athygli Fiskistofu á mikilvægi samræmdra aðgerða ekki síst þar sem Tungufljót er efst í vatnasvæðinu og áhrif sleppinga þar gætu því haft áhrif á líffræði vatnasvæðisins.

Hr. Jörundur Gauksson
Kaldaðarnesi Svf. Árborg
801 Selfoss

Sæll Jörundur.

Þetta er bréfið sem ég sendi með fiskiræktaráætlunni. Ef til vill er þetta ekki nægilega skýr ósk um gerð sameiginlegrar fiskiræktaráætlunar fyrir vatnasvæðið allt, enda var þeirri beiðni beint af stjórn V. Á. til Magnúsa hjá Vmst. að hlutast til um að slíkt yrið gert þegar fiskiræktaráætlunin kæmi til umsagnar þar.

Með kveðju,

Guðm. Þorvaldsson.



F I S K I S T O F A

Lax- og silungsveiðisvið

Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími 569 7900 • Fax 569 7990

Fimm ára fiskræktaráætlun

samkvæmt 5.-6. grein nr. 58/2006 laga um fiskrækt

Nafn veiðivatns: Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár

Nafn veiðifélags (eða eiganda veiði): Veiðifélaga Árnesinga

Kennitala: 680 269-45 99 Sími: 894-4566

Heimili: BÍldsfell Grímsnes- og Grafningshreppi

Póstfang: 801 Selfoss

Nafn veiðifélagsformanns: Guðmundur Þorvaldsson

Heimili: Póstfang:

Fiskræktaráætlun fyrir árin (5ár): frá 2009 til 2014

Fisktegund: Lax Sjóbirtingur Urriði Bleikja
 Annað:

Arfgerð: Heimastofn Aðfluttur náttúrustofn Hafbeitarstofn Eldisstofn

Uppruni stofns: Af stofni viðk.ár. Á ófiskg. svæði fari seiði af stofni á fiskg. hluta

Nafn eldisstöðvar: Ýmsar

Tegund fiskræktar: Seiðasleppingar Fiskvegagerð Umbætur á ánni Veiðitefirlit
 Annað:

Seiðasleppingar: Gönguseiði (magn): allt að 60 þús. Sumarseiði (magn): allt að 100 þús.
(árlegt magn) Annað: Kvps. allt að 300 þú

Umbætur á ánni: Bakkavörn Veiðistaðager Umbætur á hrygningarstöðvum
 Annað:

Fiskvegur: Stigi í fossi Skurður Sprengingar

Annað:

Staðsetning fiskvegar:

Hönnuður fiskvegar:

Önnur atriði, sem aðilar vilja koma á framfæri varðandi fiskræktaráætlun: (viðbótar upplýsingar má færa á sér blað)
Við gönguseiða sleppingar í einstaka laxveiðiár verði miðað við að árlegur fjöldi laxa úr gssl. fari ekki yfir 25% af meðalveiði síðustu fimm ára. Sleppingar gönguseiða í silungsveiðiár eða ár sem lítil sem engin laxveiði er í verði tekin fyrir sérstakl. hverju sinni.

Dags: 1. febr. 2009 Guðmundur Þorvaldsson



Fimm ára fiskræktaráætlun

samkvæmt 5.-6. grein nr. 58/2006 laga um fiskrækt

Nafn veiðivatns: Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár

Nafn veiðifélags (eða eiganda veiði): Veiðifélag Árnesinga

Kennitala:

Sími:

Heimili: Bíldsfell Grímsnes- og Grafningshreppi

Póstfang: 801 Selfoss

Nafn veiðifélagsformanns: Guðmundur Þorvaldsson

Heimili:

Póstfang:

Fiskræktaráætlun fyrir árin (5ár): frá 2009 til 2016

Fisktegund:	<input checked="" type="checkbox"/> Lax	<input type="checkbox"/> Sjóbirtingur	<input type="checkbox"/> Urriði	<input type="checkbox"/> Bleikja
	<input type="checkbox"/> Annað:			
Arfgerð:	<input checked="" type="checkbox"/> Heimastofn	<input type="checkbox"/> Aðfluttur náttúrustofn	<input type="checkbox"/> Hafbeitarstofn	<input type="checkbox"/> Eldisstofn
	Uppruni stofns: Af stofni viðk.ár. Á ófiskg. svæði fari seiði af stofni á fiskg. hluta			
	Nafn eldisstöðvar: Ýmsar			
Tegund fiskræktar:	<input checked="" type="checkbox"/> Seiðasleppingar	<input type="checkbox"/> Fiskvegagerð	<input type="checkbox"/> Umbætur á ánni	<input type="checkbox"/> Veiðieftirlit
	<input type="checkbox"/> Annað:			
Seiðasleppingar: (árlegt magn)	Gönguseiði (magn): allt að 60 þús.	Sumarseiði (magn): allt að 100 þús.		
	Annað: Kvps. allt að 300 þú			
Umbætur á ánni:	<input type="checkbox"/> Bakkavörn	<input type="checkbox"/> Veiðistaðager	<input type="checkbox"/> Umbætur á hrygningarstöðvum	
	<input type="checkbox"/> Annað:			
Fiskvegur:	<input type="checkbox"/> Stigi í fossi	<input type="checkbox"/> Skurður	<input type="checkbox"/> Sprengingar	
	<input type="checkbox"/> Annað:			
	Staðsetning fiskvegar:			
	Hönnuður fiskvegar:			
Önnur atriði, sem aðilar vilja koma á framfæri varðandi fiskræktaráætlun: (viðbótar upplýsingar má færa á sér blað)				
Við gs.sl. í einstaka laxveiðiár verði miðað við að árlegur fjöldi laxa úr gs.sl. fari ekki yfir 25% af meðalveiði síðustu fimm ára. Sleppingar gönguseiða í silungsveiðiár eða ár sem lítil sem engin veiði er í verði tekin fyrir sérstakl. hverju sinni.				

Dags.: _____

Undirskrift veiðifélagsformanns (eða eiganda veiði)



Nýtingaráætlun fyrir sjóbirtings- og sjóbleikjuveiði

8 ára nýtingaráætlun fyrir: Vatnasvæði Ölfusár- Hvítár
(nafn veiðivatns)

Nafn veiðifélags (eða eiganda Veiðifélag Árnesinga
veiði):

Kennitala: _____ Sími: 894-4566

Heimili: Bíldsfell

Póstfang: 801 Selfoss

Nafn veiðifélagsformanns: Guðmundur Þorvaldsson

Nýtingaráætlun fyrir árin: 2009 til 2016

Fisktegund:	<input checked="" type="checkbox"/> Sjóbirtingur	<input checked="" type="checkbox"/> Sjóbleikja
Hámarks stangarfjöldi per dag:	Allt að 150 stangir	samtals fyrir bæði.
Stangveiðidagar yfir sumarið: (Stangir x veiðidagar)		
Árlegur veiðitími:	1. apríl til 20. sept.	
Daglegur veiðitími:	8.00 til 21.00	
Takmörkun á fjölda landaðra fiska á stöng á dag:	Engin.	
Takmörkun á stærð landaðra fiska (lengd):	Engin.	
Heimiluð beita:	<input checked="" type="checkbox"/> Maðkur <input checked="" type="checkbox"/> Spónn <input checked="" type="checkbox"/> Fluga <input checked="" type="checkbox"/> Túba <input type="checkbox"/> Annað:	
Tilhögun netaveiði:	Netaveiði heimiluð, svo sem lög segja til um.	


Fyrirætlanir (ákvarðanir) um friðun

Friðun á einstaka veiðisvæðum:

Önnur friðunarákvæði:

Dags.: Febrúar 2009

Undirskrift veiðifélagsformanns (eiganda veiði):



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

3

Reykjavík 7.10.2009

Fiskistofa

Lax- og silungsveiðisvið

B.t. Árni Ísaksson

Dalshrauni 1

220 Hafnarfjörður

Efni: Umsögn um fiskræktaráætlun fyrir Veiðifélag Árnesinga (V.Á.) (Ölfusá-Hvítá).

Veidimálastofnun fékk til umsagnar fiskræktaráætlun fyrir Veiðifélag Árnesinga sem merkt var Vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. Í fiskræktaráætlun kem fram að um væri að ræða samkvæmt eyðublaði:

Lax

Heimastofn

Seiðasleppingar

Gönguseiði allt að 60 þús. Sumarseiði allt að 100 þús. Kviðpokaseiðai allt að 300 þús.

Önnur atriði sem fram koma eru að við gönguseiðasleppingar í einstaka laxveiðiár verði miðað við að fjöldi laxa úr gönguseiðasleppingum fari ekki yfir 25% af meðalveiði síðustu fimm ára. Sleppingar gönguseiða í silungsveiðiár eða ár sem lítil sem engin laxveiði er í verði tekin fyrir hverju sinni.

Ekki kemur fram skipting sleppinga innan svæðisins, uppruni hronga né mögulegur ávinningur/áhætta af aðgerðum.

Veidifélagið vitnar til 1. gr og 5. gr. laga um fiskrækt og tekur fram: "Á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár hagar svo til að tvö önnur veiðifélög eru á svæðinu. Veiðifélag Þorleifslækjar og Varmár og Veiðifélagið Faxi um Tungufljót ofan við fossinn Faxe. Það er álit stjórnar Veiðifélags Árnesinga að ekki sé unt að tryggja að markmiðum fiskræktarlaga verði náð nema að Fiskistofa gæti þess að veita ekki samþykki sitt fyrir fiskræktaráætlunum veiðifélaganna á svæðinu þ.á.m. Veiðifélags Árnesinga, nema að Veiðimálastofnun hafi veitt samhliða umsögn fyrir allt vatnasvæðið. Það er álit stjórnarinnar að slík umsögn, sem byggir á samræmdu mati, kunni að leiða til þess að Fiskistofa telji nauðsynlegt að setja skilyrði fyrir samþykki einstakra ræktunaráætlana svo að tryggja megi fiskistofna á svæðinu fyrir sjúkdómum og erfðablöndun. Stjórn

Veiðifélags Árnesinga er kunnugt um að Veiðifélagið Faxi stundi fiskrækt og því sérstakt tilefni til að vekja athygli Fiskistofu á mikilvægi samræmdra aðgerða ekki síst þar sem Tungufljót er efst á vatnasvæðinu og áhrif sleppinga þar gætu haft áhrif á lífríki vatnasvæðisins”.

Að hálfu Veiðimálastofnunar hefði umsögn um fiskræktaráætlun Veiðifélags Árnesinga átt að vera frá gengin fyrir nokkru síðan. Það hversu takmarkaðar upplýsingar fylgja fiskræktaráætluninni, gerir umsögn erfiða auk framangreinda fyrirvara Veiðifélags Árnesinga sem flækja málið talsvert. Ef taka ætti tillit til fyrirvara V.Á hefði þurft að skoða allar fiskræktaráætlanir saman. Veiðimálastofnun getur tekið undir það sjónarmið. Það gildir væntanlega einnig fyrir nýtingaráætlanir. Aðrar fiskræktaráætlanir hafa ekki borist.

Í umsöngn Veiðimálastofnunar með nýtingaráætlun fyrir Veiðifélag Árnesinga (Ölfusá-Hvítá) kom m.a. fram:

Veiðimálastofnun óskar eftir frekari upplýsingum frá Veiðifélagi Árnesinga um á hvaða forsendum innsend nýtingaráætlun er byggð og hvernig Veiðifélagið sem ábyrgðaraðili veiðistjórnunar hyggist fylgjast með því að ekki sé veitt umfram veiðipól einstakra stofna né að gengið sé gegn fjölbreytni s.s. stærðar (smálax og stórlax) göngutíma o.s.frv. og vísar til áður nefndra vegvísa NASCO. Slíkt þarf að liggja fyrir svo leggja meg mat á og gefa umsögn um innsenda nýtingaráætlun.

Benda verður á að á þessu vatnasvæði er veitt úr blönduðum stofnum en tryggt þarf að vera að allir stofnar þoli það veiðiálag sem á þeim er til að um ábyrga veiðistjórnun geti verið að ræða.

Nokkur fiskrækt er stunduð innan vatnasvæðisins og hefur hún vaxið hratt á undanförunum árum. Mikilvægt er að meta nýtingaráætlun og fiskræktaráætlun fyrir vatnasvæðið saman til að tryggja að markiðum með báðum nái fram að ganga.


Aukinn fjöldi fiska af fiskræktaruppruna getur hækkað veiðitölur. Mikilvægt er að hægt sé að meta magn afla eftir uppruna t.d. með því að auðkenna hluta slepptra seiða með merkingum og markvissari merkjaleit. Með því móti má ná fram slíkri aðgreiningu.

Jafnframt benti Veiðimálastofnun á að frá hennar sjónarmiði væri gagnlegt að halda fund með fulltrúum veiðifélagsins til að fá betri og gleggri skýringar á veiðistjórnunar- og félagskerfi innan vatnasvæðisins, veiðistjórnun, sókn með neta- og stangveiði áður en frekari umsögn um nýtingaráætlun er gerð. Stafar þetta ekki síst af því að vatnasviðið er stórt, í því eru bæði jökul- og bergvatnsár auk þess sem veiði er bæði með netum og stöng. Ekki er auðvelt að koma flóknum veiðistjórnunarpáttum inn á eyðublöð Fiskistofu og þær upplýsingar sem Veiðimálastofnun hefur til að meta útfrá eru takmarkaðar ekki síst þar sem um stórt og nokkuð flókið vatnakerfi er að ræða.

Veiðimálastofnun leggur til og ítrekar að haldinn verði sameiginlegur fundur með Fiskistofu, Veiðifélagi Árnesinga og Veiðimálastofnun. Veiðimálastofnun leggur til að

Fiskistofa hafi frumkvæði um myndun slíks vettvangs. Slíkt myndi vonandi hjálpa til við að skýra betur aðstæður og veiðistjórnun á vatnasvið Ólfusár og Hvítár og auðvelda við að greiða úr þeim úrlausnarefnum sem bíða varðandi fiskræktar- og nýtingaráætlanir á vatnasvæðinu.


F.h.
Veiðimálastofnunar



Guðni Guðbergsson

Afrit sent:

Veiðfélagi Árnesinga
B.t. Jörundur Gauksson formaður
Kaldaðarnesi
801 Selfoss



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 1. júlí 2011

Veiðifélags Árnesinga
B.t. Jörundur Gauksson formaður
Kaldaðarnesi
801 Selfoss

Efni: 1) Þörf á fiskrækt í Dalsá og Fossá 2) Þörf á fiskrækt á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga leitaði með tveimur erindum eftir umsögn Veiðimálastofnunar: 1) Um vísindalegan grunn fiskræktar í Dalsá og Fossá á og hvort hún samræmdist varúðarreglu fiskræktarlaga. 2) Um að Veiðimálastofnun kannaði hvort tilefni væri fyrir fiskrækt á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár.

Inngangur

Hér er um tvö erindi að ræða sem snúast um grunn fiskræktar en jafnframt um veiðinýtingu almennt. Þar sem þessi erindi eru skyld er leitast við að svara þeim báðum.

Taka verður fram að Veiðimálastofnun er rannsóknarstofnun en stjórnslá veiðimála er nú vistuð hjá Fiskistofu og verður að vísa úrlausn varðandi það hvort grunnur fiskræktar geti samræmst varúðarreglu fiskræktarlaga til hennar. Hér er leitast við að líta á líffræðilega þáttinn.

Í lögum um Lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er fiskrækt skilgreind: Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni eða arð af veiðivatni.

Í lögum nr. 58/2006 um fiskrækt er í markmiðum laganna kveðið á um að þau skuli stuðla að fiskrækt í ferskvatni. Tekið er fram að við framkvæmd laganna skuli þess ávalt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi ferskvatns og á villtum ferskvatnsfiskstofnum og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Nánar er kveðið á um fiskræktaráætlanir ef stunda eigi fiskrækt.

Það sem ræður fiskgengd í ár er sá fjöldi gönguseiða sem gengur til sjávar og svo sá fjöldi þeirra sem kemur til baka úr hafi. Endurheimtur úr sjó geta verið breytilegar milli tímabila. Engar veiðar eru á laxi í sjó hér við land og því fátt sem hægt er að hafa áhrif á varðandi endurheimtur. Það sem í mannlegu valdi stendur er að tryggja að þau búsvæði sem í ánum eru nýtist til seiðaframleiðslu. Til að nýting geti talist sjálfbær þarf sá fjöldi í hrygningarstofni sem skilin er eftir að duga til að metta framleiðslusvæðin af seiðum og að ekki sé valið gegn undirstofnum eða erfðafræðilegum þáttum. Ef veitt er umfram veiðiþol stofna eru líkur til að framleiðsla minnki. Þessi þáttur þ.a. stjórnun veiði þannig að fiskstofnar haldi hámarksframleiðslu er sá þáttur hægt er að hafa áhrif á og það viðmið sem alþjóðlega hefur verið samþykkt að miða við (Sjá samþykkt viðmið Alþjóða laxaverndunarstofnunarinnar (NASCO) og Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES)).

1) Fiskrækt í Dalsá og Fossá

Varðandi Fiskrækt í Dalsá og Fossá þarf að hafa í huga þær aðstæður sem þar eru. Þessar ár, sem hafa sameiginlegan ós í Hvítá eru efstu hliðarár á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Þær eru fremur vatnslitlar og með flúðum skammt frá ósum sem geta verið torgengar fiskum einkum í litlu vatni. Ofan þeirra eru kaflar með ágætum uppeldisskilyrðum fyrir seiði. Í Dalsá er foss, Kerlingarfoss sem er ófiskgengur, en ofan hans eru allmargir km sem eru ágætir til uppeldis seiða. Í Fossá eru einnig allmargar flúðir en fiskgengt að Fossi við samnefndan bæ.

Lax er talsvert lengi að ganga upp Hvítá og er helmingur af veiddum laxi við ármót Dalsár-Fossár veiddur í byrjun september. Til samanburðar er helmingsveiði við Selfoss um miðjan júlí. Þeir laxar sem upp í Dalsá-Fossá ganga hafa gengið í gegnum öll veiðisvæði Ölfusár-Hvítár á leið sinni þangað. Sú veiði hefur væntanlega tekið sinn toll og því er ekki úr vegi að telja að framleiðsla Dalsár-Fossár sé mjög verðmæt fyrir veiðinýtingu vatnasvæðisins í heild. Mest af laxveiðinni í Dalsá-Fossá er við ármótin þar sem skilvatn bergvatns og jökulvatns liggur eins og svo víða annars staðar á vatnasvæðinu. Sú veiði er að mestu nýtt og skráð fyrir landi Haukholta.

Til skamms tíma voru Dalsá og Fossá friðaðar fyrir veiði líkt og Litla-Laxá og greiddi Veiðifélag Árnesinga landeigendum fyrir þá friðun. Markmiðið var að nýta þær sem uppeldisstöð fyrir veiði neðar á vatnasvæðinu. Þeim greiðslum mun nú hafa verið hætt. Vegna þessarar friðunar m.a. er veiðihéfið ekki eins rík í þessum ám og víða annars staðar á vatnasvæðinu og veiðiréttarhafar því langt að baki hvað varðar þróun og hefð við nýtingu. Ekki er hefð fyrir því að veitt sé á stöng í Dalsá og Fossá ofan ármóta. Á síðustu árum hefur verið reynt að koma á veiðinýtingu í Litlu-Laxá en það hefur gengið hægt m.a. vegna þess að ekki er hefð fyrir útleigu stangveiði hvorki hjá landeigendum né veiðireynsla til að byggja á við útleigu. Komið var fyrir teljara í Litlu-Laxá sumarið 2008 við Flúðir sem virkaði ekki sem skyldi en 2009 var hann hafður við Berghyl og gengu um 160 laxar um teljarann.

Til að auka framleiðslu hefur lengi verið stunduð fiskrækt í þessum ám. Meðal annars vegna friðunar ána hafa þær verið nýttar til að hrognatöku en aðstæður til veiði klaklaxa og þekking hefur verið til staðar um árabíl. Í Dalsá og Fossá hafa hrogn verið tekin rétt ofan ármóta og seiðum síðan dreift á torgeng svæði ofan flúða og á ófiskgeng svæði á Tungufellsdal og þar fyrir ofan. Á fyrri árum voru hrogn tekin úr Dalsá-Fossá til sleppinga annars staðar innan vatnasvæðisins og til notkunar í hafbeitartilraunir. Dreifing hroгна til annarra svæða hefur að mestu verið aflögð en síðast voru tekin hrogn til sleppinga í Tungufljót.

Fyrstu seiðamælingar voru gerðar í Dalsá og hliðará hennar Rauða 1973 af Árna Ísakssyni hjá Veiðimálastofnun og kom þá í ljós að um ágæt þrif seiða var að ræða. Reglulegar seiðamælingar hafa verið gerðar frá 1986 en eingöngu neðst í þeim ofan ármóta þar sem Dalsá og Fossá hafa verið komnar saman. Þær mælingar hafa sýnt svipaðan takt í þéttleika og víðast annars staðar á vatnasvæðinu.

Frá því a.m.k. á sjöunda áratug 20. aldar hefur seiðum verið sleppt í Dalsá og Fossá ofan flúða og er það gert enn. Einungis 400- 500 m eru frá ármótum við Hvítá og að flúðum í báðum ánum. Dalsá er talinn fiskgeng um 2,8 km að Kerlingafossi en þaðan eru uppeldissvæði á um 5 km kafla inn Tungufellsdal og Deild og samanlagt alls um 7 km. Fossá er fiskgeng að Fossi við samnefndan bæ um 4,2 km en ofan hans eru uppeldisskilyrði að Hlíðarfossi um 4,7 km en einhver skilyrði eru þar fyrir ofan. Lauslega

áætlað má gera ráð fyrir að þetta svæði geti verið um 80000 m² eða um 8 ha. Ekki er þekkt hver gönguseiðaframleiðslan gæti verið en 4-6 gönguseiði á hverja 100m².

Á síðustu 5 árum (2006-2010) hefur laxveiði sem skráð er í veiðibækur fyrir Haukholt þ.a. neðan ármóta Dalsár-Fossár verið að meðaltali 43 laxar (22-68). Sú veiði er að meðaltali 8,9% af heildarstangveiði í Hvítá og 5% af heildarstangveiði í Ölfusá og Hvítá samanlagt. Þótt ekki liggi fyrir beint mat á seiðaframleiðslu einstakara svæða innan Dalsár- og Fossár né árangur af fiskrækt verður aðteljast afar ólíklegt annað en að nýting svæða ofan flúða og fossa standi undir talsverðum hluta þeirrar veiði sem er á þessu svæði. Hafa þarf í huga að þessir laxar eru þeir sem lengst ganga upp á vatnakerfið og hafa þeir gengið í gegnum veiðiálag neta og stanga á leið sinni þangað. Sú veiði hefur tekið sinn toll og má telja að þessi framleiðsla sé mikilvæg fyrir vatnasvæðið í heild. Miðað við það stutta svæði sem er neðan flúða í Dalsá og Fossá og þá fiskgengd sem verið hefur í ána á undanförmum árum má gera ráð fyrir að sú stofnstærð sem þar geti gert meira en að nýta neðstu svæði árinna og lítil áhætta tekin með að dreifa þeim á svæði ofar í ánum. Það er að því gefnu að ekki þurfi að farga hrognum vegna nýrnaveikismits.

Líkur eru til að ef fiskrækt á efri hlutum Dalsár og Fossár verði hætt leiði það til þess að fiskgengd á það svæði muni minnka sem og veiði neðan ármótanna og því til nokkurs vinnandi að viðhalda þessari viðbótarframleiðslu áfram.

Mikilvægt er fyrir Veiðifélag Árnesinga að láta gera úttekt á stærð, gæðum og skiptingu búsvæða innan vatnsvæðisins í heild. Slíkar upplýsingar myndu auka þekkingu og verða grunnur til frekari ákvarðanatöku varðandi nýtingu og fiskrækt.

Almennt skal stefnt að því að nýting sé sjálfbær og að inngríp hafi sem minnst áhrif á samsetningu stofna. Notkun svæða til uppeldis seiða á torgengum svæðum eða svæðum ofan fossa er víða gerð en með því er heildarframleiðsluflötur áa aukinn. Miða þarf við að inngríp séu sem minnst t.d. með því að lyfta fiskum upp fyrir hindranir til hrygningar og eða að sleppa seiðum sem smæstum þ.a. að náttúrulegt val sé að verki sem lengstan tíma lífsferilsins. Miðað við núverandi þekkingu hefur fiskrækt á ófiskgengum svæðum almennt ekki verið talin vera ógn við laxastofna. Auk þess eru þær afturkræfar þegar þeim er hætt.

Notkun svæða ofan fossa getur haft í för með sér að leysa þarf á félagslegan hátt hvernig skipta eigi arði af slíkum notum beitarsvæða.

Telja verður að framleiðsla Dalsár og Fossár skipti máli varðandi fiskgengd og veiði á vatnasvæðinu í heild og að framleiðsla á ófiskgengum svæðum skipti þar umtalsverðu máli. Mikilvægt er að gera úttekt á þessu svæði og greina frekar tölulega uppeldissvæðin gæði þeirra og gildi líkt og á við um vatnasvæðið í heild. Sú vöktun sem farið hefur fram um árábil er jafnframt afar mikilvægur grunnur og viðmið til að byggja á varðandi ástand seiða, árgangaskipan og þéttleika þeirra.

2) Þörf fyrir fiskrækt á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár

Varðandi spurninguna um tilefni fiskræktar á vatnasvæðinu í heild hefur hluti þess verið rakið hér og Dalsá og Fossá þar ágætt dæmi. Möguleikar á nýtingu beitarsvæða ofan fossa eru til staðar m.a. í Stóru-Laxá og í hliðarám Sogs. Talsverð uppeldissvæði geta verið ofan Gullfoss en nýting þeirra er líklega fjarlægari eins og málum er háttað.

Mikilvægt er að kortleggja öll uppeldisvæðisvæði og meta með hliðsjón af heildarframleiðslusvæði vatnasvæðisins. Að auki kemur til að stjórnun nýtingar þarf að vera virk og byggjast á veiðipoli viðkomandi stofna. Hver á hefur búsvæði sem framleitt getur að meðaltali ákveðin fjölda gönguseiða. Við stjórnun veiðinýtingar þarf að miða við að þau svæði séu fullnýtt en það er jafnframt eitt af því fáa sem hægt er að hafa áhrif á. Það sem er umfram það sem þarf til mettnar framleiðslusvæða er það sem er til skiptanna fyrir veiðimenn. Ef stofnar eru undir þeim mörkum að hrygning þeirra tugi til mettnar framleiðslusvæða er hætt á að nýting geti valdið varanlegri minnkun stofna sem erfitt og tímafrekt getur verið að byggja upp á nýjan leik. Í stóru vatnakerfi líkt og Ölfusá-Hvítá þar sem veitt er með bæði stöngum og netum er um nokkuð flókið stjórnunarlegt úrlausnarefni að ræða. Það á við bæði líffræðilega og félagslega. Sameiginlegir fiskstofnar gera að verkum að þeir eru á ábyrgð allra veiðiréttarhafa og markmið laga um lax- og silungsveiði er að bæði nýting og fiskrækt sé sjálfbær.

Árið 1980 varð framhlaup í Hagajökli sem hafði mikil áhrif á fiskgöngur og dreifingu veiði það ár. Í kjölfar komu köld og áhagstæð ár fyrir framleiðslu laxastofna. Eins og fram kemur í meðfylgjandi mynd fylgdi mikill og stöðugur samdráttur í veiði á vatnasvæðinu allt fram til 2007 með mikilli lægð 2001. Aftur varð framhlaup í Hagajökli 1999 sem gæti skýrt litla veiði 2001. Ekki er til mat á seiðabúskap vatnasvæðisins á tímanum fyrir 1980 til samanburðar en reglulegar seiðamælingar hófust ekki fyrr en 1986. Seiðamælingarnar sýna að mestu svipað þróun og fram kemur í veiðinni og eru talsverðar líkur til að framleiðsla svæðisins og veiði hefði getað orðið meiri ef gripið hefði verið fyrr inn í með því að draga úr sókn og skilja fleiri fiska eftir til hrygningar. Nýleg úttekt á fiskstofnum í Sogi bendir til að slíkt virðist vera raunin þar verður afar mikilvægt að fylgjast með þróun seiðabúskapar í kjölfar aukinnar hrygningar síðustu ár eftir að dregið var í netaveiði í Ölfusá. Seiðabúskapur Stóru-Laxár er nú fátæklegur á efri svæðum. Seiðavísitölur í Litlu-Laxá hafa á móti ekki minkað eins mikið en þar hefur veiðisókn í ánni verið lítil og ekki lagst ofan á netaveiðina líkt og gerist t.d. í Stóru-Laxá. Hafa þarf í huga að á þessum tíma hefur veiðitímabilið verði lengt þótt að á móti hafi komið tilfærsla á veiðidögum í netaveiði og að hluti stangveiði sé sleppt á sumum svæðum og tímum. Ekki er víst að lenging veiðitíma hafi verið skynsamleg ráðstöfun miðað við þá þróun sem verið hefur í veiði og seiðavísitölum.

Almennt má telja að ekki sé þörf á fiskrækt með seiðasleppingum á fiskgöngum svæðum nema í skilgreindum undantekningartilfellum. Í slíkri skilgreiningu felist greining á vandamálum, markaðar séu leiðir til úrbóta og sett séu tímabundin mælanleg viðmið til að meta árangur. Við nýtingu svæða ofan ófiskgengra fossa má í sumum tilfellum ná árangri með fiskrækt til að stækka stofna og auka arðsemi. Við þær aðstæður að búsvæði eru vansetin á fiskgöngum svæðum í viðkomandi á er ekki ráðlegt að stunda fiskrækt á svæðum ofan ófiskgengra fossa a.m.k. meðan það ástand varir. Slíkt þarf að gera að vel athuguðu máli. Líklegt er að hraða megi landnámi laxa ofan Faxe í Tungufljóti með fiskræktaraðgerðum en nú er unnið að úttektum á því svæði með slíkt í huga. Hvað varðar aðrar fiskræktaraðgerðir, s.s. sleppingar gönguseiða, þarf að meta í hverju tilfelli fyrir sig. En almennt má segja að varlega þarf að fara í fiskrækt með gönguseiðasleppingum laxa, svo þær komi ekki niður á náttúrlegri framleiðslu laxaseiða eða öðrum stofnum laxfiska og varúðarregla viðhöfð.

Í framhaldi af spurningu Veiðifélags Árnesinga

Spurning Veiðifélags Árnesinga um þörf fyrir fiskrækt á félagssvæðinu vekur upp aðrar áleitnar spurningar varðandi stöðu laxastofna og nýtingar. Vill undirritaður leyfa sér að

vekja athygli veiðifélagsins á því að brýnt er að fara að ræða þá stöðu sem uppi er og þær leiðir sem eru mögulegar til úrbóta. Ef miðað er við að veiðitölur á meðfylgjandi mynd gefi raunhæfa mynd af þróun stofnstærðar laxa á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár hefur þar orðið mikil hnignun sem jafnframt kemur fram í seiðavísitölum sem gerð hefur verið grein fyrir til veiðifélagsins.

Telja verður mikilvægt að vandað verði til verka við stjórnun veiðinýtingar á vatnasvæðinu í ljósi þekkingar á stöðu stofnanna og veiðiþols þeirra en þar liggja til grundvallar afar mikilsverð gögn úr langtímarannsóknum. Líklegt er að koma þurfi til bæði líffræðileg og félagsleg úrræði. Nokkrir möguleikar eru í þeirri stöðu en þar ræður mestu um hversu hratt menn kjósa að uppbygging eigi að vera. Ef farið verður í aðgerðir þurfa þær að vera gerðar á markvissan hátt og að sett verði mælanleg viðmið til að meta árangur. Umhverfisaðstærður geta haft mikil áhrif á afkomu stofna. Þegar skilyrði eru góð eru líkur til að auðveldara sé að ná árangri með veiðistjórnun. Slíkt tækifæri var á síðasta ári þegar fiskgengd var vaxandi. Óhagstæðar aðstæður líkt og jökulframhlaupin 1980 og 1999 leggjast hins vegar gegn slíku og skerða veiðiþol. Lítið er annað að gera en að laga sig að afleiðingum þeirra.


Fiskgengd hér á landi hefur almennt aukist á undanförunum 3 árum, líklega vegna aukinnar endurheimtu laxa úr sjó auk vaxandi seiðaframleiðslu a.m.k. í mörgum ám þar sem mælingar liggja fyrir með nokkrum undantekningum. Merkingar á seiðum í Elliðaánum hafa verið hátt í tvöfaldar meðalheimtur. Aukning fiskgengdar og veiði á Vatnasvæði Ölfusár og Hvítár 2010 má væntanlega rekja til hærri endurheimtu úr sjó þótt ekki séu til beinar mælingar þar á. Þegar slík aukning verður er mikilvægt að aukningin nýtist til uppbyggingar þar sem hennar er þörf með því að skilja meira eftir til hrygningar. Vænta má þess að uppbygging taki mun styttri tíma þegar góðæri eru bæði í ferskvatni og í sjó.

Vonir standa til að með því að stækka hrygningarstofn laxa á vatnasvæðinu myndi seiðaframleiðsla aukast og veiði í kjölfarið sem aftur myndi getað staðið undir meiri netaveiði og stangveiði í framtíðinni og þar með yrði um tímabundnar aðgerðir að ræða til að bregðast við aðstæðum með stækkun hrygningarstofna til að auka seiðaframleiðslu.

Sem hugmynd má benda á að til að ná fram sem víðtækastri samstöðu um þessi mál má halda fund/ráðstefnu til að fara yfir þessi mál út frá þeirri þekkingu sem fyrir liggur. Meta stöðu, möguleika og skoðanir manna, ólíka hagsmuni og meta þá möguleika sem til eru. Í framhaldi má t.d. taka niðurstöður saman í skýrslu með tillögum og markmiðum.

Ef þessi úrræði virka eins og til er ætlast og að er stefnt má huga frekar að svæðum ofan fossa til þess að bæta við framleiðslu með fiskrækt í framhaldinu eins og rakið er hér að framan.


Virðingarfyllst,




F.h. Veiðimálastofnunar,
Guðni Guðbergsson

Laxveiði á stöng í Ölfusá, Hvítá og fyrir veiðisvæði Haukholt á árunum 2006-2010. Reiknað er hlutfall Haukholtaveiði af veiði í Hvítá og Ölfusá-Hvítá samanlagt.

Ár	Stangveiði			Stangveiði Haukholt	Hlutfail Haukholtaveiði af Hvítárveiði (%)	Hlutfall Haukholtaveiði af veiði í Ölfusá og Hvítá (%)
	Stangveið Ölfusá	Stangveið Hvítá	Ölfusá og Hvítá			
2006	138	361	499	25	6,9	5,0
2007	324	307	631	22	7,2	3,5
2008	573	618	1191	45	7,3	3,8
2009	494	801	1295	68	8,5	5,3
2010	378	380	758	55	14,5	7,3
Meðatal	381	493	875	43	8,9	5,0



Skráð veiði eftir veiðisvæðum og veiðiaðferðum á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár á árunum 1960-2010.



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 02.02.2011

Fiskistofa

Lax- og silungsveiðisvið

B.t. Árni Ísaksson

Dalshrauni 1

220 Hafnarfjörður

Efni: Umsögn um fiskræktaráætlun fyrir Veiðifélag Árnésinga (V.Á.) (Ölfusá-Hvítá).

Með erindi frá Fiskistofu 21. 12. 2010 fékk Veiðimálastofnun til umsagnar fiskræktaráætlun fyrir Veiðifélag Árnésinga sem merkt var Vatnasvæði Ölfusár og Hvítár. Veiðimálastofnun hafði áður gefið umsögn til Fiskistofu um fiskræktaráætlun Veiðifélag Árnésinga dagsett 7.10.2009.

Í fiskræktaráætlun kemur fram að um væri að ræða samkvæmt eyðublaði:

Fiaktegund: Lax, lax, sjóbirtingur, urriði, bleikja

Arfgerð: Heimastofn. Af stofni viðkomandi ár og á ófiskgeng svæði fari seiði af stofni fiskgengahluta.

Eldisstöðvar: Ýmsar.

Tegund: Seiðasleppingar, veiðieftirlit.

Með fylgja einnig sér skrif; Fiskræktaráætlun Veiðifélags Árnésinga 2010-2015 og verklagsreglur Veiðifélags Árnésinga um fiskrækt og sleppingar.

Veiðifélag Árnésinga hefur mótað þá stefnu að viðhalda skuli góðri fiskgengd og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna á félagssvæðinu. Ekki skuli stunda fiskrækt á félagssvæðinu nema að sérstakt tilefni sé til. Ef til fiskræktar kemur skuli nota stofna af viðkomandi svæði. Fylgt verði varúðarreglu við framkvæmdir og leitað sérþekkingar til að meta þörf á fiskrækt og ráðleggingar um framkvæmdir. Er Veiðimálastofnun þar tiltekin sem ráðgefandi aðili. Þessari stefnumörkun fylgja einnig verklagsreglur Veiðifélags Árnésinga um hvernig standa skuli að málum.

Vatnasvæði það sem Veiðifélag Árnésinga tekur til er bæði stórt með meiginvatnsfalli og hliðarám. Nýting er jafnframt bæði með netum og stangveiði. Hér er því um mun flóknari aðstæður að ræða en víðast hvar annars staðar í vatnakerfum hér á landi. Veiðifélagið vekur athygli á að innan vatnasvæðisins eru fiskgengir hlutar sem standa utan Veiðifélagsins og er bent á Fiskistofu sem aðila til að samræma fiskræktaraðgerðir á

Þessum svæðum. Í framhaldi þessa vill Veiðimálastofnun vekja athygli Fiskistofu á að í 37. gr. laga Nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði: "Í því skyni að ná markmiðum laga þessara skv. 1 gr. verði náð er mönnum skylt að hafa með sér félgasskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi". Skv. 38 gr. er það í höndum Fiskistofu að ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðiréttarhafa. Nánari skilgreining þar sem byggt er á fiskihverfi í heild og miðað við líffræðilegar skilgreiningar á stofni/stofnum sem grunneingingu myndi auðvelda veiðiréttarhöfum til að getað náð markmiðum laga um lax- og silungsveiði Nr. 61/2006.

Á grundvelli þeirra gagna sem fylgja þessari fiskræktaráætlun gefur Veiðimálastofnun ekki tilefni til efnislegrar umfjöllunar um umfang eða magn fiskræktar enda ber fiskrætaráætlun það með sér að fiskrækt komi til umsagnar Veiðimálastofnunar á síðari stigum.

Veiðimálastofnun telur stefnumörkun Veiðifélags Árnunga mjög athyglisverða og til fyrirmyndar á margan hátt. Þar sem fiskgengi hluti vatnakerfisins er ekki allur innan sama veiðifélags er ekki um sama fiskihverfi (*management unit*) að ræða og veiðifélaginu því vandi á höndum hvað samræmingu varðar. Brýnt er að leitað verði félgaslegra leiða til að samstaða náist svo markmiðum laga um lax- og silungsveiði verði náð.

F.h.
Veiðimálastofnunar

Guðni Guðbergsson

Fiskistofa

Árni Ísaksson,

forstöðumaður Lax- og silungveiðisviðs,

Dalshraun 1

220 Hafnarfjörður

För LÍKUN TÆL
OFNÁM OG FÉLÍFELAG

6

Kaldaðarnesi, 25. júní 2011.

Efni. Fiskræktaráætlun fyrir vatnasvæði Hvítár og Ölfusár.

Sjórn Veiðifélags Árnesinga sendi Fiskistofu fiskræktar – og nýtingaráætlun á árinu 2009. Í kjölfarið aflaði Fiskistofa umsagnar Veiðimálastofnunar. Í umsögn Veiðimálastofnunar, dags. 07.10.2009, er óskað eftir frekari upplýsingum frá Veiðifélagi Árnesinga en jafnframt tekið undir sjónarmið félagsins um að stofnunin veiti sameiginlega umsögn fyrir allt vatnasvæðið en þar eru starfandi tvö önnur veiðifélög, þ.e. Veiðifélag Faxa og Veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar. Í umsögninni kemur m.a. fram að það vanti upplýsingar um hvernig Veiðifélag Árnesinga geti stjórnað veiðiálagi þannig að veiðipól allra stofna sé tryggt. Þá kemur fram að mikilvægt sé að meta nýtingaráætlun og fiskræktaráætlun fyrir vatnasvæðið saman til að tryggja að markmiðum með báðum nái fram að ganga. Stjórn Veiðifélags Árnesinga svaraði þessu með því að senda Fiskistofu nýja fiskræktaráætlun sem ætlað var að mæta ábendingum Veiðimálastofnunar. Var það gert 25. júní 2010 og hefur umsögn Veiðimálastofnunar vegna hennar legið fyrir frá 2. febrúar 2011. Með vísan til þess sem að framan greinir um sjónarmið Veiðimálastofnunar um að það verði að meta nýtingar- og fiskræktaráætlun saman hefur stjórn Veiðifélags Árnesinga beðið með að senda Fiskistofu nýja nýtingaráætlun þar til fiskræktaráætlun hefur verið staðfest. Stjórnin óskar eftir upplýsingum frá Fiskistofu hvenær megi búast við þeirri staðfestingu og einnig hvort stofnunin ætli að óska eftir samræmdri umsögn Veiðimálastofnunar á fiskræktaráætlunum allra framangreindra veiðifélaga á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár.

Virðingarfyllst, f. h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson, formaður.

From: Árni Ísaksson <arni@fiskistofa.is>
Subject: Varðar Fiskræktaráætlun
Date: Thu, 7 Jul 2011 13:43:00 +0000
To: <jorundur@iogbyli.is>



7

Sæll Jörundur

Í bréfi dagsettu 25. júní er leitað eftir upplýsingum um staðfestingu á fiskræktaráætlun Vf. Árnesinga frá 25. júní 2010. Jafnframt er spurt um hvort æskilegt sé að Veiðimálastofnun gefi samræmda umsögn vegna fiskræktaráætlana allra veiðifélaga á Ölfusár Hvítársvæðinu. Áður en þessu er formlega svarað, vil ég upplýsa þig um mál sem komið er upp varðandi Brúará, sem ég hygg reyndar að þú hafir fengið upplýsingar um. Við Brúará virðast einstaka landeigendur eða hluti landeigenda hafa gert leigusamning og áætlunir um laxarékt án þess að allir aðilar hafi haft um það upplýsingar, jafnvel þeir sem tengdust viðkomandi jörðum. Vegna hjálagðrar fyrirspurnar, sem ég fékk um málið, sendi ég hjálagt svar með þeim gögnum, sem ég hafði í mínum fórum sem aðallega tengjast sleppingum á laxaseiðum í Brúará á árinu 2010, sem framkvæmdar voru með heimild VÁ og Fiskistofa samþykkt í raun með bréfi dagsettu 5. maí 2010.

Í kjölfar þessarar fyrirspurnar fór ég að rýna fiskræktaráætlun VÁ í þessu ljósi. Í ljós kemur að þessar fyrirætlanir koma hvergi fram í Fiskræktaráætluninni né heldur sleppingar á öðrum svæðum svo sem í Sogi. Ég tel að fiskræktaráætlanir, sem ekki geta um þær sleppingar sem þegar eru fyrirhugaðar, þarfnist endurskoðunar og þjóni ekki þeim markmiðum sem stefnt er að með slíkum plöggum. Ég hef einnig áhyggjur af þeirri þróun, sem getur orðið á einstaka svæðum innan félagssvæðis VÁ, ef einstaka landeigendur geta gert bindandi samninga við stangaveiðifélög án þess að öðrum landeigendum sé kunnugt um það eða jafnvel eigendum þeirra sömu jarða sem eiga veiðiréttinn eins og virðist hafa gerst í þessu tilviki. Mér finnst persónulega að þetta ættu að vera fullnægjandi rök fyrir því að stofnuð sé sérstök deild um Brúará og jafnvel fleiri þverár á ykkar svæði, sem ætti að útiloka slíka gjörninga.

Ég lít á þetta tölvubréf sem óformlegar ábendingar frá minni hendi en geri ekki athugasemdir við dreifingu á því til aðila sem að málinu koma.

Með kveðju


Árni

(See attached file: BrúarárfyrirspurnJónþór2011.pdf)

(See attached file: Brúarárfyrirspurn2011.pdf)

Lax- og silungsveiðisvið
Árni Ísaksson forstöðumaður

Head of Department
Salmonid Fisheries and Ecosystem Management
Directorate of Fisheries, Dalshrauni 1, Hafnarfjörður, Iceland
Telephone: (354) 569-7900, Fax: (354) 569-7991

 **Attachment:** BrúarárfyrirspurnJónþór2011.pdf (114Kbytes)

 **Attachment:** Brúarárfyrirspurn2011.pdf (997Kbytes)



F I S K I S T O F A

Dalshraun 1 220 Hafnarfjörður Sími: 569 7900 Fax: 569 7691 www.fiskistofa.is

23. september 2011

Veiðifélag Árnesinga
Hr. formaður Jörundur Gauksson
Kaldaðarnesi
801 Selfoss

Arnesinn - Deiminn
Arnesinn - Deiminn
Arnesinn - Deiminn

Varðar Fiskræktaráætlun fyrir veiðifélag Árnesinga

Í bréfi dagsettu 25. júní síðastliðinn óskar Veiðifélag Árnesinga eftir upplýsingum um það hvenær vænta megi staðfestingar Fiskistofu á fiskræktaráætlun félagsins frá 25. júní 2010. Bendir félagið enn fremur á að lögboðin umsögn Veiðimálastofnunar hafi legið fyrir síðan 2. febrúar 2011.

Í ofan greindri umsögn Veiðimálastofnunar kemur m.a. fram að Veiðifélag Árnesinga hafi mótað þá stefnu að viðhalda góðri fiskgengd og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna á félagssvæðinu án þess að stunda fiskrækt nema til þess sé sérstakt tilefni. Einnig kemur fram að Veiðimálastofnun telji ekki tilefni til efnislegrar umfjöllunar um fiskræktaráætlunina, þar sem ekkert komi fram um umfang eða magn fiskræktar. Þannig telur stofnunin að hún hljóti að koma síðar að málinu, þegar slíkar upplýsingar liggja fyrir. Jafnframt er bent á að á vatnasvæðinu starfi sjálfstæð veiðifélög, sem ekki séu bundin af samþykktum Veiðifélags Árnesinga.

Í „fiskræktaráætlun“ kemur fram að fyrirhugaðar séu seiðasleppingar skv. útfylltu eyðublaði, en í greinargerð veiðifélagsins kemur þó fram að félagið muni þó ekki stunda fiskrækt í skilningi laga nr. 58/2006 um fiskrækt. Þá fylgdi með „fiskræktaráætlun“ veiðifélagsins ítarlegar verklagsreglur sem samþykktar hafa verið á fundum hjá félaginu. Þótt hér sé um nýtsamar upplýsingar að ræða koma þessar reglur ekki til lögboðinnar umfjöllunar hjá Fiskistofu.

Þar sem Fiskistofu var kunnugt um áhuga á fiskræktarsleppingum hjá deildum Veiðifélags Árnesinga var fiskræktaráætlunin send til umsagnar hjá deildum félagsins með bréfi dagsettu 11. febrúar 2011. Svör bárust bæði frá Stóru-Laxárdeild og Tungufljótsdeild og í þeim umsögnum segir meðal annars:

Stóra Laxá:

„Í fimm ára fiskræktaráætlun er gefinn kostur á að krossa við ákveðin atriði.

1. Í liðnum „tegund fiskræktar“ er eingöngu krossað við seiðasleppinga og veiðieftirlit. Betra hefði verið að halda opnum fleiri möguleikum eins og „umbætur á ánni“ þar sem þörf hefur verið á slíku í Stóru-Laxá.
2. Í liðnum „seiðasleppingar“ er ekki getið um árlegt magn seiða þó að merkt sé við seiðasleppingar annarsstaðar og kemur þetta okkur þannig fyrir sjónir að engin fiskrækt sé fyrirhuguð næstu 5 árin en VÁ veit að vilji er fyrir fiskirækt t.d. í Tungufljóti.
3. Í liðnum „umbætur á ánni“ er ekki merkt við bakkavarnir eða annað en síðustu ár hefur verið nauðsynlegt að fara í bakkavarnir við Stóru-Laxá og næsta víst að það þurfi áfram bæði í Stóru-Laxá og annarsstaðar svo og lagfæringar á farvegi.“

Tungufljót:

„Fyrst er til að taka að ekki er ljóst hvar á vatnasvæðinu fiskirækt verði heimiluð skv. fiskiræktaráætlun V.Á. og fjöldi seiða er ekki heldur tiltekinn. Því er engan veginn ljóst hvað í áætluninni felst”.

Í lögum nr. 58/2006 um fiskrækt er fjallað um fiskræktaráætlunir í II kafla. Þar segir í 5. grein: „Í hverju veiðivatni, þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangveiði eða öðru því er að fiskrækt lýtur, er veiðifélagi eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, skylt að gera fiskræktaráætlun er nái til fimm ára í senn. Hlutverk fiskræktaráætlunar er að gera fyrirhugaða fiskrækt markvissa og árangursríka og tryggja eftir föngum að þannig sé að fiskrækt staðið í hvívetna að vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna stafi ekki hætta af slíkum framkvæmdum.”

Í sömu lögum er skilgreiningin á fiskrækt svo hljóðandi: „Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.”

Í lögnum er fjallað um aðkomu Fiskistofu í 6. grein, sem er svohljóðandi:


„Framkvæmd samkvæmt fiskræktaráætlun er háð því að Fiskistofa hafi áður samþykkt áætlunina. Áður en samþykki er veitt skal Fiskistofa leita umsagnar Veiðimálastofnunar. Í samþykki skulu koma fram þeir skilmálar sem Fiskistofa telur nauðsynlega, m.a. til verndar viðkomandi fiskstofni gegn sjúkdómum og erfðablöndun.

Í greinargerð með frumvarpi, sem síðar var að lögum nr. 58 /2006 um fiskrækt, segir um 5. gr. „Í 5. gr. kemur fram að í hverju veiðivatni, þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangveiði eða öðru því er að fiskrækt lýtur, sé veiðifélagi eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, skylt að gera fiskræktaráætlun er nái til fimm ára í senn. Ætlunin er sú að skylda til gerðar fiskræktaráætlunar nái fyrst og fremst til fiskræktar í þrengri skilningi, þ.e. þeirra tilvika sem nefnd eru í lagagreininni, mannvirkjagerðar og inngríps í lífríki vatnsins. Á hinn bóginn þarf ekki að gera sérstaka fiskræktaráætlun ef aðgerðir lúta að viðhaldi vega, bættum aðbúnaði fyrir veiðimenn og skyldum atriðum. Er þetta óbreytt regla 1. mgr. 23. gr. gildandi laga um lax- og silungsveiðar. Það nýmæli er hins vegar að finna í frumvarpsgreininni að tilgangurinn með gerð fiskræktaráætlunar er skýrður, en hann er samkvæmt greininni sá að gera fiskrækt markvissa og árangursríka og tryggja eftir föngum að þannig sé að fiskrækt staðið í hvívetna að vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna stafi ekki hætta af framkvæmdum eins og þar um ræðir...”

Eins og hér kemur fram gera lögin ráð fyrir að lögð sé fram fiskræktaráætlun frá veiðifélögum, sem hyggja á einhverjar framkvæmdir í fiskrækt t.d. með sleppingu seiða á vatnasvæðinu og skal þá tilgreina áætlunir um slíkar framkvæmdir til 5 ára. Ber þá veiðifélögum og/eða landeigendum að leita samþykkis Fiskistofu á slíkum fyrirætlunum. Ekki verður séð að veiðifélögum, sem ekki hyggjast stunda fiskrækt, beri að senda slíka áætlun til Fiskistofu enda má gera ráð fyrir að aðgerðarleysi sé ekki skaðlegt fyrir vatnasvæðið svo framarlega sem laxastofnar á svæðinu eru sjálfbærir.

Þar sem fiskræktaráætlun Veiðifélags Árnesinga gerir ekki ráð fyrir neinum sleppingum og verklagsreglur félagsins virðast vera mikilvægur þáttur í fyrirætlunum félagsins, telur Fiskistofa að fyrirbyggjandi fiskræktaráætlun þurfi ekki opinbera staðfestingu samkvæmt lögum nr. 58/2006 um fiskrækt og frekari útfærsla á fyrirbyggjandi tillögum og verklagsreglum sé á ábyrgð veiðifélagsins.

Í ofanefndu bréfi spyr Veiðifélag Árnesinga einnig um það, hvort Fiskistofa hyggist leita eftir samræmdri umsögn Veiðimálastofnunar vegna fiskræktaráætlana allra veiðifélaga um ár, sem renna til Ölfusár-Hvítár. Þessu er til að svara að samkvæmt lögum ber ofangreindum veiðifélögum hverju fyrir sig að skila sérstakri fiskræktaráætlun til Fiskistofu, ef þau hyggja á seiðasleppingar af einhverju tagi Samkvæmt lögum hefur Fiskistofa ekki vald til að krefja veiðifélög um samræmdar fiskræktaráætlanir fyrir stór vatnasvæði. Eðli málsins samkvæmt er slíku samráði best sinnt innan vébanda viðkomandi veiðifélaga í samvinnu við sérfræðinga. Sem dæmi má nefna að í Borgarfirði hefur samráð um slíkt verið innan vébanda veiðifélags Borgarfjarðar, sem er samráðsvettvangur allra (9) veiðifélaga þeirra vatnsfalla sem renna í Hvítá. Svo virðist sem Veiðifélag Árnesinga, sem fer með stjórnsýslu á stæðsta hluta vatnasvæðis Ölfusár-Hvítár, gæti beitt sér fyrir slíku samráði og lagt í kjölfarið fram samræmda fiskræktaráætlun, ef vilji er fyrir slíku á svæðinu.



Björn Jónsson lögfræðingur



Árni Ísaksson forstöðumaður
lax- og silungsveiðisvið

FISKRÆKTARÁÆTLUN VEIÐIFÉLAGS ÁRNESINGA 2010 – 2015

I. Markmið félagsins.

Samkvæmt 4. gr. samþykktu Veiðifélags Árneseinga nr. 991/2008 er markmið félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna.

II. Fiskrækt félagsins.

Á gildistíma fiskræktaráætlunarinnar 2010-2015 mun félagið ekki stunda fiskrækt í skilningi laga um fiskrækt nr. 58/2006 nema sérstakt tilefni þyki til. Komi fram ósk eða ábending um nauðsyn fiskræktar mun stjórn félagsins taka ákvörðun um hvort hefja skuli fiskrækt eða ekki. Komi til fiskræktar skal slík ræktun hafa það eitt að markmiði að efla þá náttúrulegu/villtu laxfiskastofna sem fyrir eru eða að nýta svæði ofan ófiskgengra fossa til uppeldis seiða og freista þess að gera svæði ofan fiskistiga sjálfbær. Komi í ljós að viðkomandi svæði geti ekki orðið sjálfbær er meginreglan sú að hætta skuli sleppingum. Að fenginni jákvæðri umsögn Veiðimálastofnunar kemur þó til álíta að heimila varfærnar sleppingar ef sýnt er að þær komi til með að viðhalda náttúrulegu klaki. Á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eru margir laxastofnar, hver á hefur sinn stofn og stærri árnar geta haft fleiri en einn stofn. Í þessari fiskræktaráætlun er átt við stofn sem erfðafræðilega einingu, þar sem laxar af sama stofni hrygna saman. Hver stofn er aðlagður að þeim umhverfisaðstæðum sem hann lifir í, bæði í fersku vatni og sjó. Sama á við um aðra laxfiska.

III. Ákvörðun stjórnar félagsins um fiskrækt.

Varúðarregla fiskræktarlaga felur í sér að þar sem fiskrækt sé inngríp í lífríki vatnsins skal þess gætt í hvívetna að vistkerfi villtra stofna stafi ekki hætta af fiskræktinni, m.a. vegna erfðablöndunar og sjúkdóma. Til þess að tryggja það eins og kostur er að villtum laxfiskastofnum stafi ekki hætta af fiskrækt mun stjórn félagsins ekki taka ákvörðun um fiskrækt nema á vísindalegum grundvelli. Áður en ákvörðun er tekin skal því liggja fyrir jákvæð umsögn Veiðimálastofnunar um hvort tilefni sé til fiskræktar eða ekki. Ef

umsögnin er jákvæð skal hún jafnframt bera með sér ráðgjöf um hvernig skuli standa að fiskrækt, m.a. um öflun hroгна, fjölda og tegund seiða og tímabil sleppinga. Að fenginni jákvæðri umsögn Veiðimálastofnunar skal stjórn félagsins taka ákvörðun um hvort hefja eigi fiskrækt eða ekki en hafi umsögn Veiðimálastofnunar verið neikvæð skal þegar hafna fiskrækt.

IV. Verklagsreglur stjórnar félagsins.

Nánar er kveðið á um fiskrækt í meðfylgjandi verklagsreglum, dags. 20 apríl 2010.

V. Veiðieftirlit.

Samkvæmt skipunar- og erindisbréfi veiðieftirlitsmanns hefur hann eftirlit með fiskrækt og skal tryggja að á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár verði fiskrækt aðeins stunduð á grundvelli gildandi fiskræktaráætlunar. Hafi fiskræktaráætlun veiðifélaga á svæðinu ekki fengið staðfestingu Fiskistofu ber honum að koma í veg fyrir fiskrækt í skilningi laga um fiskrækt og þá ekki síðst seiðasleppingar.

VI. Fiskræktaráætlanir Veiðifélagsins Faxa og Veiðifélags Varmár og Þorleifslækjar.

Á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár hagar svo til að tvö önnur veiðifélög eru á svæðinu. Veiðifélag Varmár og Þorleifslækjar og Veiðifélagið Faxi um Tungufljót ofan við fossinn Faxa. Það er álit stjórnar Veiðifélags Árnesinga að ekki sé unnt að tryggja að markmiðum fiskræktarlaga verði náð nema að Fiskistofa gæti þess að veita ekki samþykki sitt fyrir fiskræktaráætlunum veiðifélaganna nema að Veiðimálastofnun hafi áður veitt samhliða umsögn fyrir allt vatnasvæðið. Það er álit stjórnarinnar að slík umsögn, sem byggir á samræmdu mati, kunni að leiða til þess að Fiskistofa telji nauðsynlegt að setja skilyrði fyrir samþykki einstakra ræktunaráætlana svo að tryggja megi eftir fremsta megni fiskistofna á svæðinu fyrir erfðablöndun og sjúkdómum frá sleppifiski. Þar verði farið samkvæmt varúðarreglu. Stjórn Veiðifélags Árnesinga er t.d. kunnugt um að Veiðifélagið Faxi stundi fiskrækt og því sérstakt tilefni til að vekja athygli Fiskistofu á mikilvægi samræmdra aðgerða ekki síst þar sem Tungufljót er efst í vatnasvæðinu og áhrif sleppinga þar gætu því haft áhrif á lífríki víðar um svæðið.

VII. Nýtingaráætlun.

Stjórn félagsins vinnur að því að setja félaginu nýtingaráætlun. Þar sem fiskræktaráætlun félagsins byggir á því að meta skuli þörf á fiskrækt eftir því sem tilefni er til og að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar verður ekki séð að þessar tvær áætlanir geti stangast á. Í nýtingaráætlun mun vera kveðið á um það með hvaða hætti félagið geti brugðist við of miklu veiðiálagi, þ.á.m. með friðun og fiskrækt.

Samþykkt á stjórnarfundum Veiðifélags Árnesinga 20 apríl 2010.

fh. stjórnar, Jörundur Gauksson, formaður.

10.

Fiskistofa

Árni Ísaksson,

forstöðumaður Lax- og silungsveiðisviðs,

Dalshraun 1

220 Hafnarfjörður

Kaldaðarnesi, 9. apríl 2011.

Sjórn Veiðifélags Árnesinga hefur borist bréf Fiskistofu, dags. 11.02.2011, þar sem deildum innan Veiðifélags Árnesinga er gefið tækifæri á að gera athugasemdir við fiskræktaráætlun félagsins. Í fundarboði síðasta aðalfundar félagsins voru allir félagsmenn upplýstir um fiskræktaráætlun og hún kynnt sérstaklega á fundinum og þar gafst félagsmönnum tækifæri á að gera athugasemdir og jafnframt skriflega í kjölfar fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við fiskræktaráætlunina. Deildir innan Veiðifélags Árnesinga fara ekki með fiskrækt og er það félagið sem gerir það lögum samkvæmt. Deildir hafa ekki stöðu félagsmanna enda eiga þær ekki veiðirétt og eru því ekki aðilar máls hvað varðar fiskrækt samkvæmt lögum nr. 58/2006 um fiskrækt, lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði eða stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Að mati stjórnar félagsins voru því hvorki lagaskilyrði eða tilefni til fyrir Fiskistofu að gefa deildunum kost á að gera athugasemdir og getur sú ákvörðun hæglega valdið miskilningi á hverjir séu aðilar máls og hver fari með fiskrækt á félagssvæðinu.

Virðingarfyllst, f. h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson 11/4'11

Jörundur Gauksson, formaður.



F I S K I S T O F A

Dalshraun 1 220 Hafnarfjörður Sími: 569 7900 Fax: 569 7991 www.fiskistofa.is

30. maí 2011

Veiðifélag Árnesinga
Hr. Jörundur Gauksson formaður
Kaldaðarnesi, 801 Selfoss


Varðar umsagnir deilda um fiskræktaráætlun veiðifélags Árnesinga


Í bréfi yðar f.h. Veiðifélags Árnessýslu dagsettu 9. apríl síðastliðinn er gerð sú athugasemd við málsmeðferð Fiskistofu varðandi fiskræktaráætlun félagsins dagsetta 25. júní 2010, að hún hafi verið send til umsagnar til allra deilda veiðifélagsins. Í ofangreindu bréfi er látið að því liggja að deildir séu ekki aðilar máls varðandi fiskrækt, þótt umrædd veiðifélög svo sem Tungufljótsdeild og sérstaklega Stóra Laxárdeild hafi leigt út veiði á sínu vatnasvæði í áratugi og haft að mestu leyti frjálssar hendur varðandi sín verkefni svo sem verklegar framkvæmdir og ákvörðun á stangarfjölda. Við gerð nýrrar samþykktar fyrir veiðifélag Árnesinga árið 2008 benti Landbúnaðarstofnun, sem þá fór með stjórnýslu lax- og silungsveiðimála, á nauðsyn þess að allar deildir félagsins tækju þátt í stjórn veiðifélags Árnesinga og hefðu þannig ótvíræð völd innan veiðifélagsins í samræmi við sína hagsmuni. Ekki var tekið tillit til þessara ábendinga en ný samþykkt félagsins var staðfest af Fiskistofu án athugasemda, þar sem fyrirkomulag samþykktarinnar var í sjálfu sér í samræmi við lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

Að mati Fiskistofu eru framangreindar deildir aðilar máls sbr. 1. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993, þar sem ákvarðanir Veiðifélags Árnesinga, sem staðfestar eru af Fiskistofu, geta vissulega varðar rétt og skyldur viðkomandi deilda sbr. og umfjöllun Páls Hreinssonar í ritinu Stjórnýslulögin, skýringarrit, bls. 43. Til upplýsingar og í dæmaskyni skal bent á að allar bergvatnsár í Borgarfirði eru með sjálfstæð veiðifélög, sem fara bæði með sín fiskræktar- og leigumál. Við Hvítá í Borgarfirði starfar sjálfstætt félag, sem fer með öll sín innri málefni. Til að fjalla um sameiginlega hagsmuni eru öll veiðifélög á svæðinu aðilar að veiðifélagi Borgarfjarðar, sem ekki hefur boðvald yfir öðrum félögum, en starfar sem samráðs og samstarfsvettvangur.

Án þess að tekin sé afstaða til þess hvort fyrirkomulagið er heppilegra er ljóst að ákvæðum stjórnýslulaga er ekki fullnægt nema aðilum máls sé veittur réttur til að gera athugasemdir vegna gerðar fiskræktaráætlunar fyrir vatnasvæðið. Um það vitna þær athugasemdir sem borist hafa vegna ofangreindrar fiskræktaráætlunar.

Virðingarfyllst


Arni Ísaksson, forstöðumaður


Björn Jónsson, lögfræðingur



12

ÁLITSGERÐ

Til: Landssambands veiðifélaga

Frá: LEX lögmannsstofu, Karli Axelssyni hrl. og dósent.

Dags: 26. mars 2012

Efni: Staða deilda innan veiðifélaga.

I. Inngangur

Með tölvubréfi Óðins Sigpórssonar formanns Landssambands veiðifélaga þann 3. mars 2012, var þess óskað að undirritaður léti í té lögfræðilegt álit þar sem að fjallað yrði um réttarstöðu og sjálfstæðar heimildir deilda í veiðifélögum, sbr. ákvæði laga 61/2006 um lax- og silungsveiði. Nánar tiltekið er verkefnið útlistað þannig:

"Álitgerðin taki m.a. til hvort heimilt sé að halda sérstaka arðskrá í deildum og þá hvornig skuli með fara. Einnig verði skoðað hvort deildir hafi heimildir til a) að setja sér fiskræktaráætlanir, b) setja sér nýtingaráætlanir í ljósi þess framsals á ráðstöfun veiði sem veiðifélag lætur af hendi lögum samkvæmt við stofnun deildar innan veiðifélagsins.

Þá er æskilegt að réttarsamband Veiðifélags og deildar að gildandi lögum verði skýrt í álitgerðinni."

II. Lagaumhverfi.

Í 4. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006 er tekið fram að í samþykktum veiðifélags megi ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafi þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setji.

Lögskýringargögn eru fáorð um túlkun og beitingu þessarar heimildar en í athugasemdum með greininni segir það eitt að sambærilega reglu sé að finna í 4. mgr. 49. gr. gildandi laga. Í reglugerð nr. 1024/2006 um starfsemi veiðifélaga er deildaskipting ráðgerð án þess þó að af reglugerðinni verði neitt frekar ráðið um beitingu umræddrar heimildar til deildarskiptingar. Í reglugerð nr. 407/2012 um arðskrár veiðifélaga er ekkert vikið að deildum eða deildaskiptingu veiðifélaga.

Ákvæði þessa efnis kom fyrst fram í 3. mgr. 69. gr. eldri laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957 en þar sagði:



Í samþykkt má ákveða að veiðifélag starfi í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vafnis samkvæmt c-lið 1. mgr. 63. gr. Hver deild raðstafar veiði í sínu umdæmi með þeim takmörkunum, sem aðalfundur setur.

Í athugasemdum með greininni í frumvarpi sagði aðeins að reglan væri nýmæli og að reyningin virtist benda til, að heppilegt væri, að veiðifélög gætu starfað í deildum, ef misjafnlega hagaði til á félagssvæði.

Ákvæðið var óbreytt við endurútgáfu lax- og silungsveiðilaganna 1970, sbr. lög nr. 76/1970, og engar frekari efnislegar útlistanir að finna í lögskýringargögnum, hvorki þá né síðar svo sem fram er komið.

Það leiðir af sjálfu sér að viðkomandi heimild 4. mgr. 39. gr. gjaldandi laga um lax- og silungsveiði verður að skoða og meta í samhengi við önnur ákvæði VI. kafla laganna um veiðifélög og þá ekki síst ákvæði 37. gr. um starfsvettvang veiðifélags og félagsaðild; 38. gr. um umdæmi veiðifélags; 39. gr. um stofnun veiðifélags; 40. gr. um atkvæðisrétt í veiðifélagi og 41. gr. um arðskrá. Öll skipta þessi ákvæði sérstöku máli við mat á því hvað felist í heimild 4. mgr. 39. gr. um stofnun deilda.

Raunar verður í þessu sambandi sérstaklega staðnæmst við 1. mgr. 38. gr. laganna þar sem fram kemur að *umdæmi veiðifélags geti náð yfir heilt fiskihverfi, einstakt veiðivatn í fiskihverfi, hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hágar til um veiði eða vatnskosti, eða veiðivötn á áfrétti sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landsvæði.* Í 2. mgr. 38. gr. laganna er síðan lagt til grundvallar að Fiskistofa skuli ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðirettarhafa á væntanlegu félagssvæði. Sambærilegt ákvæði var upphaflega lögfest með 57. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/1932. Forsagan er sú að árið 1930 var fyrst lagt fram frumvarp að heildstæðum lögum um lax og silungsveiði. Frumvarp þetta hafði ekki að geyma ákvæði um veiðifélög. Frumvarpið var óútrætt á þinginu og tekið fyrir aftur árið 1931. Það ár varð frumvarpið aftur óútrætt en fram kom breytingatillaga sem inniheldur m.a. kaflann um veiðifélög. Tillagan var felld inn í frumvarpið, sem var loks samþykkt árið 1932 og varð að lögum nr. 61/1932. Ekki fylgdu neinar skýringar á ákvæðum kaflans um veiðifélög með breytingatillögunum.

Það ber því að áréttta að í málinu er sú staða uppi að viðkomandi lagaregla er knöpp og hvorki tæmandi né lýsandi, lögskýringargögn bæta þar litlu við og ekki er vítað til þess að neinar úrlausnir dómstóla eða yfirvalda liggja fyrir um túlkun viðkomandi lagareglu. Á hinn bóginn hefur undirritaður um það upplýsingar að í tímans rás hafi á vettvangi einstakra veiðifélaga átt sér stað mismunandi og raunar misvísandi útfærslur þessarar sérstöku heimildar til stofnunar sérstakra deilda innan veiðifélaga.

III.

Meginmál.

Við túlkun á umræddri heimild 4. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006 verður fyrir það fyrsta að hafa í huga að aðild að veiðifélagi er skyldubundin að lögum og því verður að gæta þess við túlkun einstakra ákvæða laga nr. 61/2006 að ganga aldrei lengra en það þrönga svigrúm sem 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár heimilar til slíkrar skylduáðildar. Á hinn bóginn felur tilvitnuð regla í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að veiðifélag starfi sem einheild um það fiskihverfi eða veiðivatn sem um er að ræða. Samkvæmt meginreglum við skýringar laga ber að skýra slíkar undantekningar með þrengjandi hætti. Þó ber að geta



Þess í sama samhengi, og svo sem áður er komið fram, að 1. mgr. 38. gr. sömu laga ráðgerir að umdæmi einstaks veiðifélags geti náð yfir heilt fiskihverfi, einstakt veiðivatn í fiskihverfi og í undantekningartilvikum hluta af veiðivatni. Lax- og silungsveiðilögin eru þannig ekki fortakslaust um þá skipan að um sama fiskihverfið, eða a.m.k. veiðivatnið, verði eitt og sama veiðifélagið að starfa.

Almennt er það svo þannig að til þess að stofna til heimildar af þessum toga þarf undir öllum kringumstæðum og sem endranær við gerð og breytingu samþykktu atbeina 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna, sbr. 5. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006. Sami meirihluti getur þá jafnan afturkallað heimild þess efnis.

Eitt megin álitæfnið sem staðið er frammi fyrir við túlkun heimildar 4. mgr. 39. gr. laganna lítur að því að í greininni segir að ákveða megi að félagið skuli starfa í deildum en með þeirri framsetningu vaknar sú spurning hvort að félagið skuli þá állt vera deildarskipt eða hvort mögulegt sé að einstökum hlutum viðkomandi fiskihverfis eða veiðivatns verði sérstaklega skipt út og um þann hluta starfrækt veiðifélagsdeild Framsetning ákvæðisins, þar sem beinlínis er tekið fram að ákveða megi að „félag starfi í deildum“, styður tvímælalaust þann skilning. Það má sjáan ljóst vera að sú tilhögun er um flest einfaldari og samræmdari ef viðkomandi veiðifélag er að öllu leyti deildarskipt. Skilin milli umboðs og valdsviðs einstakra deilda eru þá fyrirfram skýr og sambærileg og á vettvangi veiðifélagsins sjálfs, sem virkar þá sem einskonar regnhlíf eða móðurfélag, eru línur að öðru leyti lagðar, skorið úr mögulegum ágreiningi o.s.frv.

Það er þó niðurstaða mín að heimild 4. mgr. 39. gr. verði tæplega túlkuð það þröngt að aðeins geti komið til beitingar hennar sé félaginu öllu deildarskipt en útilokað sé að á vettvangi þess geti starfað einstakar deildir (nokkurskonar útibú) meðan önnur starfsemi og umsvif félagsins fari fram á vettvangi þess sjálfs. Lagareglan sjálf og lögskýringargögn eru einfaldlega of óljós til þess að svo afdráttarlausar ályktanir verði dregnar þó svo gild rök styðji mjög þann skýringarkost.

Eins og nánar verður rakið hér í framhaldinu er staðan hinsvegar verulega flóknari ef gert er ráð fyrir því að einstökum hlutum af umdæmi veiðifélags sé skipt út í formi deildar og viðkomandi félagsmenn hafa þá vægi sem slíkir og að lögum bæði á vettvangi deildarinnar og félagsins en aðrir veiðiréttarhafar aðeins á vettvangi félagsins sjálfs. Að því gefnu að ekki sé tekið af skarið um annað með skýrum hætti við deildarstofnun á vettvangi veiðifélagsins tel ég að viðkomandi deild beri að starfa samkvæmt arðskrá og samþykktum viðkomandi veiðifélags, sem og gildandi lögum um lax- og silungsveiði. Hér er þó verið að ræða um mjög einfaldaða útfærslu á stofnun og heimildum deildar sem taka þá fyrst og fremst til ráðstöfunar og nýtingar veiði fyrir landi þess félagssvæðis sem deildinni tilheyrir, en þó jafnan skv. þeim skilyrðum sem aðalfundur veiðifélagsins setur. Ekki kemur þá til þess að á vettvangi deildarinnar séu teknar aðrar ákvarðanir, né að til komi sérstök samþykkt, arðskrá o.s.frv. Heimild 4. mgr. 39. gr. verður svo ekki skilin öðruvísi en svo að veiðifélaginu sjálfu sé það algjörlega í sjálfsváld sett hvort og þá hvaða sjálfstæði það ætjar deildinni undir þessum kringumstæðum sbr. orðalag síðari málslíðarins um að hver deild ráðstafi þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur.

Málið flækst hinsvegar sé ráðgert víðtækara framsal á valdheimildum veiðifélagsins. Um starfshætti deildanna eru ekki sett önnur fyrirmæli í síðari málslíð 4. mgr. 38. gr. laga nr. 61/2006 en að deildin ráðstafi veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur. Í orði kveðnu er það því nokkuð á hendi aðalfundar veiðifélagsins hversu

rúmt þetta valdframsal til viðkomandi deildar geti orðið. Það hæf þá mögulega til þess að deildin setji sér sérstakar samþykktir, gerð sé sérstök arðskrá fyrir veiðisvæði það sem deildin tekur til o.s.frv. Það má hinsvegar ljóst vera að mögulegt framsal um slíka hluti kann að skapa fleiri vandamál en það leysir. Sé þannig ákveðið af löglegum meirihluta að heimila deild að setja sér sérstakar samþykktir, sérstaka arðskrá o.s.frv. er þá gildi þeirra og síðari breytingar ekki jafnan háð lögbundnu samþykki á vettvangi veiðifélagsins sjálfs? Það fær varf staðist að veiðifélagsdeild geti upp á einisdæmi sitt og án slíks samráðs/samþykkis sett sér sérstakar samþykktir eða sérstaka arðskrá. Það má ljóst vera að slíkt "sjálfstæði" gæti leitt til þess að samþykktir deildarinnar yrðu ekki í samræmi við samþykktir viðkomandi veiðifélags og sama stað gæti komið upp vegna innbyrðis skipfingar í arðskrá. Slík tilhögun gæti leitt til fullkominnar upplausnar á viðkomandi félagssvæði sem beinlínis gengi þvert á markmiðið með þeirri lögbundnu tilhögun sem viðhöfð er, sbr. og markmið 1. gr. laga nr. 61/2006. Enn nú flóknari staða kann að skapast vegna gerðar fiskræktaráætlana sem veiðifélögum er lögskilyt að standa að með heildstæðum hætti fyrir viðkomandi veiðivötn, sbr. fyrir máli laga nr. 58/2006 um fiskrækt sem og fyrir máli einstakra ákvæða laga nr. 61/2006 þar að lútandi. Sama staða er og uppi vegna gerðar nýtingaráætlana sem ráðgert er að unnar séu fyrir einstök veiðivötn, sbr. 17. – 20. gr. laga nr. 61/2006 og félagssvæði veiðifélags skv. 29. og 30. gr. sömu laga. Þá má spyrja hvort þeir félagsmenn sem tilheyra viðkomandi veiðideild og atkvæðisrétt hafa, sbr. 40. gr. laga nr. 61/2006 fari jafnframt með óskertan atkvæðisrétt á vettvangi funda veiðifélagsins sjálfs, og þá líka þegar greidd eru atkvæði um málefni sem sannarlega varða aðeins hagsmuni þeirra félagsmanna sem tilheyra þeim hluta félagssvæðis veiðifélagsins sem stendur utan umdæmis viðkomandi deildar?

Það er mat mitt að afar ólíklegt sé að þeir sem í upphafi stóðu fyrir því að heimild til deildaskiptingar var tekinn upp í lög um lax- og silungsveiði hafi séð fyrir þau fjölmörgu álitæfni sem kynnu að rísa og eftir atvikum þann skort á samræmi og raunar yfirsýn í allri lagaframkvæmd sem af framangreindu kynni að hljóta, sbr. þau tilvik sem rakin er hér að framan. Lausung og réttaróvissa í framkvæmd styður og þann skilning.

Standi hugur manna til þess að reka einstaka deild í veiðifélagi með svo sjálfstæðum hætti að setja beri henni sérstakar samþykktir, eftir atvikum sérstaka arðskrá, mögulega fiskræktaráætlun og nýtingaráætlun sýnist miklu mun eðlilegra að stofna fremur sérstakt veiðifélag um viðkomandi hluta fiskihverfis/veiðivatns standi lagaskilyrði 1. og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 61/2006 þeirri skipan mála ekki í vegi. Sé sú leið hinsvegar ekki fær er stór spurning hvort fremur eigi þá að vera hægt að koma á sambærilegri skipan með stofnun sjálfstæðrar deildar innan veiðifélags?

Í því afar óljósa lagaumhverfi sem við er að glíma og með hliðsjón af því að hin lögbundna skylduáðild er að sjálfsgöðu lþyngjandi er þó sem fyrr segir varhugavert að túlka ákvæði laganna þannig og þá mögulega gegn vilja aukið meirihluta innan veiðifélags að heimildir aðalfundar veiðifélags til þess að framselja með svo víðtækum hætti lögbundnar heimildir sínar til einstakra deilda sæti fyrirfram ákveðnu banni. Það má þó ljóst vera að slíkt framsal sætli eðli málsins samkvæmt afar miklum takmörkunum og krefst nákvæmrar útfærslu. Heimild veiðifélagsdeildar til þess að setja sér sérstakar samþykktir hlýtur þannig jafnan að vera háð samþykki veiðifélagsins sjálfs og að því gættu að nægilegt og nauðsynlegt samræmi sé á milli samþykktu félagsins og deildarinnar. Þá þarf jafnframt að fjalla sérstaklega um atkvæðisrétt, mögulega skörun hans og hvernig með skuli fara. Sé tilætlunin sú að veiðifélagsdeild sé ætlað víðtækara hlutverk en ráðstöfun veiði með þeim hætti sem að framan greinir og eftir atvikum á grundvelli sjálfstæðra samþykktu þá verður í þeim samþykktum sem og samþykktum

veiðifélagsins sjálfs að greina á milli þeirra ákvarðana sem teknar eru á vettvangi deildarinnar og þeirri takmörkun sem félagsmenn í henni sæta þegar greidd eru atkvæði um sambærileg „sérma“ þess hluta veiðifélagsins sem eftir stendur á vettvangi þess. Sem endranæf fer aðalfundur veiðifélagsins með endanlegt vald um alla tilhögun þessa.

Sjálfstæð heimild veiðifélagsdeildar til arðskrárgerðar hlýtur að sama skapi alltaf að vera háð sérstöku samþykki á vettvangi veiðifélagsins sjálfs og slík sérstök arðskrá getur vart orðið til nema að hún sé unnin í samræmi og samhengi við arðskrá félagssvæðisins í heild eða að öðru leyti. Enn nú augljósara má þetta vera um fiskræktaráætlanir þar sem verið að vinna að fiskrækt sem varðar þá viðkomandi fiskihverfi eða a.m.k. veiðivatni í heild og svo nýtingaráætlanir en með þeim er tilætluin m.a. sú að stýra veiðilagi með samræmdum hætti innan sama fiskihverfis eða veiðivatns, sbr. 29. og 30. gr. laga nr. 61/2006.

Þá er vert að áréttu að endanlegt vald um sérhvert framangreindra atriða er á endanum á hendi veiðifélagsins sjálfs og sú tilhögun vart lögmæt að í samþykktum veiðifélags sé fyrir hendi almenn heimild til stofnunar deildar sem síðar er nýtt til þess að stofna deild sem eftir það lifir nánast „sjálfstæðu lífi“, ef svo má segja, þar sem teknar eru ákvarðanir óháð tilvist, afstöðu og stefnu viðkomandi veiðifélags. Áréttu ber að sérhver sú ákvörðun sem skoða má sem framsal einstakra valdheimilda veiðifélags skv. lögum nr. 61/2006 þarfnast tilskilinna breytinga samþykktu, sem síðan útheimtir samþykki 2/3 félagsmanna sbr. 5. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006. Þá felst enn nú frekarí takmörkun í þeim fyrirmælum niðurlags 4. mgr. 39. gr. að deildin ráðstafi veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur setur.

Á vettvangi deildarinnar verður síðan að gæta þess að starfað sé á hverjum tíma í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006 og samþykktir þess veiðifélags sem um er að ræða, burtséð frá því hvort að menn kjósa janframt að setja viðkomandi deild sjálfstæðar samþykktir sem verða þá raunar að samræmast samþykktum veiðifélagsins sjálfs.

Sú staða sýnist því vera uppi að það sé eftir sem áður algjörlega á valdi veiðifélagsins hverju sinni hvort og þá hvaða sjálfstæði það ætlar deildinni undir þessum kringumstæðum. Eg tek svo sérstaklega fram að þessu fyrirkomulagi verður breytt og það afnumið með samþykki framangreinds og tilskilins meirihluta á vettvangi veiðifélagsins sjálfs og hvað sem líður afstöðu þeirra sem deildina skipa sérstaklega.

Umfjöllun þessi dregur skýrlega fram þá augljósu ókosti sem að óbreyttum lögum eru á því að skipta út einstökum hlutum fiskihverfis/veiðivatns í formi félagsdeildar, a.m.k. sé tilætluin sú að hún njóti sjálfstæðis nánast með sambærilegum hætti og veiðifélagið sjálft. Það skal ítrekað að það sýnist undir þeim kringumstæðum vera eðlilegra að freista þess að fara þá leið sem 1. mgr. 38. gr. ráðgerir og stofna til sjálfstæðs veiðifélags séu skilyrði slíks að öðru leyti uppfyllt. Áréttu ber þó að málið horfir ekki eins við sé tilætluin sú að deildarskipta veiðifélagi í heild enda verður þá komið í veg fyrir ýmsa þá annmarka og óheppilegu skörun sem að framan getur.

Þetta breytir þó ekki því mati mínu að hvað sem öllu öðru líður er nauðsynlegt að gera grundvallarbreytingar á útfærslu laganna hér að lútandi og skýra og skerpa með afgerandi hætti það fyrirkomulag sem menn kunna að vilja viðhafna á deildarskiptingunni til framtíðar lítið. Í því sambandi koma nokkrar leiðir til greina. Í fyrsta lagi kæmi til greina að fella niður sjálfstæða heimild til stofnunar deilda og láta 38. gr. laganna alfarið stýra því hvort skilyrði séu til þess að skipta upp veiðifélagi í fleiri sjálfstæð félög þar sem



sambættir hagsmunir eiga betur saman. Séu ekki skilyrði til slíks geti hvort eð er ekki verið nauðsynlegt að kljúfa upp starfsemi veiðifélags með deildaskiptingu. Í öðru lagi mætti binda heimildina til deildarskiptingar því skilyrði að félagið starfi þá allt í deildum. Slík niðurstaða kallar þó allt að einu á nauðsynlegar viðbætur við núverandi lagaheimild sem eftir atvikum yrði útfærð nánar í reglugerð. Í þriðja lagi væri sú leið tæk að binda ekki heimildina til deildaskiptingu við það skilyrði að allt félagið starfi í deildum en haga málum þannig að einstakar deildir í veiðifélögum fari aðeins með þröngt og skilgreint hlutverk, mögulega vald til þess að ráðstafa veiði fyrir félagssvæði deildarinnar, en að öðru leyti starfi deildin á grundvelli sömu samþykktu og arðskrár og félagið sjálft og öll önnur ákvarðanataka færi þá fram á vettvangi þess. Loks væri í fjórða lagi hægt að stánna þannig að málum að heimilt væri að framselja með viðtökum hætti verkefni og vald til einstakra deilda sem lytu þá viðtöku sjálfsförræði þó alltaf innan þess ramma sem lög um lax- og silungsveiði og samþykktir viðkomandi veiðifélags setja og að gættu því viðtæka samræmi og samþáttun sem nánar er vikið að hér að framan. Má ljóst vera að slík útfærsla kallar á viðamestu og útfærðustu tillögurnar um breytingar á 4. mgr. 39. gr. af þeim leiðum sem hér hafa verið reifaðar sem eiga það þó allar sammerkt að þeim verður ekki komið á svo vel sé nema með nauðsynlegum breytingum á lögum um lax- og silungsveiði.

VII. Samantekt

Í samandregnu máli eru helstu niðurstöður álitgerðar þessarar eftirfarandi:

- Regla 4. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006 um heimild til stofnunar deilda innan veiðifélaga er knöpp og hvorki tæmandi né lýsandi, lögskýringargögn bæta þar litlu við og ekki er vitað til þess að neinar úrlausnir dómstóla eða yfirvalda liggja fyrir um túlkun viðkomandi lagareglu. Þá mun framkvæmdin á vettvangi einstakra veiðifélaga vera mismunandi og ósamræmd.
- Við túlkun heimildarinnar verður annarsvegar að hafa í huga að aðild að veiðifélagi er skyldubundin að lögum og hinsvegar að umrædd regla felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að veiðifélag starfi sem ein heild um það fiskihverfi eða veiðivatn sem um er að ræða. Þá ber að geta þess í sama samhengi að 1. mgr. 38. gr. sömu laga ráðgerir að umdæmi einstaks veiðifélags gefi náð yfir heilt fiskihverfi, einstakt veiðivatn í fiskihverfi og í undantekningar-tilvikum hluta af veiðivatni. Lax- og silungsveiðilöggjöfin eru þannig ekki fortakslaus um þá skipan að um sama fiskihverfið, eða a.m.k. veiðivatnið, verði eitt og sama veiðifélagið að starfa.
- Almennt er það þannig að til þess að stofna til heimildar af þessum toga þarf undir öllum kringumstæðum og sem endranær við gerð og breytingu samþykktu atvæðisbærra félagsmanna, sbr. 5. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006. Sami meirihluti getur þá jafnan afturkallað heimild þess efnis. Sú tilhögun sténst varð fyrir mæli laga nr. 61/2006 að í samþykktum veiðifélags sé fyrir hendi almenn heimild til stofnunar deilda sem síðar er nýtt til þess að stofna deild sem eftir það lifir nánast „sjálfstæðu lífi“, ef svo má segja, þar sem teknar eru ákvarðanir óháð tilvist, afstöðu og stefnu viðkomandi veiðifélags.
- Veigamikil rök styðja þann skilning að heimildina eigi að skilja svo að viðkomandi veiðifélag eigi þá allt að vera deildarskipt og ekki geti komið til þess að stofnaðar séu einstakar deildir (útibú) innan veiðifélags sem að öðru leyti sé ekki



deildarskipt. Það er þó niðurstaða undirritaðs að lagareglan sjálf og lögskýringargögn séu of óljós til þess að svo afdráttarlaus ályktun verði dregin að undir engum kringumstæðum sé heimilt að stofna til stakrar deildar eða deilda innan veiðifélags sem að öðru leyti er ekki deildarskipt.

- Í álitinu er jafnframt bent á fjölmörg flókin álitæfni sem rísa undir þeim kringumstæðum að gert sé ráð fyrir því að einstökum hlutum af umdæmi veiðifélags sé skipt út í formi deildar og viðkomandi félagsmenn hafa þá vægi sem slíkir og að lögum bæði á vettvangi deildarinnar og félagsins en aðrir veiðiréttarhafar aðeins á vettvangi félagsins sjálfs.
- Að því gefnu að ekki sé tekið af skarið um annað með skýrum hætti við deildarstofnun á vettvangi veiðifélagsins er niðurstaðan sú að viðkomandi deild beri í störfum sínum að fara að arðskrá og samþykktum viðkomandi veiðifélags sem og gildandi lögum um lax- og silungsveiði eftir því sem við á. Sjálfstæðar heimildir deildarinnar séu þá takamárkaðar og ná eftir atvikum fyrst og fremst til ráðstöfunar og nýtingar veiði fyrir landi þess félagssvæðis sem deildinni tilheyrir og ekki komi þá til þess að á vettvangi deildarinnar séu teknar aðrar ákvarðanir, né að til komi sérstök samþykkt, arðskrá o.s.frv.
- Heimild 4. mgr. 39. gr. verður svo ekki skilin öðruvísi en svo að veiðifélaginu sjálfu sé það algjörlega í sjálfsvald seft hvort og þá hvaða sjálfstæði það ætlar deildinni undir þessum kringumstæðum sbr. orðalag síðari málsliðarins um að hver deild ráðstafi þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur.
- Slík heimild til deildarstofnunar verður síðan afturkölluð af tilskildum meirihluta aðalfundar viðkomandi veiðifélags.
- Málið flækist hinsvegar sé ráðgert viðtækara framsal á valdheimildum veiðifélagsins, það nái þá mögulega til þess að deildin setji sér sérstaka samþykktir, gerð sé sérstök arðskrá fyrir veiðisvæði það sem deildin tekur til o.s.frv. Slíkt framsal valdheimilda sé þó varhugavert og skapi líklega fleiri vandamál en það leysi. Eru dæmi þessa rakin í álitargerðinni. Þá skapist sérstök vandamál vegna atkvæðisréttar og bent á þá sérstöku stöðu sem að óbreyttu kynni að vera fyrir hendi ef að þeir félagsmenn sem tilheyra viðkomandi veiðideild og atkvæðisrétt hafa, sbr. 40. gr. laga ht. 61/2006, fara jafnframt með óskertan atkvæðisrétt á vettvangi funda veiðifélagsins sjálfs, líka þegar greidd eru atkvæði um málefni sem sannarlega varða aðeins hagsmuni þeirra félagsmanna sem tilheyra þeim hluta félagssvæðisins sem stendur utan umdæmis viðkomandi deildar.
- Standi vilji tilskilins meirihluta innan veiðifélags allt að einu til þess að reka einstaka deild í veiðifélagi með svo sjálfstæðum hætti sýnist miklu mun eðlilegra að stofna fremur sérstakt veiðifélag um viðkomandi hluta fiskihverfis/veiðivatns standi lagaskilyrði 1. og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 61/2006 þeirri skipan mála ekki í vegi. Sé sú leið hinsvegar ekki fær sé vafasamt að reglur laganna verði túlkaðar þannig að undir þeim kringumstæðum eigi þá að vera hægt að koma sambærilegri skipan allt að einu á með stofnun sjálfstæðrar deildar innan veiðifélags.
- Í afar óljósu lagaumhverfi er þó enn áréttað að varhugavert sé túlka ákvæði laganna fortákslaust þannig, og þá mögulega gegn vilja aukins meirihluta innan veiðifélags, að slík tilhögun sé fyrirfram útilokuð. Það sé þó ljóst að slíkt framsal sæti eðli málsins samkvæmt miklum takmörkunum og krefjist nákvæmrar útfærslu. Bent er á að gerð sjálfstæðra samþykktar, arðskrár, áætlana o.s.frv. séu



þá ávallt háð samræmi og samþykki á vettvangi veiðifélagsins sjálfs og janframt að fjalla þurfi þá sérstaklega um atkvæðisrétt, mögulega skörun hans og taka af skarið hvérnig með skuli fara.

- Sé tilætlunin sú að veiðifélagsdeild sé ætlað viðtækara hlutverk en ráðstöfun veiði með þeim hætti sem að framan greinir og eftir atvikum á grundvelli sjálfstæðra samþykktá þá verður í þeim samþykktum sem og samþykktum veiðifélagsins sjálfs að greina á milli þeirra ákvæðana sem teknar eru á vettvangi deildarinnar og þeirri takmörkun sem félagsmenn í henni sæta þegar greidd eru atkvæði um sambærileg „sérmat“ þess hluta veiðifélagsins sem eftir stendur á vettvangi þess. Sem endranær fer aðalfundur veiðifélagsins með endanlegt vald um alla tilhögun þessa.
- Þá er tekið fram að endanlegt vald um sérhvert framangreindra atriða sé á endanum á hendi veiðifélagsins sjálfs, sérhver sú ákvörðun sem skoða má sem framsal einstakra valdheimilda veiðifélags þarfnist tilskilinna breytinga samþykktá, sem síðan útheimtir samþykki 2/3 félagsmanna og viðkomandi ákvarðanir um framsal heimilda séu loks afturkallanlegt á hverjum tíma. Eftir sem áður er það því algjörlega á valdi veiðifélagsins hverju sinni hvort og þá hvaða sjálfstæði það ætlar deildinni undir þessum kringumstæðum og á hverjum tíma, sbr. og sú veigamikla takmörkun sem felst í síðari málslíð 4, mgr. 39. gr. um að hver deild ráðstafi þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur.
- Þó svo ekki sé talið unnt að útiloka að tilhögun sem þessi standist fyrir mæli laga nr. 61/2006 þá sé ljóst að fyrirkomulag sem þetta sé fjarri hugmyndum þeim sem til grundvallar deildaskiptingu lágu í öndverðu og þeirri stjórnsýslu sem gildandi lög ráðgeri.
- Þá er bent á nausöyn þess að gera breytingar á útfærslu laga nr. 61/2006, sbr. 4. mgr. 39. gr. og skýra og skerpa með afgerandi hætti það fyrirkomulag sem menn kunna að vilja viðhafa á deildarskiptingunni til framtíðar lítið. Í því samhengi eru reifaðar nokkrar leiðir sem til greina komi við mögulegar lagabreytingar.

Undirritaður er svo að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að gefa frekari upplýsingar og svör að því marki sem slíkt er tækt og þá enn minnt á þann fátæklega grundvöll sem löggjafinn hefur eftirlátið við túlkun heimildar til deildaskiptingar veiðifélags.

Virðingarfyllt,

Karl Axelsson hrl. og
dósent við lagadeild HÍ

Fiskistofa

Árni Ísaksson,

forstöðumaður Lax- og silungsveiðisviðs,

Dalshraun 1

220 Hafnarfjörður

Kaldaðarnesi, 25. júní 2011.

Efni. Nýtingaráætlun fyrir Stóru-Laxá og Tungufljót

Stjórn Veiðifélags Árnesinga hefur borist nýtingaráætlun fyrir Stóru- Laxá sem staðfest er af Fiskistofu 28.03.2011. Var sú nýtingaráætlun lögð fyrir Fiskistofu af stjórn Stóru- Laxárdeildar en ekki af stjórn Veiðifélags Árnesinga. Einnig hefur stjórninni borist umsögn, dags. 05.05.2011, sem Fiskistofa óskaði eftir við Veiðimálastofnun vegna nýtingaráætlunar fyrir Tungufljót.

Óskar stjórnin eftir því við Fiskistofu að hún upplýsi á hvaða lagagrundvelli hún staðfesti nýtingaráætlun fyrir Stóru-Laxár. Komi í ljós að ekki hafi verið lagaskilyrði til að staðfesta nýtingaráætlun og hefja málsmeðferð vegna nýtingaráætlunar Tungufljóts, t.d. þar sem áætlanirnar komu frá deildum en ekki frá Veiðifélagi Árnesinga, er óskað eftir því við Fiskistofu að hún afturkalli þessar ákvarðanir.

Samrit sent formönnum deildanna.

Esther Guðjónsdóttir

Drífa Kristjánsdóttir

Virðingarfyllst, f. h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson, formaður.



4. júlí 2011

Veiðifélag Árnesinga
Hr. formaður Jörundur Gauksson
Kaldaðarnesi
801 Selfoss

Varðar nýtingaráætlanir fyrir deildir innan Veiðifélags Árnesinga

Í bréfi dagsettu 25. júní leitar stjórn Veiðifélags Árnesinga skýringa á því af hverju Fiskistofa hefur staðfest nýtingaráætlun deilda félagsins við Stóru Laxá og Tungufljót, á hvaða lagagrunni sú ákvörðun byggir og fer fram á afturköllun umræddrar ákvörðunar.

Ákvæði um nýtingaráætlanir komu fyrst í lög með lagabreytingum 2006 sbr. lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Umrædd ákvæði, sem eru í 17., 18., 19., 20. og 29. grein laganna taka fyrst og fremst til eftirfarandi atriða, sem fram koma í hjálögðu eyðublaði (fylgiskjal 1):

- Stangafjöldi innan veiðisvæðis (opinber ákvörðun)
- Fjöldi stangardaga yfir sumarið (lögbundið)
- Tímasetning veiðinnar innan ársins (ákvörðun heimamanna)
- Ákvörðun um daglegan veiðitíma (ákvörðun heimamanna).
- Ákvörðun um mörk stangaveiðisvæða innan heildarsvæðis (ákvörðun heimamanna).
- Takmörkun á leyfilegu agn í stangaveiði (ákvörðun heimamanna).
- Ákvörðun um hámarksfjölda fiska, sem heimilt er að landa á dag (ákvörðun heimamanna).
- Ákvörðun um sleppingu veiddra fiska (ákvörðun heimamanna).
- Líffræðileg atriði sem tengjast sjálfbærni veiðivatnsins (t.d. hrognabéttleiki)

Af þeim atriðum, sem hér hafa verið talin upp, eru flest þannig vaxin að þau eru alfarið á valdi viðkomandi veiðifélaga og deilda inna veiðifélaga í samvinnu við sína leigutaka. Eina atriðið, sem hefur verið háð samþykki opinberra aðila í áratugi er sá stangafjöldi sem heimilt er að beita í hverju veiðivatni en hann var háður leyfi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra samkvæmt eldri lögum.


Hefð er fyrir því að beiðnir um aukningu á hámarks stangafjölda hafa ætíð komið frá þeim aðila, sem ráðstafar veiði og semur við leigutaka um árgjald vegna leigusamnings (fylgiskjal 2). Þar sem Stóra-Laxá og einnig Tungufljót hafa samþykktir, sem gera ráð fyrir að deildirnar hafi sjálfstæðar stjórnir, ráðstafi veiði og skipti arði samkvæmt arðskrá verður að telja eðlilegt að hver deild skili inn nýtingaráætlun með upplýsingum um helstu áherslur varðandi nýtingu og friðun. Eins og fram kemur í fylgiskjali 3 hefur Stóra-Laxárdeild haft sérstakar samþykktir allt frá árinu 1961 (fylgiskjal 3 og 4) en gerðir hafa verið sérstakir samningar (fylgiskjal 5) milli deildarinnar og Veiðifélags Árnesinga vegna greiðslna deildarinnar til veiðifélagsins vegna þátttöku í rekstri VÁ.

Hjálagt er afrit af nýtingaráætlun frá Veidifélagi Árnésinga vegna stangaveiði á laxi frá árinu 2009 (fylgiskjal 6) en þar kemur fram að heildar stangafjöldi á vatnasvæðinu sé allt að 85 stangir og stangaveiðidagar allt að 9450. Út frá sjónarmiðum nýtingarstjórnunar og vistfræði er með öllu óásættanlegt að fallast á slíka nýtingaráætlun fyrir heilt vatnasvæði, sem ekki tilgreinir fjölda stanga í einstaka vatnsföllum, sem eru í raun eina viðráðanlega stjórnsýslueiningin enda er veiði skrásett fyrir einstakar ár svo sem Stóru-Laxá, Brúará, Tungufljót o.s.frv. Faglegt mat á veiðiálagi hlýtur því að byggja á minnstu stjórnsýslueiningunum, sem sérfræðingar hafa yfirsýn yfir, enda er slíkt gert í öðrum stórum vatnakerfum svo sem í Borgarfirði.

Í ljósi ofanritaðs telur Fiskistofa eðlilegt að deildir innan veiðifélaga, sem rétt hafa til að ráðstafa veiði og kjósa eigin stjórn, fari með þá ábyrgð sem því fylgir að gera raunhæfa nýtingaráætlun fyrir viðkomandi á. Þótt ekki sé farið fram á slíkt í lögum, telur undirritaður að gerð nýtingaráætlunar eigi að fara fram með aðstoð sérfræðilegra ráðgjafa, sem hafi yfirsýn yfir þol viðkomandi stofna. Veiðiréttareigendur við viðkomandi vatnsfall hljóta jafnframt að vera drifkraftur í slíkri vinnu enda bera þeir bæði arð eða skaða af því, sem framkvæmt er, í samræmi við fyrirliggjandi arðskrá.

Að því er nýtingaráætlun varðar hlýtur meginverkefni Veidifélags Árnésinga að vera að gera grein fyrir þeirri netaveiði og/eða stangaveiði sem stunduð er á þeim svæðum, sem ekki falla undir deildir á svæðinu og hafa því ekki heimastjórn. Undir þá skilgreiningu virðast einnig falla ýmsar bergvatnsár svo sem Sog og Brúará en einnig ýmis skilgreind veiðisvæði í jökulvatninu svo sem Iða. Heildar veiðistjórnun á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár verður því óhjákvæmilega byggð á einhvers konar heildar nýtingaráætlun, sem samsett er úr nýtingaráætlunum fyrir netaveiði auk nýtingaráætlana deilda við bergvatnsárnar og annarra stjórnsýslueininga varðandi stangaveiði, sem starfandi eru á félagssvæði VÁ.

Virðingarfyllst


 Arni Ísaksson, forstöðumaður
 Lax- og silungsveiðisvið



F I S K I S T O F A

Lax- og sílungsveiðisvið

Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími 569 7900 • Fax 569 7990

Nýtingaráætlun fyrir laxveiði

8 ára nýtingaráætlun fyrir:

*(nafn veiðivatns)*Nafn veiðifélags (eða eiganda
veiði):

Nafn veiðifélagsformanns:

Kennitala:

Sími:

Heimili:

Póstfang:

Nýtingaráætlun fyrir árin: _____ til _____

Meðalveiði frá 1974*:
Hámarks stangarfjöldi per dag:
Stangveiðidagar yfir sumarið: <i>(Stangir x veiðidagar)</i>
Árlegur veiðitími:
Daglegur veiðitími:
Takmörkun á fjölda landaðra laxa á stöng á dag:
Takmörkun á stærð landaðra laxa (lengd):
Lágmarks hrognþéttleiki (hrogn/m ²):
Heimiluð beita: <input type="checkbox"/> Maðkur <input type="checkbox"/> Flugla <input type="checkbox"/> Spónn <input type="checkbox"/> Túba <input type="checkbox"/> Annað:
Tilhögun netaveiði:

*: Sjá samantekt á veiðiskýrslum frá 1974-20xx (Veiðimálastofnun: www.veidimal.is)

Fyrirætlanir (ákvarðanir) um friðun

Friðun á einstaka veiðisvæðum:

Önnur friðunarákvæði:

Dags.: _____

Undirskrift veiðifélagsformanns (eða eiganda veiði):

VEIÐIMÁLANEFND
REYKJAVÍK

6. janúar 1986.

Veiðideild Stóru-Laxár,
Hr. Agúst Sigurðsson, formaður,
Birtingaholti,
Hrunamannahreppi,
Arnessýslu.

Í bréfi yðar, dags. 28. nóvember s.l. er þess óskað,
að heimilað verði að veiða með tilraunastöng á neðsta hluta
Stóru-Laxár.

Veiðimálanefnd og veiðimálastjóri vilja með tilvísun
til 30. greinar laga nr. 76/1970 um lax-og silungsveiði
leyfa Veiðideild Stóru-Laxár að láta stunda veiði með einni
silungastöng á neðsta hluta Stóru-Laxár um veiðitímans
1986, enda verði veiðimálastjóra send veðiskýrsla í lok
veiðitímans. Efri mörk svæðisins verði við

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Veiðimálanefnd,

formaður

veiðimálastjóri

Frá fundi í Veiðimálanefnd 2. maí 1986.

Guðm. J. Kristjánsson skrifaði undir fundargjörð með fyrirvara. Taldi að bókun væri ekki rétt hjá ritara. Sagði að nefndarmenn hefðu samþykkt tillögu sína á fundinum um að leyfi fyrir silungsveiðistöngum í Stóru Laxá væri aðeins bundin við veiðar frá ármótum Stóru Laxá-Hvítár að og með Langholtsveiðum, sem efri mörk. Að öðru leiti væri hann samþykktur fundargjörðinni. Ritari lofaði að leiðrétta þetta við veiðaréttareigendur.


Guðm. J. Kristjánsson.

Búningahósti 28.11.185

Fylgsla 285

634

99-6672

Heiðræða veidmalnefnd!

A fundi í Störu-Taxavaldild Veidifélags
Lingasinga sem haldinn var að Flötum 30. Okt
s.t. var samt. ályktun þess efnis að
leita yfri eftir heimild að þæta við
einri stöng í mestu hluta árinna til
sitanna í eitt ár.

Ástæða til þess er átil landeigenda og fl.
að þessi hl. árinna, þ.e. mestu hluti fyrsta
svæðis, sé mjög vönnýttur. Hevri þá
mestum hl. undanþekkinga af veidimein
eigi koma sínum frá þeimum þekkbari
veidistöfum á efri hl. svæðisins til að
leita litt kannadra svæða þar sem mestu
veidlyftur eru situngur, en þá er held
ananna að þá nokkur sé af honum í
fyrirgreindum hl. árinna.

Beitni okkar er sú að veidmalnefnd
væði þessa umsöku með ferðu heitlyktu,
þar sem iðuleken veidleyfa hefstinn
skammt.

Umsögn fiskifæðings V.A. Magnúsar
Jóhannssonar, fylgir með umsöku
þessari.

Viðfingardýllst

Fl. Störu-Taxavaldild V.A.

Hjálst Þývörðingur

Nýggja efri
mörk.

Fylgiskjal 2 fth.

Stóru-Sandvík 25.11. 1985.

Veiðimálanefnd

Umsögn vegna umsóknar Stóru-Laxárdeildar Veiðifélags
Arnesinga um stöng til tilraunaveiði á silungi á neðsta
veiðisvæði Stóru-Laxár í Hreppum.

Vitað er að á umrætt svæði gengur silungur. Vegna
aðstæðna verður þessi silungur vart nýttur á annan
hátt en með stangarveiði. Eg mæli því endregið með
að tilraun verði gerð með silungsveiði á stöng á þessu
svæði.

Virðingarfyllt,

Magnús Jóhannsson

Magnús Jóhannsson

fiskifræðingur



FISKISTOFA

Dalsbraun 1 220 Hafnarfirdi
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is**Nýtingaráætlun fyrir laxveiði**

(Sbr. 17. og 29. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði)

Nr. skjals:

NÝ-LA-7930-71870-2011

Nafn veiðivatns: **Stóra Laxá**Staðsetning veiðivatns: **Hreppar**Nafn veiðifélags (eða eiganda veiði): **Stóru-Laxárdeild (Vf. Árneseinga)**Nýtingaráætlun fyrir árin: **2011 til 2018**

1) Meðalveiði frá 1974:	322 (Breytileiki 76-709)
2) Hámarks stangarfjöldi per dag (gildir í 8 ár):	10
3) Stangveiðidagar (stangir x veiðidagar) yfir sumarið (gildir í 8 ár):	1050
4) Tímasetning veiði; hámark 105 dagar (ákvörðun veiðifélags):	18. júní til 30. september
5) Daglegur veiðitími; hámark 12 klst. (ákvörðun veiðifélags):	07:00 til 22:00 með hádegishléi
6) Takmörkun á fjölda landaðra laxa á stöng á dag (ákvörðun veiðifélags):	Aðeins má landa 1 laxi á stöng á dag
7) Takmörkun á stærð landaðra laxa (lengd) (ákvörðun veiðifélags):	Slepping á öllum laxi yfir 70 sm að lengd
8) Lágmarks hrognapétteleiki (hrogn/m ²):	
9) Heimiluð beita: <input type="checkbox"/> Maðkur <input checked="" type="checkbox"/> Fluga <input checked="" type="checkbox"/> Spónn <input type="checkbox"/> Annað:	
10) Afmörkun (stærð) stangaveiðisvæðis: Svæði I til IV í Stóru Laxá frá ósi við Hvítá svo langt sem fiskur gengur	
11) Tilhögun netaveiði: Engin netaveiði	

12) **Fyrirætlanir (ákvörðanir) um friðun:**

Ath: Þessi nýtingaráætlun kemur í stað áætlunar, sem staðfest var og send til deildarinnar 7. mars síðastliðinn.

Skilyrði vegna staðfestingar:

Að öllu óbreyttu gildir þessi nýtingaráætlun í 8 ár eða til ársloka 2018. Veiðifélagi er hinsvegar heimilt að gera breytingar á fyrirkomulagi samkvæmt liðum 4 til 7 í samráði við líffræðilega ráðgjafa, enda sé slíkt tilkynnt til Fiskistofu. Markmið nýtingaráætlunarinnar er sjálfbær* nýting laxastofna og sú útfærsla er á ábyrgð veiðifélagsins. Sé nýting laxastofnanna ekki sjálfbær skal endurnýja áætlunina. Hér skal einnig minna á að veiðifélög, sem fiskrækt stunda t.d. með seiðasleppingum, skulu hafa gilda fiskræktaráætlun.

* sjá skilgreiningu í lögum um lax- og silungsveiði

Staðfesting FiskistofuDags.: 28. mars 2011Undirskrift: **Árni Ísaksson**

Fiskistofa

Árni Ísaksson,

forstöðumaður Lax- og silungsveiðisviðs,

Dalshraun 1

220 Hafnarfjörður

Kaldaðarnesi, 25. júní 2011.

Efni. Nýtingaráætlun fyrir Stóru-Laxá og Tungufljót

Stjórn Veiðifélags Árnesinga hefur borist nýtingaráætlun fyrir Stóru- Laxá sem staðfest er af Fiskistofu 28.03.2011. Var sú nýtingaráætlun lögð fyrir Fiskistofu af stjórn Stóru-Laxárdeildar en ekki af stjórn Veiðifélags Árnesinga. Einnig hefur stjórninni borist umsögn, dags. 05.05.2011, sem Fiskistofa óskaði eftir við Veiðimálastofnun vegna nýtingaráætlunar fyrir Tungufljót.

Óskar stjórnin eftir því við Fiskistofu að hún upplýsi á hvaða lagagrundvelli hún staðfesti nýtingaráætlun fyrir Stóru-Laxár. Komi í ljós að ekki hafi verið lagaskilyrði til að staðfesta nýtingaráætlun og hefja málsmeðferð vegna nýtingaráætlunar Tungufljóts, t.d. þar sem áætlanirnar komu frá deildum en ekki frá Veiðifélagi Árnesinga, er óskað eftir því við Fiskistofu að hún afturkalli þessar ákvarðanir.

Samrit sent formönnum deildanna.

Esther Guðjónsdóttir

Drífa Kristjánsdóttir

Virðingarfyllst, f. h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson, formaður.



Nýtingaráætlun fyrir laxveiði

(Sbr. 17. og 29. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði)

8 ára nýtingaráætlun fyrir: (nafn veiðivatns)	Stóru-Laxá	
Nafn veiðifélags (eða eiganda veiði):	Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga	
Kennitala:	611188-2699	Sími: 4866032
Heimili:	Bugugerði 4A Skeiða- og Gnúpverjahreppi	
Póstfang:	801 Selfoss	
Nafn veiðifélagsformanns:	Bjarni Einarsson	

Nýtingaráætlun fyrir árin: 2009 til 2016

Hámarks stangarfjöldi per dag:	10
Stangveiðidagar yfir sumarið: (Stangir x veiðidagar)	900
Árlegur veiðitími:	1. júlí til 30. sept.
Daglegur veiðitími:	7:00 til 13:00 og 16:00 til 22:00
Takmörkun á fjölda landaðra laxa á stöng á dag:	
Takmörkun á stærð landaðra laxa (lengd):	Ekki lengri en 70 sm
Heimiluð beita:	<input checked="" type="checkbox"/> Maðkur <input checked="" type="checkbox"/> Fluga <input checked="" type="checkbox"/> Spónn <input checked="" type="checkbox"/> Túba <input checked="" type="checkbox"/> Annað:
Afmörkun (Stærð) stangaveiðisvæðis:	
Tilhögun netaveiði: Engin netaveiði	

Fyrirætlanir (ákvarðanir) um friðun

Friðun á einstaka veiðisvæðum: Svæði IV friðarð frá 1. sept til 30. sept.
Önnur friðunarákvæði:

Dags.: 10/3 2009

Undirskrift veiðifélagsformanns (eða eiganda veiði):

Fylgsiclejal 2 frh.



F I S K I S T O F A
Lax- og silungsveiðisvið
Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími 569 7900 • Fax 569 7990

Nýtingaráætlun fyrir sjóbirtings- og sjóbleikjuveiði

8 ára nýtingaráætlun fyrir: Stóru-Laxá
(nafn veiðivatns)

Nafn veiðifélags (eða eiganda veiði): Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga

Kennitala: 611188-2699 Sími: 4866032

Heimili: Bugugerði 4 A Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Póstfang: 800 Selfoss

Nafn veiðifélagsformanns: Bjarni Einarsson

Nýtingaráætlun fyrir árin: 2009 til 2016

Fisktegund:	<input checked="" type="checkbox"/> Sjóbirtingur	<input checked="" type="checkbox"/> Sjóbleikja
Hámarks stangarfjöldi per dag:	10	10
Stangveiðidagar yfir sumarið: (Stangir x veiðidagar)		
Árlegur veiðitími:	1. maí til 31. maí	1. maí til 31. maí
Daglegur veiðitími:	7 til 13 og 16- 22	7 til 13 og 16- 22
Takmörkun á fjölda landaðra fiska á stöng á dag:	engar	engar
Takmörkun á stærð landaðra fiska (lengd):	engar	engar
Heimiluð beita:	<input checked="" type="checkbox"/> Maðkur <input checked="" type="checkbox"/> Spónn <input checked="" type="checkbox"/> Fluga <input checked="" type="checkbox"/> Túba <input checked="" type="checkbox"/> Annað:	
Tilhögun netaveiði: Engin netaveiði		

Fyrirætlanir (ákvarðanir) um friðun

Friðun á einstaka veiðisvæðum:
Engar

Önnur friðunarákvæði:
Engar

Dags.: 26.5.2009

Undirskrift veiðifélagsformanns (eiganda veiði):

18/4/61

Samþykkt

fyrir Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Arnesinga.

1. gr. Félagið heitir Stóru-Laxárdeild og starfar sem deild innan Veiðifélags Arnesinga. Heimili þess og varnarþing er í Arnessýslu.
2. gr. Félagið nær til allra eftirtalinna jarða, sem veiðirétt eiga í Stóru-Laxá: 1. Afréttarlönd Hrunamanna, 2. Kaldbakur, 3. Hörgsholt, 4. Sólheimar, 5. Núpstún, 6. Hrepphólar, 7. Breiðás, 8. Ásgerði, 9. Hólakot, 10. Sóleyjarbakki, 11. Birtingaholt I, II, III, og IV, 12. Syðra-Langholt I, II, III, og IV, 13. Unnarholt, 14. Unnarholtskot I og II, 15. Þjarg, 16. Auðsholt, 17. Afréttarland Flóa- og Skeiðahreppa, 18. Laxárdalur I og II, 19. Hlíð I og II, 20. Hall I og II, 21. Háholt, 22. Ásbrekka, 23. Skarð, 24. Sandlækur I og II, 25. Sandlækjarkot, 26. Reykir, 27. Reykhóll, 28. Reykjahlíð, 29. Ósabakki, 30. Eiríkibakki, 31. Iða I og II.
3. gr. Verkefni félagsins er að efla góða fiskgengd og arðsemi veiðihlunninda t. d. með fiskirækt og ráðstafa veiði. ~~á milli deilda~~
í samræmi við samþykkt Veiðifélags Arnesinga
4. gr. Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, þó þannig, að einn gengur úr stjórn árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Formaður skal kosinn sérstaklega. Þá skal og kjóca 2 menn í vara-stjórn og 2 endurskoðendur til tveggja ára í senn og ganga þeir úr eftir hlutkesti fyrsta áriið.
5. gr. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að fara ársreikninginn inn í gerðabók félagsins. Reikninginn skal leggja endurskoðaðan fyrir aðalfund, sem halda skal í apríl, þó ávalt fyrr en aðalfund Veiðifélags Arnesinga. Aukafundi má halda ef stjórnin telur ástæðu til eða 1/4 félagsmanna sækir þess og tilgreinir fundarefni.
6. gr. Milli aðalfunda hefur stjórnin á hendi allar framkvæmdir félagsins, gerir samninga um veiðileigu, ef aðalfundur vill ráðstafa veiði á þann hátt. Stjórnin skiptir arði, sem verður af seldum veiðileyfum eða félagsveiði eftir gildandi arðskrá, einnig innheimtir hún félagsgjöld vegna kostnaðar, sem félagið kann að

leggja í vegna starfsemi sinnar, svo og vegna gjalda til Veiðifélags Árnesunga eftir sömu arðskrá.

B.gr. Reglur um boðun funda, svo og ákvæði um breitingar á samþykkt þessari, ákvæði um möguleika á að ~~þessum~~ félagið verði lagt niður einnig ákvæði um sektir fyrir brot á samþykkt þessari skulu gilda sömu reglur og eru í samþykkt Veiðifélags Árnesunga, enda hafi þar stöð í lögum um lax og silungsveiði eins og þau gilda á hverjum tíma.

heimtir núu 1212222222222222

Samþykkt

Fyrir Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga.

1.gr.

Félagið heitir Stóru-Laxárdeild og starfar sem deild innan Veiðifélags Árnesinga. samkv. 13 gr. samþykktar Veiðifélags Árnesinga. Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður er búsettur hverju sinni.

2.gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur / ábúendur jarða og eigendur landareigna sem veiðirétt eiga í Stóru Laxá. Þ.e

- | | | |
|---------------------------------|--------------------------------|---------------------------------------|
| 1. Afréttur Hrunamanna | 17. Iða I og 2 | <i>Magnús Eggertsson forseti 2005</i> |
| 2. Hrunakrókur | 18. Eiríkubakki | |
| 3. Kaldbakur | 19. Ósabakki 1 og 2 | |
| 4. Hörgsholt | 20. Reykir | |
| 5. Sólheimar | 21. Reykhóll | |
| 6. Núpstún | 22. Reykjahlíð | |
| 7. Hrepphólar | 23. Sandlækur 1 og 2 | |
| 8. Ásgerði | 24. Breiðanes | |
| 9. Hólakot | 25. Sandlækjarkot | |
| 10. Sóleyjarbakki | 26. Skarð | |
| 11. Birtingaholt 1, 2, 3 og 4 | 27. Háholt | |
| 12. Syðra Langholt 1, 2, 3 og 4 | 28. Ásbrekka | |
| 13. Unnarholt | 29. Hæll I, 2 og 3 | |
| 14. Unnarholtskot 1 og 2 | 30. Hlíð 1 og 2 | |
| 15. Bjarg | 31. Laxárdalur 1 og 2 | |
| 16. Auðsholt I, 2, 3, 4 og 5 | 32. Afréttarf. Flóa og Skeiða. | |

3.gr.

Verkefni félagsins er að efla góða fiskgengd og arðsemi veiðihlunninda, t.d. með fiskirækt og ráðstafa veiði, í samræmi við Veiðifélag Árnesinga.

4.gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og og tveir meðstjórnendur kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, þó þannig að einn gengur úr stjórn árlega fyrstu tvö árin, eftir hlutkesti. Formaður skal kosinn séstaklega. Þá skal og kjósa tvo menn í varastjórn og tvo skoðunarmenn til tveggja ára í senn og ganga þeir úr eftir hlutkesti fyrsta árið. Þá skal kosinn löggiltur endurskoðandi til eins árs í senn.

5.gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningur skal lagður undirritaður af endurskoðanda og skoðunarmönnum fyrir aðalfund, sem halda skal í apríl, þó ávalt fyrir en aðalfund Veiðifélags Árnesinga. Aukafundi má halda ef stjórnin telur ástæðu til, eða ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

6.gr.

Milli aðalfunda hefur stjórnin á hendi allar framkvæmdir félagsins, gerir samninga um veiðileigu, ef aðalfundur vill ráðstafa veiði á þann hátt. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Stjórnin skiptir arði, sem verður af seldum veiðileyfum, eftir gildandi arðskrá.

7.gr.

Reglur um boðun funda, dagskrá aðalfundar, svo og breytingar á samþykkt þessari og aðrar þær reglur sem getið er í samþykktum Veiðifélags Árnesinga, gilda jafnt fyrir Veiðifélag Stóru Laxárdeildar enda hafi þær stoð í lögum um lax og silungsveiði eins og þau gilda á hverjum tíma.

8.gr.

Ákvæði um breytingar á samþykkt þessari og ákvæði um brot skulu gilda sömu reglur og eru í samþykkt Veiðifélags Árnesinga.

Samþ. á Aukaaðalfundi 6. júní 2007
B.E.

Samningur.

Stjórn Stóru Laxárdeildar og stjórn Veiðifélags Árnesinga gera með sér eftirfarandi samning um ráðstöfun stangveiði í Stóru Laxá þá daga, sem Veiðifélag Árnesinga hefur til umráða, nú dagana 10.-19. ágúst.

1. Stjórn Stóru Laxárdeildar annast sölu leyfa til stangveiði í Stóru Laxá allan veiðitímann.
2. Stjórn Stóru Laxárdeildar skal standa Veiðifélagi Árnesinga skil fyrir þá daga, nú 10, sem félagið hefur til ráðstöfunar í eigin þágu. Greiðsla þessi skal miðast við það hlutfall, sem er milli umræddra daga félagsins og heildarveiðitímans, nú 10/92, og reiknast af skilaverði árinna hverju sinni.
3. Samningur þessi tekur til ársins 1987 og skal síðan gilda áfram, uns annar hvor samningsaðila segir honum upp. Skal uppsögn miðast við áramót og hafa borið viðtakanda fyrir þann tíma.
4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

Selfossi, apríl 1987.

F.h. stjórnar
Stóru Laxárdeildar.

Egill Þorgeirsson

F.h. stjórnar
Veiðifélags Árnesinga.

Leifur Þorvaldursson

Vottar:

Gönnur Guðmundsson

Magnús Jóhannsson

FISKISTOFA
Tíð: 4/2/2008
Lögn: / Ábrn:
04. Mars 2009



FISKISTOFA
Lax- og silungaveiðisvið
Deildargæti 1 • 220 Hafnarvárdur • Sími 568 7900 • Fax 568 7960

7
15

Nýtingaráætlun fyrir laxveiði

(Stv. 17. og 29. græn laga nr. 61/2006 um lax- og silungaveiði)

8 ára nýtingaráætlun fyrir: Vatnasvæði Öfufúsar-Hvítúr
(nafn veiðivæðis)

Nafn veiðifélags (eða eiganda veiði): Veiðifélag Árnesinga

Kennitala: _____ Sími: 8944566

Heimili: Bíldsfell

Póstfang: 801 Selfoss

Nafn veiðifélagsformanns: Guðmundur Þorvaldsson

Nýtingaráætlun fyrir árin: 2009 til 2016


Hámarks stungarþjöldi per dag:	76 - 85
Stangveiðidagur yfir sumarið: (Stangir x veiðidagur)	7980 - 9450
Árlegur veiðitími:	105 dagar, eða eins og lög heimilla.
Daglegur veiðitími:	Frá kl. 7.00-13.00 og frá 16.00-22.00 (15.00-21.00)
Takmörkun á fjölda landsöra laxa á stöng á dag:	Engin takmörkun að svo stöddu.
Takmörkun á stærð landöra laxa (lengd):	Veiðimenn hvattir til að sleppa stórlaxi > 70 cm.
Heimiluoð beita:	<input checked="" type="checkbox"/> Maðkur <input checked="" type="checkbox"/> Fluga <input checked="" type="checkbox"/> Spönn <input checked="" type="checkbox"/> Túba <input type="checkbox"/> Annað:
Afmörkun (Stærð) stangaveiðisvæðis:	
Tilbægun netsvæði:	Netsvæði er heimilið svo sem lög um lax- og silungaveiði segja til um. Vikulegur veiðitími er frá kl. 10.00 að morgni þriðjudags til 22.00 að kvöldi fimstudags.

Fyrirætlanir (ákvæðanir) um fríðun

Fríðun á einstaka veiðisvæðum:
Önnur fríðunarákvæði: Félagið áskilur sér rétt til að takmarkaveiði eða alfríða fyrir laxveiði, ákveðin svæði af ástæða þykir til.

Dags.: Febrúar 2009

Guðmundur Þorvaldsson
Undirskrift veiðifélagsformanns (eða eiganda veiði):



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 06.07. 2009.

Fiskistofa

Lax- og silungsveiðisvið

Dalshrauni 1

220 Hafnarfjörður

Efni: Umsögn um nýtingaráætlun fyrir vatnasvæði Ölfusár og Hvítár.

Á umsóknareyðublöðum kemur fram að í nýtingaráætlun verði:

Lax:

Hámarks stangafjöldi í laxveiði 76-85 stangir .

Hámarksfjöldi stangardaga í laxveiði : 7980 - 9450 stangardagar.

Hámarksfjöldi daga í laxveiði 105 dagar en ekki kemur fram upphaf og lok veiðitíma.

Laxveiði á stöng: Engar takmarkanir að svo stöddu.

Agn í laxveiði: Maðkur, fluga, spónn og túpa.

Daglegur veiðitími lax: 0700-1300 og 1600-2200 (15.00-2100 síðsumars)

Sjóbirtingur og Sjóbleikja:

Árlegur veiðitími fyrir sjóbirting og sjóbleikju: 1. apríl til 20. september

Hámarksfjöldi stanga: Allt að 150 stangir

Daglegur veiðitími. 0800-2100.

Alls reiknast allt að 18.165 stangardagar samkvæmt þessu.

Silungsveiði:

Hámarksfjöldi stangardaga : 4636 - 5185 stangardagar.

Árlegur veiðitími fyrir silung: 1. apríl til 31. maí.

Daglegur veiðitími. 0700-2200.

Agn í silungsveiði: Maðkur, fluga, spónn og túpa.

Netaveiði: Eins og lög segja til um bæði fyrir lax og silung. Vikulegur veiðitími frá kl.1000 að morgni þriðjudags til 2200 að kvöldi föstudags.

Veiðifélagið áskilur sér rétt til að takmarka eða alfríða svæði ef ástæða þykir til.

Atriði sem Veiðimálastofnun leggur til grundvallar umsögnum sínum um nýtingaráætlanir veiðifélaga

Markmiðið er sjálfbær nýting fiskstofna ferskvatns sem byggir á varúðarreglu. Hafðar eru að leiðarljósi reglur sem Alþjóða laxaverndunarstofnunin NASCO samþykkti á 26. aðalfundi sínum í Molde júní 2009, CNL(09)43 sem hafðir skuli að leiðarljósi við stjórnun allra veiða úr laxastofnum við Norður-Atlantshaf. Mikilvægt er að stjórnendur og ábyrgðaraðilar veiðistjórnunar hér á landi vinni markvisst að því að innleiða sem flest af þeim markmiðum sem sett hafa verið. Á það ekki síst við það að sett séu viðmiðunarmörk hrygningar (conservation limits) og miðmið nýtingar (management targets). Ástand og áhrif nýtingar verði svo metið út frá þeim viðmiðum sem og árangur veiðistjórnunar.

Miðað við þá stöðu sem nú er uppi og fyrir liggjandi stöðu mála eru þeir þættir sem Veiðimálastofnun telur að þurfi við mat á nýtingaráætlunum og veiðistjórnun taldir upp hér að neðan. Miðað er við að hægt sé að meta út frá fyrirliggjandi gögnum hvort stofnum sé að hraka eða ekki fram yfir náttúrulegar sveiflur.

Veiðireynsla og skráning veiði

Þar sem veiði hefur verið stunduð lengi með þekktum sóknarþunga og veiðin verið vel skráð er hægt að nota þær upplýsingar til mats á ástandi og þróun stofna. Þar þurfa að koma fram upplýsingar um fjölda stangardaga yfir sumarið, veiðitíma innan dags, tegund veiðiskapar, tegundir fiska, stærð og/eða þyngd fiska og aldursamsetning (lengdarmælingar gefa oft grófa mynd af sjávaraldri).

Seiðapéttleiki og ástand seiða

Með mati á péttleika seiða á hverja flatareiningu árbotns, vexti þeirra og holdafari er hægt að meta hver þróun mála er í ástandi seiðastofna yfir ákveðið tímabil. Að ekki séu skert búsvæði seiða með malartekju eða öðru raski í ánum, sem þá kemur niður á lífsmöguleikum seiðanna og heildarframleiðslu viðkomandi ár.

Talningar göngufiska upp í árnar, veiðihlutfall og stærð hrygningarstofns

Þar sem göngufiskar eru taldir upp í árnar má nýta það til að meta veiðihlutfall og stærð hrygningarstofns. Stærð hrygningarstofns er síðan hægt að nýta til að setja viðmiðunarmörk hrygningar þannig að auknar líkur séu á sjálfbærni fiskstofnsins. Þessi gögn má síðan tengja við mat á seiðapéttleika.

Þar sem göngustofnar laxfiska sveiflast oft í takt innan landssvæða af náttúrulegum orsökum má oft ráða í samanburð á milli áa hvað breytingar varðar. Til dæmis einstakar ár á sama landsvæði fara að dala í fiskgengd og/eða veiði verulega niður fyrir aðrar ár má líta á það sem ákveðið hættumerki og þarf sérstakrar athugunar við.

Dregið úr veiðihlutfalli

Ef talið er þörf á því að draga úr hlutfalli veiddra fiska eru til ýmsar leiðir. Slepping veiddra fiska, slepping fiska af ákveðinni stærð, stytting veiðitíma, setja hámarksfjölda á leyfilegan fjölda veiddra fiska innan dags, stærðar viðmiða á lönduðum fiskum, minnkun sóknar (fækkun stanga/neta) og friðun svæða eru allt aðgerðir til að lækka veiðihlutfall.

Seiðasleppingar – blöndun stofna

Ef stundaðar eru fiskræktaraðgerðir þarf að skoða nýtingaráætlanir og fiskræktaráætlanir saman. Mikilvægt er að hægt sé að meta áhrif og árangur fiskræktaraðgerða. Tryggja þarf að fiskrækt og nýting einnar tegundar hafi ekki óæskileg áhrif á sjálfbæra nýtingu annarra tegunda og/eða stofna hvort sem er innan sama vatnakerfis eða nærliggjandi vatnakerfa.

Mengun vatns og röskun vistkerfa

Röskun er einn þeirra þátta sem haft hefur mikil áhrif á stofnstærðir og útbreiðslu laxa við Norður-Atlantshaf. Óspillt vatnsgæði og umhverfi eru undirstaða þess heilbrigðir fiskstofnar sem staðið geta undir nýtingu geti þrífist. Ef líkur eru til að röskun eða mengun sé til staðar þarf að fá vöktun og mælingar á áhrifum þess.

Innkoma nýrra tegunda

Tilkoma nýrra tegunda sem nema land þarf að skoða sérstakleg m.t.t. til áhrifa þeirra á nýtingu og framleiðslu fiskstofna

Umsagnir um nýtingaráætlanir

Veiðimálastofnun vill taka fram að eðlilegt sé að til að stofnunin geti á sem bestan og markvissastan hátt gefið umsögn um nýtingaráætlanir þurfi allar nauðsynlegar upplýsingar aðkoma fram eða fylgja með umsókn. Umsögnin verði síðan byggð á framlögðum gögnum. Ekki er hægt að ætlast til að Veiðimálastofnun þurfi að leggja í vinnu við öflun frumgagna og framsetningu þeirra. Ein af lykilforsendum nýtingaráætlana er að um sjálfbæra nýtingu sé að ræða enda er það skýrt tekið fram í l. gr. laga nr. 61/2006.

Nýting vatnasvæðis Ölfusár og Hvítár

Veiðimálastofnun ítrekar mikilvægi sjálfbærrar nýtingar fiskstofna á Íslandi eins og lög gera ráð fyrir. Jafnframt að 8 ára gildistími er langur þegar litið er til lífsferils laxfiska og þau mörgu atriði sem geta haft áhrif á afkomu stofna og veiðipól þeirra.

Af innlagðri nýtingaráætlun er Veiðimálastofnun ekki ljóst hvernig veiðifélagið ætlar að tryggja að sjálfbær nýtingu allra stofna göngufiska á vatnasvæðinu. Um blandaða veiði stofna er að ræða og litlar sem engar takmarkanir sem taka tillit til stofnstærðar, veiðipóls né samsetningar stofna. Þetta á bæði við um stangveiði og netaveiði. Ljóst má þó vera af meðfylgjandi línuritum að gripið hefur verið til veiðitakmarkana í Ölfusá sem hafa skilað sér í auknum veiðum á öðrum svæðum í vatnakerfmu. Þau sterku tengsl sem fram koma á veiðitölum í stangveiði, og netaveiði í Ölfusá, Hvítá og Sogi benda til að veiðitölur þar geta gefið mikilverðar vísbendingar um þróun stofnstærðar. Það vekur athygli að stangveiði í Stóru-Laxá er ekki í sama takti og annars staðar á vatnasvæðinu, ekki liggja

fyrir haldbærar upplýsingar til að skýra þann mun. Vitað er að það vantar á veiðiskráningu á sumum veiðisvæðum og hefur það ástand verið viðvarandi um árabil. Jafnframt eru ekki fyrirbyggjandi upplýsingar um fjölda neta eða fjölda veiðidaga, sem er mælikvarði á veiðisókn, né upplýsingar um samsetningu afla í netaveiði nema í fáum tilfellum. Eins myndi einstaklingskráning netaveiði vera til mikilla bóta.

Af veiðitölum að dæma sem og af upplýsingum sem fyrirbyggja um seiðabúskap laxa á flestum mælistöðum á vatnasvæðinu er þörf á því að dregið verði úr sókn.

Veiðimálastofnun vill vekja athygli á mikilli fækkun stórlaxa á Íslandi. Til að stemma stigu við þeirri þróun er mikilvægt að hlífa þeim stofnhluta eins og kostur er. Veiðimálastofnun leggur til að stórlaxi verði ekki landað á meðan þetta ástand varir. Slíkt má gera með því að veiða og sleppa í stangveiði og að færa aftur veiðitíma í netaveiði en stórlax gengur jafnan fyrr í ár en smálax.

Veiðimálastofnun ítrekar mikilvægi sjálfbærrar nýtingar laxastofna á Íslandi eins og lög gera ráð fyrir. Jafnframt að 8 ára gildistími er langur þegar litið er til lífsferils laxins og þau mörgu atriði sem geta haft áhrif á afkomu laxastofna og veiðipól þeirra.

Þar sem fiskistofnar geta dalað hratt er 8 ár of langur tími fyrir nýtingaráætlun. Nær væri að binda þær til 1-3 ára í senn. Stórlax (lax sem er meira en 1 ár í sjó) hefur dalað mikið og Veiðimálastofnun lagt til að slíkur lax sé ekki drepinn til að varðveita þann erfðapátt í laxastofnum. Til þessa verður að taka í nýtingaráætlunum.

Veiðimálastofnun óskar eftir frekari upplýsingum frá Veiðifélagi Árnesinga um á hvaða forsendum innsend nýtingaráætlun er byggð og hvernig Veiðifélagið sem ábyrgðaraðili veiðistjórnunar hyggist fylgjast með því að ekki sé veitt umfram veiðipól einstakra stofna né að gengið sé gegn fjölbreytni s.s. stærðar (smálax og stórlax) göngutíma o.s.frv. og vísar til áður nefndra vegvísa NASCO. Slíkt þarf að liggja fyrir svo leggja megi mat á og gefa umsögn um innsenda nýtingaráætlun.

Benda verður á að á þessu vatnasvæði er veitt úr blönduðum stofnum en tryggt þarf að vera að allir stofnar þoli það veiðialag sem á þeim er til að um ábyrga veiðistjórnun geti verið að ræða.

Nokkur fiskrækt er stunduð innan vatnasvæðisins og hefur hún vaxið hratt á undanförunum árum. Mikilvægt er að meta nýtingaráætlun og fiskræktaráætlun fyrir vatnasvæðið saman til að tryggja að markiðum með báðum nái fram að ganga.

Aukinn fjöldi fiska af fiskræktaruppruna getur hækkað veiðitölur. Mikilvægt er að hægt sé að meta magn afla eftir uppruna t.d. með því að auðkenna hluta slepptra seiða með merkingum og markvissri merkjaleit. Með því móti má ná fram slíkri aðgreiningu.


Veiðimálastofnun bendir á að frá hennar sjónarmiði væri gagnlegt að halda fund með fulltrúum veiðifélagsins til að fá betri og gleggri skýringar á veiðistjórnunar- og

félagskerfi innan vatnasvæðisins, veiðistjórnun, sókn með neta- og stangveiði áður en frekari umsögn um nýtingaráætlun er gerð. Stafar þetta ekki síst af því að vatnasviðið er stórt, í því eru bæði jökul- og bergvatnsár auk þess sem veiði er bæði með netum og stöng. Ekki er auðvelt að koma flóknum veiðistjórnunarpáttum inn á eyðublöð Fiskistofu og þær upplýsingar sem Veiðimálastofnun hefur til að meta útfrá eru takmarkaðir ekki síst þar sem um stórt og nokkuð flókið vatnakerfi er að ræða.


Virðingarfyllst,

F.h. Veiðimálastofnunar


Guðni Guðbergsson



Netaveiði á laxi í Ölfusá og Hvítá á árunum 1973-2008.





Stangveiði á laxi í Ölfusá og Hvítá á árunum 1973-2008.




Tengsl netaveiði í Ófúsá og stangveiði í Sogi.

Stangveiði á laxi í Sogi og Stóru-Laxá á árunum 1973-2008.





Tengsl netaveiði í Ölfusá og Netaveiði í Hvítá á árunum 1973-2008.



Tengsl netaveiði og stangveiði í Hvítá á árunum 1973-2008.



FISKISTOFA

Dalshraun 1 220 Hafnarfrði

S: 569 7900 F: 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

www.fiskistofa.is

Nýtingaráætlun fyrir laxveiði

(Sbr. 17. og 29. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði)

Nr. skjals:

NÝ-LA-7990-71850-2011B

Nafn veiðivatns: Tungufljót

Staðsetning veiðivatns: Árnessýsla

Nafn veiðifélags (eða eiganda veiði): Tungufljótsdeild (Vf. Árnesinga)

Nýtingaráætlun fyrir árin: 2011 til 2018

¹⁾ Meðalveiðl frá 1974:	Engar upplýsingar
²⁾ Hámarks stangarfjöldi per dag (gildir í 8 ár):	4
³⁾ Stangveiðidagar (stangir x veiðidagar) yfir sumarið (gildir í 8 ár):	420
⁴⁾ Tímasetning veiði; hámark 105 dagar (ákvörðun veiðifélags):	20. júní til 10. október (105 dagar)
⁵⁾ Daglegur veiðitími; hámark 12 klst. (ákvörðun veiðifélags):	07:00 til 22:00 með hádegishléi
⁶⁾ Takmörkun á fjölda landaðra laxa á stöng á dag (ákvörðun veiðifélags):	Engin takmörkun í gildi
⁷⁾ Takmörkun á stærð landaðra laxa (lengd) (ákvörðun veiðifélags):	Slepping á öllum laxi yfir 70 sm að lengd
⁸⁾ Lágmarks hrognapéttleiki (hrogn/m ²):	
⁹⁾ Heimiluð beita: <input type="checkbox"/> Maðkur <input checked="" type="checkbox"/> Fluga <input type="checkbox"/> Spónn <input type="checkbox"/> Annað:	
¹⁰⁾ Afmörkun (stærð) stangaveiðisvæðis: Tilraunasvæði frá ósi við Hvítá að Bræðratungubrú	
¹¹⁾ Tilhögun netaveiði: Engin netaveiði	

¹²⁾ Fyrirætlanir (ákvörðanir) um friðun:

Ekki er um sjálfbæran laxastofn að ræða í Tungufljóti. Ræktun skal því byggja á staðbundnum stofnum af Hvítársvæðinu auk endurheimtra laxa úr Tungufljóti.

Skilyrði vegna staðfestingar:

Að öllu óbreyttu gildir þessi nýtingaráætlun í 8 ár eða til ársloka 2018. Veiðifélagi er hinsvegar heimilt að gera breytingar á fyrirkomulagi samkvæmt liðum 4 til 7 í samráði við líffræðilega ráðgjafa, enda sé slíkt tilkynnt til Fiskistofu. Markmið nýtingaráætlunarinnar er sjálfbær* nýting laxastofna og sú útfærsla er á ábyrgð veiðifélagsins. Sé nýting laxastofnanna ekki sjálfbær skal endurnýja áætlunina. Hér skal einnig minna á að veiðifélög, sem fiskrækt stunda t.d. með seiðasleppingum, skulu hafa gilda fiskræktaráætlun.

* sjá skilgreiningu í lögum um lax- og silungsveiði

Staðfesting Fiskistofu

Dags.: 17. maí 2011

Undirskrift: Árni Ísaksson





FISKISTOFA

Dalsbrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Nýtingaráætlun fyrir laxveiði

(Sbr. 17. og 29. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði)

Nr. skjals:

NÝ-LA-7990-71850-2011A

Nafn veiðivatns: Tungufljót

Staðsetning veiðivatns: Árnessýsla

Nafn veiðifélags (eða eiganda veiði): Tungufljótsdeild (Vf. Árnesinga)

Nýtingaráætlun fyrir árin: 2011 til 2018

¹⁾ Meðalveiði frá 1974:	Engar upplýsingar
²⁾ Hámarks stangarfjöldi per dag (gildir í 8 ár):	8
³⁾ Stangveiðidagar (stangir x veiðidagar) yfir sumarið (gildir í 8 ár):	840
⁴⁾ Tímasetning veiði; hámark 105 dagar (ákvörðun veiðifélags):	20. júní til 10. október (105 dagar)
⁵⁾ Daglegur veiðitími; hámark 12 klst. (ákvörðun veiðifélags):	07:00 til 22:00 með hádegishléi
⁶⁾ Takmörkun á fjölda landaðra laxa á stöng á dag (ákvörðun veiðifélags):	Engin takmörkun í gildi
⁷⁾ Takmörkun á stærð landaðra laxa (lengd) (ákvörðun veiðifélags):	Stæpping á öllum laxi yfir 70 sm að lengd
⁸⁾ Lágmarks hrognþéttleiki (hrogn/m ²):	
⁹⁾ Heimilud beita: <input type="checkbox"/> Maður <input checked="" type="checkbox"/> Fluga <input type="checkbox"/> Spónn <input type="checkbox"/> Annað:	
¹⁰⁾ Afmörkun (stærð) stangaveiðisvæðis: Frá Bræðratungubrú að fossinum Faxa	
¹¹⁾ Tilhögun netaveiði: Engin netaveiði	

¹²⁾ Fyrirætlanir (ákvæðanir) um friðun:

Ekki er um sjálfbæran laxastofn að ræða í Tungufljóti. Ræktun skal því byggja á staðbundnum stofnum af Hvítársvæðinu auk endurheimtra laxa úr Tungufljóti.

Skilyrði vegna staðfestingar:

Að öllu óbreyttu gildir þessi nýtingaráætlun í 8 ár eða til ársloka 2018. Veiðifélagi er hinsvegar heimilt að gera breytingar á fyrirkomulagi samkvæmt liðum 4 til 7 í samráði við líffræðilega ráðgjafa, enda sé slíkt tilkynnt til Fiskistofu. Markmið nýtingaráætlunarinnar er sjálfbær* nýting laxastofna og sú útfærsla er á ábyrgð veiðifélagsins. Sé nýting laxastofnanna ekki sjálfbær skal endurnýja áætlunina. Hér skal einnig minna á að veiðifélög, sem fiskrækt stunda t.d. með seiðasleppingum, skulu hafa gilda fiskræktaráætlun.


* sjá skilgreiningu í lögum um lax- og silungsveiði

Staðfesting Fiskistofu

Dags.: 17. maí 2011

Undirskrift: Árni Ísaksson





VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Reykjavík 05.05. 2011.

Fiskistofa
Lax- og silungsveiðisvið
Dalshrauni 1
220 Hafnarfjörður

Efni: Umsögn um nýtingaráætlun fyrir Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga fyrir 2011-2018.

Á umsóknareyðublöðum kemur fram að í nýtingaráætlun verði fyrir laxveiði:
Hámarks stangafjöldi í 8 stangir frá Faxa að Tungufljótsbrú.
Hámarksfjöldi stangardaga: 840 og 420 stangardagar neðan við Bræðratungu, kallaðar tilraunastangir.
Veiðitími: 20. júní til 10. október.
Laxveiði á stöng: Fiskum yfir 70 cm skal sleppt.
Agn í laxveiði: Flugá.
Daglegur veiðitími lax: 0700-1300 og 1600-2200 til 16. ágúst 0700-1300 og 1500-2100 frá 16. ágúst til 10. október.

Aðrar upplýsingar fylgdu ekki og því takmarkaðar forsendur fyrirbyggjandi til að byggja umsögn á en gera verður ráð fyrir að markmiðið með því að setja niður nýtingaráætlanir sem tilgreina sókn sé að uppfylla markmið laga um lax- og silungsveiði nr. 62/2006 um sjálfbæra nýtingu fiskstofna.

Veiðimálastofnun gaf umsögn til Fiskistofu um nýtingaráætlun fyrir vatnakerfi Ölfusár-Hvítár dagsett 06.07.2009. Eftir því sem best var vitað var veiðinýting í Tungufljóti þar með talinn. Var sú áætlun gerð af Veiðifélagi Árnesinga. Ef gera á sérstaka nýtingaráætlun um Tungufljót þarf hún að taka mið af nýtingaráætlun Veiðifélags Árnesinga og vera staðfest af því félagi. Síðar mun hafa verið stofnuð deild um Tungufljót innan Veiðifélags Árnesinga. Ofan Faxa er sér veiðifélag sem ekki er innan Veiðifélags Árnesinga.

Veiðisaga Tungufljóts er stutt og einungis til veiðitölur frá 2007-2010 ef frá eru taldar 2 bleikjur sem voru skráðar 2003 (sjá töflu 1). Megnið af skráðri veiði er lax sem líklega á uppruna í sleppingum gönguseiða laxa í ána.

Veiðimálastofnun gerði úttekt á seiðastofnum Tungufljóts á nokkrum stöðum sumarið 2010 en niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir. Veiðimálastofnun leggur ríka áherslu á frekari söfnun upplýsinga um Tungufljót og lífríki þess. Breytingar hafa orðið á Tungufljóti. Fiskvegur hefur verið opnaður í fossinum Faxa. Jökulvatni var veitt til Sandár en Tungufljót hefur verið tært síðan. Lífsskilyrði laxfiska og möguleikar til náttúrulegrar framleiðslu í Tungufljóti gætu hafa breyst við þessar framkvæmdir auk þess sem hlýnandi veðurfar getur hafa bætt lífsskilyrði laxfiska í Tungufljóti. Slíkar breytingar geta haft áhrif á allar forsendur.

Eftir að fiskvegur var opnaður í Faxa er Tungufljót eitt fiskihverfi og hluti af fiskihverfi Ölfusár-Hvítár. Í 37. gr laga um lax og silungsveiði nr 61/2006 segir að stofnun veiðifélaga sé lagaskylda til að ná markmiðum laganna sem kveðið er á um í 1. gr. um sjálfbæra nýtingu. Veiðimálastofnun vill benda á að til að ná þessum markiðum þarf félagssvæði hvers veiðifélags að ná til alls þess svæðis sem viðkomandi veiðistofn (fiskstofn) gengur um og er nýttur á enda verður að telja að slíkt sé forsenda þess að hægt sé að stunda ábyrgja stjórnun nýtingar fiskstofna. Í 38. gr laganna er nánar kveðið á um umdæmi veiðifélaga.

Ekki fylgja áform um sleppingar seiða eða fiskræktaráætlun. Eðlilegt er að fyrir liggi áætlun um nýtingu og fiskrækt fyrir Tungufljótið allt áður en gengið er frá nýtingaráætlun. Veiðifélag Árnesinga mun hafa samþykktar verklagsreglur varðandi seiðasleppingar og þær bundnar samþykki Veiðifélags Árnesinga en Tungufljót er deild í Veiðifélagi Árnesinga.

Litlar upplýsingar eru til um silungastofna Tungufljóts og ekki vitað um veiði, framleiðslu, vaxtarhraða, búsvæði, né lífsferla og veiðihol þeirra. Hér vantar mikið á til að byggja á umsögn til að leggja til nýtingu til ábyrgar veiðistjórnunar.

Af ofangreindum ástæðum getur efnisleg umfjöllun um þessa nýtingaráætlun aðeins verið takmörkuð. Afar erfitt er að gefa umsögn um nýtingu fyrir næstu 8 ár án frekari upplýsinga. Stofnunin vill benda á að veiði eftir 1. október er bundin undanþágu frá lögum um lax- og silungsveiði nr: 61/2006.

Virðingarfyllst,

F.h. Veiðimálastofnunar

Guðni Guðbergsson

Tafla 1 Skráð veiði í Tungufljóti í Biskupstungum samkvæmt veiðibókum.

Tungufljót í Biskupstungum																
Ár	Lax Veiði	Lax Sleppt	Lax Afli	Afli þyngd þyngd (kg)	Smálax veitt	Smálax afli	Smálax sleppt	Stórlax veiði	Stórlax Afli	Stórlax sleppt	Urriði veiði	Urriði afli	Urriði sleppt	Bleikja veiði	Bleikja afli	Bleikja sleppt
2003														2	2	0
2004																0
2005																0
2006			0				0						0			0
2007	556	89	467	1240	512	432	80	44	35	9	22	22	0	1	1	0
2008	2854	401	2453	5328	2688	2322	366	166	131	35	0	0	0	2	2	0
2009	1512	231	1281	3746	1204	1064	140	308	217	91	79	70	9	6	6	0
2010	1076	129	947	2753	914	810	104	162	137	25	1	1	0	19	17	2

Veiðimálastofnun, Keldnaholt, 112 Reykjavík, Sími 580 6300, Símbréf 580 6301,
Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Veffang: www.veidimal.is



FISKISTOFA

Dalshrauni 1 220 Hafnarhlöð
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Nýtingaráætlun fyrir laxveiði

(Sbr. 17. og 29. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði)

Nr. skjals:

NÝ-LA-7930-71870-2011

Nafn veiðivatns: Stóra Laxá

Staðsetning veiðivatns: Hreppar

Nafn veiðifélags (eða eiganda veiði): Stóru-Laxárdeild (Vf. Árnésinga)

Nýtingaráætlun fyrir árin: 2011 til 2018

1) Meðalveiði frá 1974:	322 (Breytileiki 76-709)
2) Hámarks stangarfjöldi per dag (gildir í 8 ár):	10
3) Stangveiðidagar (stangir x veiðidagar) yfir sumarið (gildir í 8 ár):	1050
4) Tímasetning veiði; hámark 105 dagar (ákvörðun veiðifélags):	18. júní til 30. september
5) Daglegur veiðitími; hámark 12 klst. (ákvörðun veiðifélags):	07:00 til 22:00 með hádegishléi
6) Takmörkun á fjölda landaðra laxa á stöng á dag (ákvörðun veiðifélags):	Aðeins má landa 1 laxi á stöng á dag
7) Takmörkun á stærð landaðra laxa (lengd) (ákvörðun veiðifélags):	Slepping á öllum laxi yfir 70 sm að lengd
8) Lágmarks hrognþéttleiki (hrogn/m ²):	
9) Heimiluð beita: <input type="checkbox"/> Maðkur <input checked="" type="checkbox"/> Fluga <input checked="" type="checkbox"/> Spónn <input type="checkbox"/> Annað:	
10) Afmörkun (stærð) stangaveiðisvæðis: Svæði I til IV í Stóru Laxá frá ósi við Hvítá svo langt sem fiskur gengur	
11) Tilhögun netaveiði: Engin netaveiði	

12) Fyrirætlanir (ákvörðanir) um friðun:

Ath: Þessi nýtingaráætlun kemur í stað áætlunar, sem staðfest var og send til deildarinnar 7. mars síðastliðinn.

Skilyrði vegna staðfestingar:

Að öllu óbreyttu gildir þessi nýtingaráætlun í 8 ár eða til ársloka 2018. Veiðifélagi er hinsvegar heimilt að gera breytingar á fyrirkomulagi samkvæmt liðum 4 til 7 í samráði við líffræðilega ráðgjafa, enda sé slíkt tilkynnt til Fiskistofu. Markmið nýtingaráætlunarinnar er sjálfbær* nýting laxastofna og sú útfærsla er á ábyrgð veiðifélagsins. Sé nýting laxastofnanna ekki sjálfbær skal endurnýja áætlunina. Hér skal einnig minna á að veiðifélög, sem fiskrækt stunda t.d. með seiðasleppingum, skulu hafa gilda fiskræktaráætlun.

* sjá skilgreiningu í lögum um lax- og silungsveiði

Staðfesting Fiskistofu

Dags.: 28. mars 2011

Undirskrift: Árni Ísaksson



20.

Jörundur Gauksson

From: Magnús Jóhannsson [magnus.johannsson@veidimai.is]
Sent: 16. maí 2011 15:58
To: Jörundur Gauksson
Subject: Re: Tungufljót

Sæll Jörundur og afsakaðu hversu þetta svar berst seint

Veiðimálastofnun hefur ekki fengið nýtnaráætlun vegna Stóru-Laxár til umsagnar.

Með kveðju

Magnús

----- Original Message -----

From: Jörundur Gauksson
To: 'Magnús Jóhannsson'
Sent: Thursday, April 28, 2011 9:09 PM
Subject: RE: Tungufljót

Sæll Magnús

Getur þú útvegað mér umsögn Veiðimálastofnunar vegna nýtingaráætlunar sem Fiskistofa hefur staðfest fyrir Stóru_Laxá?

Jör

From: Magnús Jóhannsson [mailto:magnus.johannsson@veidimai.is]
Sent: 27. apríl 2011 14:18
To: jorundur@logbyli.is
Subject: Tungufljót

Sæll Jörundur

Við höfum ekki lokið enn skýrslu okkar vegna Tungufljóts en hér eru nokkrar niðurstöður úr siðarannsóknunum.

Ljós er að alinokkuð uppeldi er af náttúrulegum laxaseiðum á svæðinu en það virðist einkum bundið við Einholtslæk og í Tungufljóti niður af honum.

(sjá frekar hér að neðan).

Bíst við að við leggjum til í okkar skýrslu að svæðið verði búasvæðametið mtt. uppeidlsskilyrða fyrir laxaseiði.

Þar yrði botngerðin metin og síðan þarf að setja út hitamæla til að mæla vatnshita en hann hefur þýðingu vegna þrifa laxaselóa.

Seiðapéttleiki

Þrír árgangar laxaseiða sem metin voru sem náttúruleg fundust. Þau var að finna á öllum þeim stöðum sem kannaðir voru og aðgengilegir eru göngulaxi nema í Tungufljóti við Geysi (stöð 9) og í Litlafljótslæk (stöð 8). Mestur péttleiki laxaseiða var í Tungufljóti neðan við Faxe (135 seiði/100m², stöð 6) og í Einholtslæk neðan Einhólts (132 seiði /100 m², stöð 3). Náttúruleg laxaseiði fundust einnig í allnokkrum mæli í

Til stjórnar Veiðifélags Árneseinga.

17. maí 2011.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar Veiðifélags Árneseinga þá ber deildum að tilkynna hvenær veiði hefst og hvenær henni lýkur.

Það tilkynnist hér með að veiði í Stóru-Laxá sumarið 2011 hefst á svæði 1 og 2 þann 7. júlí og lýkur 30. september sem er alls 85 dagar.

Á svæði 3 hefst veiði 24. júní og lýkur 30. september sem er alls 92 dagar.

Á svæði 4 hefst veiði 24. júní og lýkur 30. september sem er alls 92 dagar.

Á öllum svæðum má einungis veiða á flugu. Einungis má hirða 1 lax á dag á stöng á svæðum 1,2 og 3 og skylt að sleppa öllum laxi á svæði 4. Á öllum svæðum er skylt að sleppa laxi yfir 70 cm.

Samkvæmt nýtingaráætlun Stóru-Laxárdeildar sem Fiskistofa hefur staðfest er okkur heimilt að nýta allt að 105 daga.

Esther Guðjónsdóttir formaður Stóru-Laxárdeildar VÁ.
Sólheimum
845 Flúðir



22

Jörundur Gauksson

From: Óðinn Sigbórsson [odin@simnet.is]
Sent: 3. mars 2012 13:22
To: Jörundur Gauksson
Subject: Re: veiðifélagsmál

Sæll Jörundur

Starfshópur ráðuneytisins um endurskoðun reglugerða og lagaákvæðis um deildir í veiðifélögum hefur lagt til við ráðherra að ekki verði ráðist í lagabreytingar að svo komnu máli. Við teljum að málið þurfi lengri undirbúning en kostur er á nú á vörþingi og þetta þurfi að ræða betur á vettvangi veiðimála til að skapa megi sátt um þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera.

Hvernig væri að þú takir þetta mál til meðferðar á aðalfundi í veiðifélaginu? Ég er tilbúinn að mæta þar til að fara yfir þessi mál. Þá held ég að það væri gott að Árni Ísaksson væri þar til svara líka.

Besta kveðja

Óðinn Sigbórsson

----- Original Message -----

From: "Jörundur Gauksson" <jorundur@logbyli.is>
To: "'Óðinn Sigbórsson'" <odin@simnet.is>
Sent: Monday, February 27, 2012 2:17 PM
Subject: RE: veiðifélagsmál

Sæll Óðinn

Meðfylgjandi eru sjónarmið stjórnar VÁ

Kveðja, Jörundur

-----Original Message-----

From: Óðinn Sigbórsson [<mailto:odin@simnet.is>]
Sent: 19. febrúar 2012 19:34
To: jorundur@logbyli.is
Subject: Re: veiðifélagsmál

Gerum það

----- Original Message -----

From: <jorundur@logbyli.is>
To: "Óðinn Sigbórsson" <odin@simnet.is>
Sent: Sunday, February 19, 2012 5:47 PM
Subject: Re: veiðifélagsmál

- > Sæll
- >
- > Ég skal skjótast í bæinn. Eigum við ekki að heyrats í síma í fyrramálið
- >
- > Kveðja, Jörundur
- > 892-0372

>
>
> On Sat, 18 Feb 2012 22:11:12 -0000
> Óðinn Sigbórsson <odin@simnet.is> wrote:
>> Skilafrestur hjá mér er 15 mars þannig að málið þarf að vinnast frekar
>> hratt
>> Held að það væri ekki verra að við ættum samtál áður en þú hittir
>> stjórnina.
>> kv/ós
>>
>> ----- Original Message ----- From: <jorundur@logbyli.is>
>> To: "Óðinn Sigbórsson" <odin@simnet.is>
>> Sent: Saturday, February 18, 2012 8:34 PM
>> Subject: Re: veiðifélagsmál
>>
>>
>>> Sæll Óðinn
>>>
>>> Ég er byrjaður að undirbúa þær tillögur sem ég atlaði að vinna áfram með

>>> stjórn VÁ. Hef stefnt að fundi í eftir rúma viku
>>>
>>>
>>> Væri ekki betra að hittast eftir það?
>>>
>>>
>>> kveðja, Jörundur
>>>
>>>
>>>
>>>
>>> On Fri, 17 Feb 2012 22:29:08 -0000
>>> Óðinn Sigbórsson <odin@simnet.is> wrote:
>>>> Sæll Jörundur
>>>>
>>>> Gætir þú hitt mig á skrifstofunni í Bændahöllinni eftir helgina?, og
>>>> kannski Kjartan líka
>>>>
>>>> Langar til að spjalla við ykkur í framhaldi af fundi um daginn
>>>>
>>>> kveðja Óðinn S
>>>
>>
>

